

UMHVERFI**TOC**

VIÐAUKI 27:41 A	AÐLÖGUNARTEXTI - 2000/76/EB
VIÐAUKI 27:41 B	TOC 1991 URÐUN
VIÐAUKI 27:56 A	YFIRLIT YFIR FRIDLÝST SVÆÐI
VIÐAUKI 27:56 B	KORT AF FRIDLÝSTUM SVÆÐUM Á ÍSLANDI
VIÐAUKI 27:61	LÖG UM HVALVEIÐAR
VIÐAUKI 27:101	TOC 1991 STAÐLABLAÐ OG EYÐUBLAÐ 1 2003/87/EB
VIÐAUKI 27:102	TOC 90/219 OG 90/220

27. kafli: Umhverfi

Umhverfisstefna ESB miðar að því að stuðla að sjálfbærri þróun og vernda umhverfið fyrir hönd núlifandi og komandi kynslóða. Stefnan byggir á forvörnum, mengunarbótareglunni, baráttu gegn umhverfisspjöllum við upptök þeirra, sameiginlegri ábyrgð og samþættingu umhverfisverndar við önnur stefnumál ESB. Gerðirnar fela í sér yfir 200 meiriháttar lagasetningar um bæði lárétta löggjöf og löggjöf fyrir atvinnugreinar (loftmengun, vatnsvernd og stjórnun, meðhöndlun úrgangs, vernd náttúrunnar og líffræðilega fjölbreytni, eftirlit með iðnaðarmengun og áhættustýringu, iðefni, erfðabreyttar lífverur, hávaða o.s.frv.). Framkvæmd og fylgni við gerðirnar krefst talsverðra fjármuna. Sterk og vel búin stjórnvöld á lands- og sveitarstjórnarstigi eru nauðsynleg til að beita og framfylgja umhverfisgerðunum.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið mælir þegar fyrir um sértækar skuldbindingar á sviðum sem þessi kafli nær til. Vinsamlegast vísið til stöðu framkvæmdar á slíkum skuldbindingum þegar spurningunum hér að neðan er svarað.

Skýring á tilvísunum í lög og peningavirði

Íslensk lög, reglugerðir (ásamt annarri afleiddri löggjöf) og sáttmálar eru birt í Stjórnartíðindum¹. Sameinaða útgáfu gildandi laga er að finna á vefsíðu Alþingis.² Sameinaða útgáfu gildandi reglugerða er að finna á vefsíðu ríkisstjórnarinnar.³ Peningavirði eru gefin í íslenskum krónum (ISK) með virði í evrum í neðanmálgrein á genginu EUR 1 = 180 kr., námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009 (nema annað sé tekið fram). Hafa skal þó í huga að opinbert gengi krónunnar hefur á síðustu árum sveiflast frá undir kr. 70 í yfir kr. 180 fyrir evru (meira ef miðað er við gengi banka innan ESB). Gengi evru getur því gefið ónákvæma mynd, en það fer eftir því hvenær viðskiptin fóru fram.

Inngangur

Ísland hefur skuldbundið sig til að framkvæma löggjöf ESB á þeim sviðum sem fjallað er um í EES-samningnum. *Reglur um umhverfið er að finna víðs vegar í EES-samningnum, aðallega í viðaukum II og XX.* Atriði á sviði umhverfis sem eru utan gildissviðs EES-samningsins eru aðallega þau sem varða náttúruvernd. Í þeim svörum sem fylgja er oft vísað til ESB-löggjafar sem hefur verið framkvæmd eða innleidd í lög samkvæmt skuldbindingum EES-samningsins.

I. ALMENN STEFNA**1. eru einhver ákvæði í stjórnarskrá sem tengjast umhverfisvernd og/eða sjálfbærri þróun?**

Engin slík ákvæði eru í stjórnarskrá lýðveldi Íslands nr. 33/1944.

2. Er til staðar almenn rammalöggjöf um umhverfisvernd sem liggur til grundvallar annarri umhverfislöggjöf?

Íslensk lagahefð byggir ekki á almennri rammalöggjöf sem önnur löggjöf styðst við. Ekki er því um almenna umhverfislöggjöf að ræða heldur verndarlöggjöf á hverju sviði fyrir sig eins og á sviði mengunarmála, náttúruverndar, stjórnun villtra dýrategunda o.s.frv.

3. Hverjar eru þær meginreglur sem eru stoðir umhverfislöggjafar (t.d. mengunarbótareglan, varúðarreglan o.s.frv.)?

Þau meginsjónarmið sem helst er stuðst við samningu umhverfislöggjafar, er að löggjöfin stuðli að sjálfbærri þróun, sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og að hún dragi eftir megni úr neikvæðum áhrifum athafna mannsins á umhverfið. Stefnt er að því að þessum markmiðum sé náð fram með því að leitast við að útfæra meginreglur umhverfisréttar í löggjöf, eins og varúðarregluna, mengunarbótaregluna og regluna um lausn umhverfisvandamála við upptök sem samþykktar voru á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiro um umhverfi og þróun 1992.

¹ www.stjornartidindi.is

² www.althingi.is

³ <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/forsida>

4. Er til staðar langtíma landsáætlun um verndun umhverfisins og/eða stefnumörkun fyrir landið allt um sjálfbæra þróun? Er þessi áætlun skilmerkilega framkvæmd? Hvers konar ráðstafanir tengdar stofnunum hafa verið gerðar í þessum málefnum (t.d. ráðgjafarnefnd um sjálfbæra þróun)?

Ríkisstjórnin kunngerði árið 2002 landsáætlun um sjálfbæra þróun sem nefndist „Velferð til framtíðar“ og myndar ramma fyrir aðgerðir ríkisstjórnar á tímabilinu 2002-2020.⁴ Áætlunin var þróuð með víðtæku samráði margra ráðuneyta, hagsmunaaðila og samfélagsins. Hún inniheldur 17 markmið varðandi málefni umhverfisins og sjálfbæra notkun náttúruauðlinda, auk aðgerðaáætlunar um forgangsröð til að ná hverju markmiði. Aðgerðaáætlunin er endurskoðuð fjórða hvert ár í tengslum við svokölluð umhverfisþing, þar sem fulltrúar stjórnvalda og hagsmunaaðila koma saman. Á sjötta umhverfisþinginu, sem á að halda í október 2009, verða ræddar tillögur um nýja forgangsröð fyrir tímabilið 2010-2013. Ráðherranefnd um samhæfingu sjálfbærrar þróunar, undir forystu umhverfisráðuneytisins, hefur umsjón með áætluninni og framkvæmd hennar.

5. Er til staðar raunveruleg aðgerðaáætlun í umhverfismálum með skammtíma markmið og markmið til meðallangs tíma, upplýsingar um hvort fyrir hendi séu fjárveitingar og annað sem þarf til að ná markmiðunum og tímaáætlun? Er áætlunin tengd umhverfisgerðum ESB? Hvernig er fylgst með framkvæmd hennar?

Landsáætlunin um sjálfbæra þróun sem lýst er hér að ofan er það sem kemst næst því að vera heildstæð *aðgerðaáætlun í umhverfismálum* á Íslandi. Hún inniheldur skammtíma- og langtímamarkmið um:

- Hreint loft
- Hreint ferskvatn
- Örugg matvæli
- Umhverfi án hættulegra efna
- Útivist í sátt við náttúruna
- Varnir gegn náttúruvá
- Vernd lífríkis Íslands
- Verndun sérstæðra jarðmyndana
- Vernd óbyggða
- Sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins
- Sjálfbæra gróðurnýtingu og uppgræðslu lands
- Aukna notkun endurnýjanlegrar orku
- Minnkun og bættu meðhöndlun úrgangs
- Hrein úthöf
- Mótvægi við loftslagsbreytingar

⁴ Áætlunin er aðgengileg á ensku á slóðinni: http://eng.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Sjalfbbar__roun_enska.pdf

- Vernd ósonlagsins
- Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Í þessari landsáætlun er ekki gert ráð fyrir fjármunum samkvæmt fjárlögum; fjárveitingar samkvæmt fjárhagsáætlunum er aðeins að finna í settum lögum, en þær teljast vera skuldbindingar um útvegum fjármuna samkvæmt fjárlögum ríkisins. Gróflegar tímalínur varðandi aðgerðir eru gefnar til kynna, beint eða óbeint, þar sem aðgerðahluti áætlunarinnar er uppfærður á fjögurra ára fresti. Áætlunin um sjálfbæra þróun er ekki alhliða áætlun samkvæmt umhverfisgerðum ESB, en á lista forgangsáðgerða er oft vísað til lykillaga sem á að framkvæma með EES-samningnum og helstu ákvæða sem felast í þeim.

Auk áætlunarinnar um sjálfbæra þróun eru nokkrar landsáætlanir um sértæk málefni, þar á meðal loftslagsbreytingar, náttúruvernd, líffræðilega fjölbreytni, varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum og meðhöndlun úrgangs. Þessar áætlanir eru breytilegar hvað snertir uppbyggingu þeirra, stöðu og sértæki.

Til þess að áætlunin geti uppfyllt hlutverk sitt er mjög mikilvægt að eftirfylgni og regluleg endurskoðun beri árangur. Samráð bæði innan ríkisstjórnar og við aðila utan hennar er lykilatriði í eftirfylgninni. Áætlunin er að endurskoða áætlunina á fjögurra ára fresti í tengslum við umhverfisþing. Frekari upplýsingar um mótun og framkvæmd áætlunarinnar eru aðgengilegar á ensku.⁵

6. Hvernig tryggir þið að umhverfislöggjöf ykkar og stefnumál séu samstíga við umhverfislöggjöf ESB? Hverjir eru helstu örðugleikarnir sem við er að eiga?

Umhverfislög ESB sem eru hluti af EES-samningnum eru framkvæmd/innleidd í lög samkvæmt grein 7 í EES-samningnum. Löggjöf ESB um náttúruvernd og dýravernd er hins vegar að mestu utan EES-samningsins.

Ísland hefur þannig með aðild sinni að EES-samningnum undirgengist skuldbindingar á sviði umhverfismála, en löggjöf Evrópusambandsins á sviði náttúru- og dýraverndar, fellur að mestu utan gildissviðs EES-samningsins. Ef Ísland gerist aðili að ESB er því nauðsynlegt að greina hvaða skyldur aðild að ESB hefði í för með sér á þessum sviðum á Íslandi. Gerð er almenn grein fyrir löggjöf landsins á sviði náttúruverndar, verndar villtra dýra og dýraverndar til samanburðar við löggjöf Evrópusambandsins á því sviði í svörum við kafla II. Sectoral policies, kafla E. Protection og Nature, Biodiversity, Forest and Soil. Meginmunur löggjafar ESB og Íslands á þessu sviði er m.a. sá að ekki er skylt skv. íslenskum lögum að gera vistgerðarkort og vinna að kerfisbundinni uppbyggingu á neti verndarsvæða eins og kveðið er á um í Bird directive og Habitats directive.

7. Hve mikið hefur verið fjárfest undanfarin þrjú ár í umhverfinu og innviðum til að standast ákvæði umhverfisgerðarinnar? Hver eru framtíðaráform ykkar um fjárfestingar?

Heildarfjárlagarammi umhverfisráðuneytisins hefur þróast þannig undanfarin þrjú ár á verðlagi hvers árs:

Árið 2007	4.950,8 m.kr.
Árið 2008	6.166,8 m.kr.

⁵ http://eng.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Sjalftar__roun_enska.pdf

Árið 2009 6.631,8 m.kr.

Árið 2008 fluttust tvær stofnanir og hluti þeirrar þriðju til umhverfisráðuneytisins ásamt fleiri fjárlagaliðum frá öðrum ráðuneytum. Við þessa breytingu hækkaði heildarfjárlagarammi ráðuneytisins umtalsvert. Hækkanir fjárheimilda til málaflokksins þróuðust með eftirfarandi hætti á verðlagi hvers árs milli árana 2006 og 2009 að teknu tilliti til breytinga vegna tilflutnings stofnana, svo og þróun markaðra tekna Úrvinnslusjóðs og Endurvinnslunnar hf.:

Milli árana 2006 og 2007: 259,9 m.kr.

Milli árana 2007 og 2008: 434,8 m.kr.

Milli árana 2008 og 2009: 307,6 m.kr.

Framtíðarþróun fjárheimilda er í þróun og byggir á framtíðarstefnumörkun ríkisstjórnar sem er að finna í samstarfsáætlun hennar. Efnahagshrunið á Íslandi s.l. haust hefur tafið fyrir ákvarðanatöku hvað framtíðarfjárheimildir varðar.

8. Lýsið í smáatriðum (einnig fjölda starfslíðs) þeim stjórnsýslueiningum (ráðuneytum, stofnunum o.s.frv.) sem bera ábyrgð á að leiða í lög, framkvæma og framfylgja umhverfislöggjöf og stefnu á landsvísu og á svæðisvísu. Hvernig er ábyrgðinni deilt varðandi það að ná settum markmiðum á mismunandi sviðum (vatn, úrgangur, náttúruvernd, skógar o.s.frv.) og hvernig er samþæfing tryggð? Gerið grein fyrir áætlunum um að þróa og styrkja afköst stjórnsýslunnar.

Stjórnsýsla á Íslandi er annars vegar á hendi ríkisins, þ.e. ráðuneyta og þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytin og sveitarfélög landsins sem er stýrt af kjörnum fulltrúum og þeim stofnunum og eftirlitsaðilum sem heyra undir sveitarfélögin. Í landinu eru 78 sveitarfélög. Stjórnsýslustigin eru því tvö á Íslandi, ríkisvald og sveitarstjórnarvald, en ekkert millistjórnsýslustig er fyrir hendi.

Þau stjórnvöld sem hafa það hlutverk að undirbúa að setja löggjöf og reglugerðir á sviði umhverfismála eru ráðuneytin og jafnframt er ýmis stefnumörkun á sviði umhverfismála unnin á vegum ráðuneyta en einnig á vegum sveitarfélaga. Þau ráðuneyti sem einkum fjalla um umhverfismál í víðasta skilningi eru umhverfisráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið. Almenn ábyrgð á umhverfismálum er hins vegar hjá umhverfisráðuneytinu, sem er með 32 starfsmenn.

Stofnanir sem heyra undir þessi ráðuneyti einkum á sviði umhverfisráðuneytisins fara með framkvæmd þeirra reglna sem settar hafa verið af ráðuneytum. Umhverfisstofnun sem er helsta stjórnsýslustofnun umhverfisráðuneytisins veitir m.a. leyfi vegna megnandi starfsemi og vegna markaðssetningu og dreifingu erfðabreyttra lífvera. Þær stofnanir umhverfisráðuneytisins sem annars fara með framfylgd umhverfislöggjafar eru Brunamálstofnun, Landgræðsla ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóður, Vatnajökulsþjóðgarður og Veðurstofa Íslands.

Sveitarfélög fara með framkvæmd viðamikilla málaflokka á sviði umhverfismála innan sveitarfélaga. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gefa út starfsleyfi fyrir tiltekinn atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og hafa reglubundið mengunareftirlit með þeirri starfsemi. Heilbrigðisnefndir sjá m.a. um sýnatöku og eftirlitsmælingar vegna mengunar. Sveitarfélög taka líka ákvarðanir um landnotkun í samræmi við skipulags- og byggingarlög, og hvort veita eigi framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda.

(Ath.: Eftirfarandi texti er einnig svar við spurningu 27: 9)

Skipting einstakra málaflokka milli stofnanna eru þessi:

- Brunamálastofnun hefur á hendi eftirlit með öllum brunavörnum og brunamálum í landinu. Stofnunin skal hlutast til um að farið sé í hvívetna eftir lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál. Þar starfa 16 manns.
- Landgræðsla ríkisins vinnur að stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar, endurheimt landgæða, gróðurvernd og gróðureftirliti. Ennfremur að rannsóknum og þróun á þessu sviði og fræðslu. Hjá Landgræðslunni starfa 20 manns.
- Hlutverk Landmælinga Íslands er að afla, vinna úr, geyma og miðla landfræðilegum gögnum og upplýsingar um Ísland með þeim gæðum sem samfélagið, fyrirtæki og einstaklingar hafa þörf fyrir á hverjum tíma. Hjá stofnunni starfa 29 manns.
- Náttúrufræðistofnun Íslands stundar undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasfræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru landsins. Hún vinnu m.a. að flokkun vistgerða landsins þar sem unnið er að skilgreiningum og flokkun vistgerða. Stofnunin skal varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru landsins. Hjá stofnuninni starfa 50 manns.
- Skipulagsstofnun hefur eftirlit með framkvæmd skipulagslaga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, veitir ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál, sér um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og að stuðla að innbyrðis samræmi þeirra, og að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og umhverfismati áætlana. Hjá Skipulagsstofnun starfa 21 maður.
- Skógrækt ríkisins vinnur að rannsóknum, þróun, ráðgjöf og þekkingarmiðlun á sviði skógræktar. Hjá Skógræktinni starfa 47 manns.
- Umhverfisstofnun ber að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Stofnunin fer með viðamikil stjórnsýsluhlutverk á sviði umhverfismála, en þeir málaflokkar sem heyra undir stofnunina eru mengunarmál, m.a. vatn, úrgangur, hollusta og öryggi, náttúruvernd og þjóðgarðar, dýravernd, Cites, veiðistjórnun, líffræðileg fjölbreytni og erfðabreyttar lífverur. Stofnunin hefur viðamiklu hlutverki að gegna á sviði EES-samningsins, m.a. er varðar innleiðingu EES gerða. Hjá Umhverfisstofnun starfa 66 manns.
- Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds sem lagt hefur verið á margar vörur og ráðstöfun þess. Hann skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs og stuðla að aukinni endurvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð. Þetta er m.a. gert með því að leggja úrvinnslugjald á þessar vörur við markaðssetningu þeirra.
- Vatnajökulþjóðgarður fer með stjórn þjóðgarðsins sem mælist um 13% af flatarmáli Íslands, rekur gestastofur hans, sinnir landvörslu og veitir gestum þjóðgarðsins fræðslu og þjónustu. Hjá stofnuninni starfa fastráðnir starfsmenn og landverðir ráðnir tímabundið.
- Hlutverk Veðurstofu Íslands er að annast veðurþjónustu á landi og sjó og í lofti, auk þess að vakta snjóflóð, hafís og jarðskjálfta. Veðurstofan stundar rannsóknir á veðurfari landsins og veitir stjórnvöldum ráðgjöf í þeim málaflokkum sem starfsemi stofnunarinnar nær yfir. Hjá Veðurstofu Íslands starfa 119 manns.

Þær stofnanir sem vinna að umhverfismálum hafa samráð og samvinnu á ýmsum sviðum enda er það nauðsynlegt þar sem verkefni stofnanna hafa víðtæka snertifleti. Varðandi stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti sem fara með rannsókni og leyfisveitingar á sviði umhverfismála eru það einkum Orkustofnun sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið og Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnunin sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytið. Þá fara Umferðarstofa á vegum samgönguráðuneytisins og Vinnueftirlit er heyrir undir félagsmálaráðuneytið einnig með verkefni sem tengjast umhverfismálum.

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að því að skoða uppbyggingu stofnana ráðuneytisins, með það í huga að tryggja sem best virka stjórnýslu og markvissan árangur í umhverfismálum og verkefnum ráðuneytisins. Ein þeirra leiða sem rætt hefur verið um er sú hvort ná megi fram aukinni hagræðingu með sameiningu opinberra stofnana jafnframt því að styrkja þær og skýra verkaskiptingu. Ráðuneytið hefur því látið kanna möguleika á frekari sameiningu stofnanna ráðuneytisins og einnig við stofnanir annarra ráðuneyta eða flutning verkefna innan ríkiskerfisins ef þau gætu orðið til að styrkja stjórnýslu umhverfismála. Ráðgjafafyrirtæki vinnur að skýrslu fyrir ráðuneytið um þetta verkefni og er von á tillögum þess í september 2009.

9. Hvernig er ábyrgðinni deilt varðandi mismunandi svið (vatn, úrgangur, náttúruvernd, skógar o.s.frv.) og hvernig er samhæfing tryggð? Gerið grein fyrir áætlunum um að þróa og styrkja afkastagetu stjórnýslunnar.

Sjá spurningu 27:8.

10. Eru til staðar ákvæði í löggjöf og fjárheimildir til þjálfunar starfsfólks stjórnýslunnar á sviði umhverfis?

Almennt er ekki er mælt fyrir í lögum um þjálfun starfsmanna sem vinna að umhverfismálum. Örfáar undantekningar varða m.a. landverði og starfsmenn heilbrigðiseftirlits. Ríkar kröfur eru gerðar til stjórnenda og annarra starfsmanna hvað menntun og aðrar hæfiskröfur varðar. Ekki er um að ræða fjárheimildir sem sérstaklega eru eyrnamerkar til þjálfunar starfsmanna.

Hversu erfitt er að finna starfsfólk með tilskilda starfsmenntun?

Fremur auðvelt er að ráða hæft starfsfólk með viðeigandi menntun til starfa þar sem mikið framboð er af vel menntuðu og hæfu fólki á sviði umhverfismála.

Hversu erfitt er að finna hæft starfsfólk til að veita þjálfunina?

Að sama skapi er auðvelt að fá fært starfsfólk til að annast þjálfun stjórnenda og starfsmanna.

11. Hvernig er eftirliti háttáð með fylgni við umhverfislöggjöf og stöðu umhverfisins?

Stofnanir undir umhverfisráðuneytinu hafa víðtæku hlutverki að gegna í eftirliti með fylgni við umhverfislöggjöf. Hlutverk þeirra er að tryggja fylgni með því að gefa út leyfi, fylgjast með mengandi aðgerðum og friðlýstum svæðum, framkvæma þvingunarúrræði og ákveða dagsektir eða aðrar ráðstafanir. Í löggjöf um umhverfisvernd er að finna ákvæði um viðurlög eða refsingar við brotum á ákvæðum viðkomandi laga. Sveitarfélög hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna við eftirlit með fylgni við umhverfislöggjöf og stöðu umhverfisins. Þau veita leyfi fyrir mengandi aðgerðum og framkvæmdum sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Sveitarfélög hafa einnig eftirlitshlutverki að gegna varðandi slíkar framkvæmdir. Að neðan eru nákvæmari upplýsingar um hlutverk hverrar stofnunar hvað þetta varðar. Þetta er hins vegar ekki tæmandi lýsing.

Helsta leiðin til að hafa eftirlit með fylgni við umhverfislöggjöf og stöðu umhverfisins er almennt eftirlit framkvæmt af stofnunum á miðlægu stigi eða staðbundnu stigi. Hér hafa Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga forystu. Úrræði til að framfylgja lögunum eru einnig mikilvæg til þess að tryggja fylgni við umhverfislöggjöf.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru tvenns konar eftirlitsstofnanir: Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Stofnanirnar starfa saman með skipulegum hætti. Helstu verkefni stofnananna eru útgáfa tilskilinna leyfa, eftirlit með fylgni við leyfin, almennt eftirlit, fræðsla og menntun. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að samhæfa aðgerðir heilbrigðiseftirlits í hverju sveitarfélagi. Enn fremur skal stofnunin hafa frumkvæði varðandi nauðsynlegt eftirlit og rannsóknaverkefni sem snerta gildissvið laganna.

Þau ákvæði laganna sem fjalla um hvernig á að framfylgja þeim fela í sér heimild til að áminna, krefjast úrbóta, beita stjórnslusektum og grípa inn í rekstur. Einnig eru í ákvæðunum fyrirmæli um framleiðslulok á vörum. Enn fremur eru ákvæði um refsingar – sektir og fangelsisrefsing allt að fjórum árum fyrir brot á lögum.

Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir framkvæmd samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lögin innihalda ákvæði um fyrirbyggjandi aðgerðir og úrbætur vegna sjávarmengunar og sérstök ákvæði um neyðarviðbrögð vegna mengunar í sjó, bótaábyrgð og framfylgnisaðgerðir eins og tilgreindar eru að ofan.

Skipulagsstofnun skal sjá til þess að mat á umhverfisáhrifum fari fram í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum.⁶ Stofnunin gegnir einnig mikilvægu hlutverki í ferlinu og gefur álit um umhverfisáhrif verkefnisins við lok ferlisins. Stofnunin gegnir einnig mikilvægu hlutverki við leiðsögn um lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ferli um gerð aðalskipulags. Skipulagsstofnun sér þannig til þess að kröfum og skilyrðum varðandi þessi verkefni sé mætt og þær framkvæmdar.

Náttúrufræðistofnun Íslands metur stöðu stofna villtra fugla og spendýra og gerir tillögur til umhverfisráðherra um hvort vernda skuli sérstaka stofna og hvort vissir stofnar séu of óstöðugir til að veiða. Umhverfisráðherra úrskurðar hvort vernda skuli villtar tegundir, aflétta gildandi veiðibanni eða heimila veiðar. Brunamálastofnun ber ábyrgð á eftirliti með öllum brunavörnum og málefnum tengdum brunamálum í sveitarfélögum og vinnur að samþæfingu brunavarna á Íslandi. Brunamálastofnun hefur leiðbeinandi hlutverk gagnvart sveitarfélögum og framkvæmir sjálfstætt mat.

12. Vinsamlegast útlistið fjölda ákæra vegna brota á umhverfislögum og refsinga fyrir slík brot. Vinsamlegast veitið upplýsingar um innheimtu álagðra sekta og viðeigandi tölfræðiupplýsingar varðandi brot á sviði lofts, vatns og úrgangs undanfarin þrjú ár og einnig á öðrum sviðum umhverfismála séu þær fyrir hendi.

Fjöldi ákæra vegna brota á umhverfislögum 2006 – 2009: 10

Hámarksrefsing fyrir umhverfislagabrot: Allt að fjögurra ára fangelsisrefsing fyrir alvarleg umhverfislagabrot.

Fjárhæðir álagðra sekta og tölfræðiupplýsingar um brot á sviði lofts, vatns og úrgangs undanfarin þrjú ár, 2006-2009: Engar slíkar sektir hafa verið lagðar á.

Tölfræðiupplýsingar um brot á sviði lofts, vatns og úrgangs árin 2006-2009: Eitt mál – sakfelling en ekki beitt viðurlögum.

⁶ <http://eng.umhverfisraduneyti.is/legislation/nr/819>

Tölfræðiupplýsingar um brot innan annarra sviða umhverfismála: Á tímabilinu 2006–2009 voru níu ákærur gefnar út vegna ólöglegs aksturs utan vega. Sektum var beitt sem námu á bilinu 10.000–80.000 kr.⁷

13. Hvers konar efnahagsstjórnæki (skattar, gjöld, leyfiskerfi sem versla má með o.s.frv.) eru notuð í þágu umhverfisstefnu? Vinsamlegast gefið upplýsingar um hve stór hluti umhverfisskatta er af heildarskattlagningu og vergri landsframleiðslu. Vinsamlegast áætlið hve háu prósentuhlutfalli vergrar landsframleiðslu er eytt í umhverfisvernd.

Í textanum að neðan er efnahagsstjórnækjum umhverfisstefnu lýst í aðskildum liðum með skáletri.

Endurvinnslugjöld

Endurvinnslugjöld eru lögð á þær framleiðsluvörur sem tilgreindar eru í lögunum til að fjármagna söfnun þeirra, flutning, endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun. Endurvinnslukerfið fyrir einnota drykkjarumbúðir er aðskilinn hluti af endurvinnslukerfinu. Skilagjald að upphæð 12 kr.⁸ er lagt á hvert ílát við innflutning eða framleiðslu og greitt þegar ílátinu er skilað.

Endurvinnslugjöld (í ISK) á ýmsar framleiðsluvörur, 2009:

Öskjur	10,00/kg
Pappír	10,00/kg
Heyrúlluplast	25,00/kg
Einnota drykkjarílát úr lituðu plastefni	1,80/ílát
Einnota drykkjarílát úr ólituðu plastefni	0,76/ílát
Einnota drykkjarílát úr gleri, stærri en 500 ml	2,50/ílát
Einnota drykkjarílát úr gleri, minni en 500 ml	1,80/ílát
Einnota drykkjarumbúðir úr stáli	3,40/ílát
Einnota drykkjarílát úr stáli, áli, gleri og plastefni	7,23/ílát

Árið 2008 námu endurvinnslugjöld 1.294 milljónir kr.,⁹ 0,09% af vergri landsframleiðslu, 0,4% af heildarskatttekjum.

Spilliefnagjald

Árið 1997 var komið á kerfi spilliefnagjalda fyrir sölu á ýmsum framleiðsluvörum til að fjármagna söfnun, endurvinnslu og meðferð eittraðs úrgangs.

⁷ EUR 56 - 444 (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

⁸ EUR 0,07 (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

⁹ EUR 7,19 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Spilliefnagjöld (í ISK) á ýmsar framleiðsluvörur, 2009:

Alkalíraflöður, hnappлага	2,50 hver
Raflöður sem innihalda síru	19,00/kg
Raflöður sem innihalda kvikasilfur, nikkell eða kadmíum	101,00/kg
Raflöður í verkfærum	104,50 – 1.672,00/raflöðu
Raflöður í straumbreytum	19,00/kg
Sýrulausar raflöður	26,60/kg
Halógenefnasambönd	130,00/kg
Ísósýanöt	1,50/kg
Kvikasilfurssambönd	900,00/kg
Olíusambönd önnur en eldsneyti	14,50/kg
Olímálning	20,00/kg
Lífræn leysiefni	3,00/kg
Önnur ljósmyndaefnaframleiðsla	408,00/kg
Ljósmynda- og prentefni	51,00–408,00/kg
Prentlitir	34,00/kg
Kælivökvar	2,50/kg
Rotvarnarefni	3,00/kg
Efni til meðhöndlunar á timbri	3,00/kg

Árið 2008 námu spilliefnagjöld kr. 567 milljónir,¹⁰ 0,04% af vergri landsframleiðslu, 0,2% af heildarskatttekjum.

Skilakerfi vegna förgunar ökutækja

Auk endurvinnslugjalds tók skilakerfi fyrir förgun ökutækja gildi árið 2003 við framkvæmd laga nr. 162/2002. Ökutækið verður að afskrá formlega á prófunarstöð eða skráningarstofu bifreiða til að gjaldið verði ekki tekið.

Skattar á ökutæki og eldsneyti

Þrjár tegundir skatta á ökutæki og vörugjalda eru lagðar á eldsneyti til flutninga.

¹⁰ EUR 3,15 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Vörugjald er lagt á innflutt ökutæki (engin innlend framleiðsla er til staðar) samkvæmt eftirfarandi kerfi:

Vörugjald á einkabíla. Prósentuhlutfall tollverðs:

Rúmtak vélar (cm ³)	Vörugjald
0-2000	30%
> 2000	45%

Hægt er að veita undanþágu frá vörugjaldi eða lækka það í eftirfarandi tilfellum, stundum undir vissum skilmálum eins og sýnt er hér að neðan.

Lækkun/undanþága frá vörugjaldi:

Leigubílar og bílaleigubílar	Frá 30% til 10% eða frá 45% til 13%
Bílar sem eru knúnir að hluta af rafmagni eða metani	Gjaldið er lækkað um ISK 240.000

Árið 2008 námu tekjur af innflutningsgjöldum kr. 6.826 milljónir,¹¹ 0,5% af vergri landsframleiðslu og 1,9% af heildarskatttekjum.

Olúgjald og förgunargjald á vélknúin ökutæki

Olúgjald er lagt á öll ökutæki, án tillits til orkugjafa. Skattur fyrir hvert skattímabil (sex mánuði) er reiknaður eins og hér segir:

- Kr. 8,45 fyrir hvert kg upp að 1.000 kg
- Kr. 11,40 fyrir hvert kg upp að 3.000 kg
- Kr. 2.818,00 fyrir hvert tonn umfram það

Hins vegar skulu neðri mörk heildarskatts vera kr. 4.227 og efri mörk vera kr. 50.976 fyrir hvert skattímabil. Förgunargjald að upphæð kr. 350 er einnig lagt á hvert ökutæki fyrir hvert sex mánaða tímabil. Þegar ökutækinu er skilað til förgunar fær eigandinn kr. 15.000 endurgreiddar.

Árið 2008 voru heildartekjur af olúgjöldum kr. 4.701 milljónir,¹² 0,3% af vergri landsframleiðslu og 1,3% af heildarskatttekjum.

Vörugjöld á eldsneyti

Vörugjöld eru lögð á bensín og díseldsneyti sem er notað til flutninga. Í ágúst 2009 voru vörugjöldin kr. 51,12 á lítra af díseldsneyti og kr. 57,51 á lítra af blýlausu bensíni. Árið 2008 voru heildartekjur af þessum gjöldum kr. 14.658 milljónir,¹³ 1% af vergri landsframleiðslu og 4,1% af heildarskatttekjum.

¹¹ EUR 37,92 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

¹² EUR 26,12 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

¹³ EUR 81,43 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Olíu- og kílómetragjald

Vélknúin ökutæki yfir 10 tonnum að þyngd eru háð sérstöku olíu- og kílómetragjaldi sem reiknað er á grundvelli þyngdar ökutækisins og fjölda ekinna kílómetra. Gjaldið er kr. 0,29/km fyrir 10 tónna ökutæki og kr. 12,89/km fyrir ökutæki sem eru 31 tonn eða meira. Nokkrar undanþágur eru frá þessu gjaldi fyrir ökutæki sem eru að mestu kyrrstæð. Árið 2008 voru tekjur af olíu- og kílómetragjaldi kr. 1.028 milljónir,¹⁴ 0,1 % af vergri landsframleiðslu og 0,3% af heildarskatttekjum.

Umhverfisskattar

Árið 2008 námu umhverfisskattar samtals kr. 29.074 milljónum,¹⁵ 2,0% af vergri landsframleiðslu og 8,2% af heildarskatttekjum.

Umhverfisvernd

Árið 2008 námu ríkisútgjöld vegna umhverfisverndar kr. 5.395 milljónum,¹⁶ 0,4% af vergri landsframleiðslu.

14. Er eitthvert kerfi til staðar þar sem tekið er tillit til umhverfisverndar við mótun annarra stefnumála, sérstaklega landbúnaðarstefnu, iðnaðarstefnu, orkustefnu og stefnu í flutningamálum í samræmi við 6. grein EB-sáttmálans?

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006 segir að markmið laganna sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Þetta er gert með því að meta umhverfisáhrif af tilteknum áætlunum á vegum stjórnvalda. Þar er um að ræða áætlanir sem marka stefnu um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og áætlanir um hvernig land skuli notað, skipulagsáætlanir. Með þessum lögum var innleidd tilskipun 2001/42/EB frá 27. júní 2001 (SEA).

15. Hvaða alþjóðlegir samningar varðandi umhverfisvernd hafa verið undirritaðir og hverjir hafa verið fullgiltir af hálfu þjóðarinnar?

Ísland er aðili að eftirfarandi alþjóðlegum samningum um umhverfisvernd:

Loftgæði og loftslag

- Vínarsamningur um vernd ósonlagsins ásamt Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins
- Samningurinn um loftmengun sem berst langar leiðir (LRTAP)
- Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC)

Náttúruvernd

- Alþjóðasamþykkt um fuglaverndun

¹⁴ EUR 5,71 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

¹⁵ EUR 161,53 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

¹⁶ EUR 29,97 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

- Ramsar-samningurinn um votlendi
- Bernarsamningurinn um vernd plantna og dýra og búsvæða þeirra í Evrópu
- Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (CBD)
- CITES - Samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingarhættu
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar (CCD)

Höf

- Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973, eins og honum var breytt með Bókuninni frá 1978 (MARPOL 73/78)
- Lundúnasamningurinn um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (London Convention 1972)
- Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR)
- Alþjóðasamningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um (OPRC)
- Norrænn samningur um samvinnu í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna (opinbert heiti: *Nordisk aftale om samarbejde vedrørende bekæmpelse af forurening af havet med olie og andre skadelige stoffe*)
- Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun
- Bókun um breytingu á alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, með breytingum frá 2000
- Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1992

Íðefni og úrgangur

- Stokkhólmssamningurinn um þrávirk lífræn efni
- Samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra
- Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (Basel-samningurinn)

16. Hefur landið skilað skýrslu til nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD) um innleiðingu Staðardagskrár 21?

Ísland hefur reglulega skilað skýrslum til nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þær er að finna á vefsíðu nefndarinnar og eru fáanlegar hjá umhverfisráðuneytinu samkvæmt beiðni.

17. Getið þið lýst framlagi þjóðarinnar á sviði rannsóknar- og þróunarstarfs í umhverfismálum (t.d. fjárframlagi til landsstofnana o.s.frv.)?

Nokkrar ríkisstofnanir sinna rannsóknar- og þróunarstarfi í umhverfismálum undir umhverfisráðuneytinu og öðrum ráðuneytum. Tvær lykilstofnanir undir umhverfisráðuneytinu fjalla um rannsóknir í umhverfismálum, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofan. Náttúrufræðistofnun Íslands er opinber stofnun sem framkvæmir fjölbreyttar rannsóknir og eftirlit. Stofnunin stjórnar grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum á sviði náttúrufræði á Íslandi, með áherslu á grasafraði, vistfræði, flokkunarfræði, jarðfræði og dýrafræði. Hún viðheldur fræðilegum sýnasöfnum og gagnagrunnum, safnar heimildum um náttúrusögu Íslands og rekur íslenska fuglamerkingarkerfið. Veðurstofa Íslands sinnir rannsóknum og hefur eftirlit með veðri, loftslagi, vatnafræði, skjálftavirkni og flóðum.

Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn er lítil rannsóknarstofnun sem rannsakar hið einstaka og frjóa vistkerfi *Mývatns*, þar sem fuglalíf er afar fjölbreytt. Umhverfisstofnun, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og Landmælingastofnun sinna öll rannsóknum og eftirliti í einhverjum mæli. Allar þessar stofnanir heyra undir umhverfisráðuneytið. Undanfarin ár hefur ráðuneytið stutt litlar rannsóknareiningar sem reknar eru af sjö einstökum sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun.

Hafrannsóknastofnunin heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og sinnir ýmsum hafrannsóknum. Stofnunin leggur ráðuneytinu í té vísindaráðgjöf á grundvelli rannsókna sinna á sjávarauðlindum og umhverfinu. Hafrannsóknastofnunin starfar aðallega á eftirfarandi þremur sviðum: 1) að gera rannsóknir á hafrýminu umhverfis Ísland og lifandi auðlindum þess; 2) að vera ríkisstjórninni til ráðgjafar um aflastig og verndarráðstafanir; 3) að upplýsa ríkisstjórnina, sjávarútveginn og almenning um hafið og lifandi auðlindir þess.

Veiðimálastofnun er stofnun undir umhverfisráðuneytinu sem sinnir rannsóknum og stjórnun á ferskvatnsveiðum.

Nýsköpunarmiðstöð er leiðandi stofnun í tæknilegum rannsóknum og þróun á Íslandi. Hluti af starfi hennar er á sviði umhverfistækni, meðal annars vinna með endurnýjanlega orku.

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) styður rannsóknir, fræði rannsókna, tækniþróun og nýsköpun á Íslandi. Rannís vinnur náið með Vísinda- og tækniráði og leggur faglega aðstoð af mörkum til mótunar og innleiðingar stefnu í vísindum og tækni á Íslandi. Rannís stjórnar samkeppnissjóðum og markáætlunum. Miðstöðin hefur einu sinni stýrt markáætlun um hugtakið sjálfbæra þróun.

Helstu samkeppnissjóðir og markáætlanir undir stjórn Rannís höfðu eftirfarandi árlegar fjárveitingar fyrir árið 2009:

- Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís): Kr. 815 milljónir¹⁷
- Tækjasjóður: Kr. 115 milljónir
- Tækniþróunarsjóður: Kr. 690 milljónir
- Rannsóknarnámssjóður: Kr. 100 milljónir
- Nýsköpunarsjóður námsmanna: Kr. 50 milljónir
- Launasjóður fræðirithöfunda: Kr. 13 milljónir
- Markáætlun um öndvegissetur og klasa: Kr. 160 milljónir

¹⁷ EUR 4,53 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

- Markáætlun um erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni: Kr. 160 milljónir

Rannsóknastefna umhverfisráðuneytisins var fyrst gefin út árið 2006. Meðal meginmarkmiða sem þar koma fram eru:

- að skilgreina betur hlutverk ríkisins í söfnun og skráningu grunnagna um náttúru Íslands
- að bæta gagnagrunna um náttúru og náttúrusögu Íslands
- að samhæfa rannsóknir og eftirlit og gera þau markvissari til að þjóna stefnumótun ríkisstjórnarinnar fyrir t.d. loftslagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni, hafmengun og málefni norðurslóða
- að styrkja rannsóknir á loftslagsbreytingum og tengdum málefnum og tengja eftirlitsaðgerðir betur við hnattræn eftirlitskerfi
- að styrkja rannsóknir og þróun á endurnýjanlegri orku og umhverfisvænni tækni
- að styrkja rannsóknir á sviði skjálftavirkni, eldvirkni og jöklafræði til að bæta hamfaraviðbúnað

Loftslagstengdar rannsóknir eru framkvæmdar af ýmsum stofnunum og háskólum og eru ekki samhæfðar náíð. Yfirlit yfir loftslagstengdar rannsóknir á Íslandi var birt í Fjórðu landsskýrslu Íslands til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC). Árið 2008 var birt vísindaleg úttekt á áhrifum loftslagsbreytinga á Ísland sem sérfræðinganevnd vann fyrir umhverfisráðuneytið. Auk hinnar vísindalegu úttektar voru í skýrslunni tillögur um aðgerðir til aðlögunar gagnvart loftslagsbreytingum og um bættu samhæfingu rannsókna og eftirlits með loftslagsbreytingum.

Rannsóknir á hafryminu eru forgangsmatið fyrir Ísland í ljósi legu landsins og efnahagslegs mikilvægis sjávarauðlinda. Botndýr á Íslandsmiðum (BIOICE) er samvinnuverkefni um rannsóknir á sjávarbotndýrum umhverfis Ísland. Þeir sem leggja af mörkum til BIOICE eru aðallega rannsóknarstofnanir og háskólar á Íslandi og hinum Norðurlöndunum en einnig fjöldi flokkunarfræðinga um allan heim. BIOICE-verkefnið hefur stóraukið þekkingu á sjávarbotndýrum umhverfis Ísland. Heildarkostnaður við BIOICE-verkefnið hefur verið kringum kr. 500 milljónir¹⁸ síðan 1992. Fjárframlög koma aðallega frá umhverfisráðuneytinu, rannsóknarstofnunum, ýmsum smærri sjóðum, sveitarfélögum, Norrænu ráðherranefndinni, norrænum stofnunum og háskólum.

Umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun stjórna samhæfingu áætlunar um eftirlit með mengun hafsins, með þátttöku ýmissa stofnana.

<i>Stofnun</i>	<i>Fjárframlög (í milljónum kr., 2008)</i>
Náttúrufraeðistofnun Íslands	403.9
Veðurstofan	1,436.9
Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn	19.0

¹⁸ EUR 2,78 milljónir (EUR 1 = 180 kr. á námunduðu meðalgengi Seðlabanka Íslands 2. september 2009)

Hafrannsóknastofnunin	1,411.0
Veiðimálastofnun	186.2

18. Vinsamlegast útlísið þau framtaksverkefni eða áætlanir um samvinnu milli svæða í umhverfismálum sem landið tekur þátt í.

Ísland á hlut að ýmsum framtaksverkefnum og áætlunum milli svæða um umhverfismál, þar af mörgum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurskautsráðsins. Stjórnarskrifstofur tveggja af sex starfshópum Norðurskautsráðsins, Lífríkisverndar á norðurslóðum (CAFF) og Verndunar hafsvæða norðurslóða (PAME), eru á *Akureyri*. Ísland tekur einnig virkan þátt í hinum starfshópum ráðsins, svo sem Vöktun og eftirliti með mengunarefnum á Norðurskautinu (AMAP).

19. Vinsamlegast gerið grein fyrir því hvaða ráðstafanir eru gerðar til að draga úr sjúkdómum af völdum umhverfisþátta á landinu.

Helsta löggjöf til að stuðla að velferð almennings með því að tryggja heilbriggt umhverfi og öruggar neytendavörur er lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur. Tilgangur laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er að tryggja sem heilsusamlegust lífsskilyrði fyrir íslensku þjóðina og standa vörð um þau gildi sem stuðla að heilbrigðu og ómengudu umhverfi. Reglugerð byggð á lögum nr. 7/1998 á að tryggja að markmið laganna um heilsusamleg lífsskilyrði náist. Reglugerðir byggðar á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur eiga að tryggja að iðefni skaði hvorki fólk né umhverfi. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa forystu í eftirliti með fylgni við umhverfislöggjöf.

Ísland hefur enga heildaráætlun um að draga úr sjúkdómum af völdum umhverfisþátta. Mögulega hafa einhverjar ráðstafanir verið gerðar til að draga úr slíkum sjúkdómum en engar upplýsingar um slíkar ráðstafanir eru fyrir hendi.

II. STEFNUMÁL FYRIR GEIRA ATVINNULÍFSINS

Út frá eftirfarandi spurningum um hvern geira atvinnulífsins fyrir sig á að vera hægt að meta stöðu og þróun hverju sinni. Upplýsingar um uppbyggingu afkastagetu og/eða vandamál þar að lútandi koma einnig að miklum notum. Allar frekari upplýsingar, til að mynda varðandi þann árangur sem hefur náðst og helstu vandamál sem þarf að leysa, skulu einnig koma fram.

Greina skal frá kostnaðar-/ábatapáttum og fjárfestingum á mismunandi sviðum eftir föngum og eftir því sem á við hverju sinni.

A. Lárétt löggjöf

20. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að veita almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sé þess óskað, og að eigin frumkvæði stjórnvalda („miðla greiðlega“)?

Í lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, er almenningi tryggður aðgangur að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um umhverfisvernd, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál, sbr. 1. gr. laganna. Með lögum þessum var innleidd tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003, um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB. Í upplýsingalögum nr. 50/1996 er kveðið á um skyldu stjórnvalda, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum hjá stjórnvöldum sem varða tiltekið mál. Takmarkanir eru á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna í ákveðnum tilvikum, m.a. er varðar umhverfismál, sbr. 5. tölul. 6. gr. þeirra laga.

Eru til staðar ákvæði um endurskoðun á stjórnarsýslustigi eða fyrir dómstólum ef aðgangi að upplýsingum er synjað?

Já, heimilt er að bera synjun stjórnvalds á beiðni um aðgang að upplýsingum vegna umhverfismála undir sérstaka úrskurðarnefnd sem úrskurðar um ágreininginn, sbr. 15. gr. laga nr. 23/2006.

21. Hver eru ákvæðin varðandi aðgengi að dómstólum og stjórnarsýslukærum þegar um er að ræða samtök (þ.m.t. frjáls félagasamtök) og einstaklinga?

Almenna reglan er sú að til að geta átt aðild að máli fyrir dómstólum eða kæruaðild innan stjórnarsýslunnar þarf viðkomandi að hafa lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem um ræðir. Samtök sem ekki hafa lögvarði hagsmuni tengda slíkri ákvörðun eiga eingöngu slíka aðild, ef þeim er tryggður sá réttur í sérlægum. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 er umhverfisverndar- og hagsmunasamtökum ávalt veittur réttur til að kæra ákvarðanir sem varða leyfisveitingar vegna matsskyldra framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 14. gr. laga nr. 106/2000, til sérstakrar úrskurðarnefndar. Í 19. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 eiga umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök kærurétt til æðra stjórnvalds vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna.

Framangreindar ákvarðanir er alltaf hægt að bera beint undir dómstóla eða eftir að úrskurður liggur fyrir hjá viðkomandi stjórnvaldi.

Er frjálsum félagasamtökum sem uppfylla skilyrði sem kveðið kann að vera á um í landslögum/alþjóðalögum (ef svo er skal tilgreina kröfurnar) kleift að skjóta málum er varða aðgerðir eða aðgerðaleyssi einstaklinga og stjórnvalda sem brjóta gegn ákvæðum umhverfislaga til meðferðar hjá stjórnarsýslu eða dómstólum?

NGOs sem eiga lögvarða hagsmuni tengt ákvörðunum sem teknar eru af stjórnvöldum er varða umhverfismál geta ávallt kært slíkar ákvarðanir til dómstóla. Ekki er kveðið á í lögum um ákvarðanir einkaaðila er varða umhverfismál. Eins og áður segir geta umhverfisverndarsamtök farið með mál fyrir dómstóla eða kært innan stjórnarsýslunnar ef þau hafa lögvarða hagsmuni eða þeim sé veittur kæruréttur lögum samkvæmt.

Umhverfisverndarsamtök verða að uppfylla ákveðnar kröfur skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um Vatnajökulsþjóðgarð til að geta átt aðild án lögvarinna hagsmuna. Samtökin skulu eiga varnarþing á Íslandi, félagsmenn samtakanna skulu vera 30 eða fleiri og að það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Samtökin skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Ef svo er, á hvaða sviðum varðandi umhverfið á þetta við?

Ákvarðanir sem varða mat á umhverfisáhrifum er það svið þar sem umhverfisverndarsamtök hafa óskað eftir endurskoðun ákvarðana bæði innan stjórnáráðgjafar og fyrir dómstólum enda hefur kæruréttur þeirra verið tryggður á þessu sviði eins og komið hefur fram.

Eru dæmi um það að dómstólar/stjórnvöld hafi viðurkennt málsaðild frjálsra félagasamtaka er láta sig umhverfismál varða?

Meginreglan fyrir aðild að dómsmáli er að viðkomandi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr því deilumáli sem um ræðir. Hafi aðili átti aðild að máli fyrir stjórnáráðgjafar er aðild viðurkennd fyrir dómstólum. Sama á við um NGOs. Hafi NGOs átt aðild að máli hjá stjórnáráðgjafar, þá geta þau borið þær ákvarðanir undir dómstóla sem teknar hafa verið hjá stjórnáráðgjafar.

Dæmi eru um dómsmál þar sem NGOs hafa kært til umhverfisráðherra úrskurði Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum og síðan hafa samtökin í nokkrum tilvikum farið með þau mál fyrir dómstóla. Hefur aðild samtakanna fyrir dómstólum þá verið viðurkennd. Má hér nefnda úrskurð umhverfisráðherra vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar frá 1. janúar 2001.

Hversu langan tíma tekur meðferð stjórnáráðgjafa/dómsmála er snerta umhverfismál?

Tímalengd afgreiðslu kærumála eru lögbundin varðandi mat á umhverfisáhrifum og vegna úrskurða á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvanir, nr. 7/1998 en í öðrum kærumálum gilda almennar venjur á sviði stjórnáráðgjafar, sem miða við að kærumál taki 3 mánuði í afgreiðslu frá því að kærufrestur rann út. Úrskurðartími kærumála er varða umhverfismál hefur ekki almennt verið tekið saman en hann hefur þó að meðaltali verið lengri en 3 mánuðir enda oft um mjög umfangsmikil mál að ræða sem krefjast víðtækrar gagnaöflunar og rannsóknar.

Standa frjálsum félagasamtökum til boða réttarfarslegar ráðstafanir til að aðstoða þau við að fara með mál fyrir dómstóla?

Engar slíkar réttarfarslegar ráðstafanir standa til boða fyrir frjáls félagasamtök.

Er gjafsókn, lögbannsræðum og frestunaráhrifum áfrýjunar beitt og ef svo er, hvernig? Hversu mikill kostnaður fellur á málsaðila vegna dómsmáls/stjórnáráðgjafar varðandi umhverfismál (sérfræðikostnaður, málskostnaður, málflutningsþjónusta, tryggingar sem krafist er vegna tiltekinna réttarfarslegra ráðstafana)?

Málsmeðferð í umhverfismálum er sú sama og almenn málsmeðferð í öðrum málum, öll úrræði laga um málsmeðferð eiga jafnt við í umhverfismálum sem öðrum málum. Engar tölur liggja fyrir um kostnað vegna málareksturs er tengist umhverfismálum. Alla jafna er kostnaðurinn sá sami og í öðrum dómsmálum.

Hægt er að fá ákvarðanir stjórnvalda í umhverfismálum endurskoðaðar innan stjórnáráðgjafar annað hvort með kæru til æðra stjórnvalds eða með því að fá úr þeim skorið fyrir sérstökum úrskurðarnefndum sem fjalla um ákveðna málaflokka en tvær slíkar nefndir falla undir umhverfisráðuneytið. Annars vegar úrskurðarnefnd vegna skipulags- og byggingarmála og

laga um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki liggja fyrir almennar upplýsingar um kostnað við endurskoðun slíkra mála. Það fer eftir eðli og umfangi mála hvað sérfræðikostnaður, eins og lögmannskostnaður er mikill. Ekki þarf að greiða kærugjöld þegar mál eru lögð fyrir þær úrskurðarnefndir sem nefndar hafa verið.

22. Eru fyrir hendi stöðluð kerfi eða staðlaðar aðferðir fyrir söfnun, flutning og skýrslugerð gagna og tölfraði varðandi umhverfið?

Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á að staðla og bæta söfnun, flutning og skýrslugerð umhverfisgagna. Lykilþáttur í þessu starfi er virk þátttaka í Umhverfisstofnun Evrópu og því starfi hennar að koma á og bæta evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið í umhverfismálum (Eionet). Ástæða þessa er: a) Umhverfisstofnun Evrópu gegnir lykilhlutverki í því að safna, vinna úr og birta bestu umhverfisupplýsingar sem völ er á í Evrópu, og b) sú stefna Umhverfisstofnunar Evrópu að samhæfa upplýsingaöflun sína við aðrar evrópskar og marghliða reglur um skýrslugjöf, en það þýðir að góð frammistaða í upplýsingagjöf til stofnunarinnar gefur skýra vísbendingu um heildarframmistöðu ríkja í því að veita upplýsingar sem eru sambærilegar að gæðum.

Virk þátttaka í Umhverfisstofnun Evrópu og Eionet hjálpar lykilstofnunum á Íslandi sem fást við umhverfisvöktun og gerð umhverfisskýrsla að staðla gagnaöflun og skýrslugerð með það fyrir augum að upplýsingarnar sem þær senda frá sér verði sambærilegar við upplýsingar frá öðrum ríkjum. Umhverfisráðuneytið hefur gefið út helstu umhverfisvísa í því skyni að miðla upplýsingum um ástand umhverfisins og árangur í helstu stefnumálum; þetta efni er fánlegt á ensku.¹⁹

Umhverfisstofnun og Hagstofa Íslands hafa einnig gefið út skýrslur um umhverfistölur og umhverfisvísa.

23. Hvaða ákvæði eru um rétt almennings til þátttöku (upplýsingagjöf og samráð) í ákvarðanatöku sem varðar umhverfið?

Kveðið er á um rétt almennings til þátttöku í ákvörðunum um skipulagsmál, og mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda og opinberrar áætlanagerðar og vegna leyfisveitinga vegna mengandi starfsemi í lögum, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Með síðarnefndum lögnum voru innleiddar tilskipanir 2001/42/EB frá 27. júní 2001 og tilskipun 85/337/EBE frá 27. júní 1985, sbr. breyting á þeirri tilskipun 97/11/EB frá 3. mars 1997. Í framangreindum lögum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra er kveðið á um mjög skýrar málsmeðferðarreglur sem tryggja almenningi þátttökuréttindi í ákvörðunum sem varða umhverfið. Eins og fram kemur í svörum við spurningu 19. í kafla II. A, er kveðið á um rétt almennings til upplýsinga vegna ákvarðana sem varða umhverfið í þeim lögum sem þar eru nefnd.

Eru gerðar kröfur um þátttöku almennings áður en teknar eru stjórnsýsluákvarðanir um að heimila athafnir sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið?

Eru gerðar kröfur um þátttöku almennings varðandi skipulags- og framkvæmdaáætlanir og/eða stefnumál og/eða löggjöf sem varðar umhverfið?

¹⁹ http://eng.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/statisticalindicators2006.pdf

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um umhverfismat áætlana er almenningi veittur réttur til koma með athugasemdir sínar og sjónarmið við tillögur um framkvæmdir og áætlanagerð á vegum stjórnvalda sem fellur undir þessa löggjöf áður en ákvarðanir eru teknar. Í XI. kafla reglugerðar, nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eru ákvæði um kynningu fyrir almenning á tillögu um starfsleyfi. Í skipulags- og byggingarlögum er almenningi veittur réttur til að koma með athugasemdir og sjónarmið við tillögur sveitarstjórna að skipulagsáætlunum áður en teknar eru ákvarðanir um landnotkun í skipulagi. Í framagreindri löggjöf er að finna mjög skýrar Málsmeðferðarreglur og kynningu á tillögum stjórnvalda. Þannig getur almenningur haft áhrif á þær ákvarðanir og stefnumörkun sem ákveðin er á þessu sviði.

Ekki eru sérstakar kröfur um þátttökuréttindi þegar um er að ræða löggjafarvinnu á vegum stjórnvalda, en þróunin er í þá átt að kynna með opinberum hætti mikilvæg lagafrumvörp og reglugerðir á sviði umhverfismála auk þess sem að stjórnvöld óska umsagnar hagsmunaðila við frumvörp. Með þessu er m.a. verið að tryggja að sjónarmið almennings og hagsmunaðila komi fram við undirbúning löggjafar.

Hvaða stjórnsýslustofnanir (ráðuneyti, stofnanir o.s.frv.) og á hvaða stjórnsýslustigi (ríki, héruð, sveitarfélög) eru ábyrgar fyrir því að veita leyfi til framkvæmda?

Koma umhverfisfyrirvöld að veitingu framkvæmdaleyfa og þá með hvaða hætti?

Leyfisveitingar á sviði umhverfismála eru einkum hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum. Orkustofnun veitir t.d. leyfi á sviði nýtingar á vatnsafla, jarðhita og iðnaðarráðuneytið vegna efnistöku í sjó. Leyfi Veiðimálastofnunar vegna framkvæmda í eða við veiðivatn og leyfi Landbúnaðarstofnunar vegna fiskeldisstöðva svo dæmi séu tekin. Umhverfisstofnun veitir leyfi vegna mengandi starfsemi og einnig sveitarfélög. Sveitarfélög annast skipulagsgerð og veita framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda og byggingarleyfi fyrir byggingum. Í lögum er kveðið á um hvernig málsmeðferð vegna slíkra leyfisveitinga skuli vera háttáð, en stofnanir gegn oft veigamiklu hlutverki í þeirri meðferð. Eins og áður hefur komið fram eru eingöngu um tvö stjórnsýslustig að ræða á Íslandi, national og local, en ekkert svæðistig, (regional) er fyrir hendi.

Eru til staðar reglur um endurskoðunarleiðir sem kveða á um að almenningur og/eða almenningur sem málið varðar geti véfengt lagagildi ákvörðunar, aðgerðar eða aðgerðaleyfis, hvað varðar efni og form, í tengslum við ákvarðanatöku sem varðar umhverfið og almenningi ber að taka þátt í?

Eins og fram kom í svari við spurningu 27:21 gildir sú almenna regla að til að geta átt aðild í máli fyrir dómstólum eða kæruaðild innan stjórnsýslunnar þarf viðkomandi að hafa lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem um ræðir. Þessi regla gildir því einnig um endurskoðun ákvarðana sem teknar hafa verið þar sem almenningur hefur tekið þátt í viðkomandi ákvörðun. Umhverfisverndarsamtök eiga aðild að slíkum málum í ákveðnum tilvikum eins og fram kemur í svari við spurningu 27.21 og almenningur þegar hann hefur lögvarða hagsmuni. Þetta gildir bæði fyrir forms- og efnisatriði í slíkum málum.

Er fyrir hendi skilgreining á hugtökunum „almenningur“ eða „almenningur sem málið varðar“ sem á við í þessu samhengi?

Slík skilgreining er ekki fyrir hendi.

24. Hefur Ísland fullgilt Árósasamninginn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í

umhverfismálum? Ef svo er ekki, hvenær er þá gert ráð fyrir að samningurinn verði fullgiltur?

Nei.

Í samþykkt ríkisstjórnar Íslands frá 2009 kemur fram að fullgilda skuli Árósasamninginn. Ísland hefur ekki fullgilt Árósasamninginn. Gera má ráð fyrir að samningurinn verði fullgiltur þegar unnar hafa verið nauðsynlegar lagabreytingar til að hægt sé að fullgilda hann og má ætla að það geti orðið árið 2010/2011.

25. Hefur Ísland fullgilt Espoo-samninginn um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri og ef svo er, með hvaða hætti tryggir það að fram fari samráð yfir landamæri? Ef svo er ekki, hvenær er þá gert ráð fyrir að samningurinn verði fullgiltur?

Ísland hefur ekki fullgilt Espoo Samninginn og ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort fullgilda skuli samninginn.

Hvaða ráðstafanir er um að ræða á stjórnarsýslustigi ríkisins varðandi mat á umhverfisáhrifum tiltekinnar verkefna?

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, nr. 1123/2005 er að finna ítarlegar reglur um hvernig mat á umhverfisáhrifum skuli fara fram, bæði hvernig skuli meta áhrif framkvæmda á umhverfið og hvernig málsmeðferð matsins eigi að vera fyrir tiltekna framkvæmdir sem líklegar eru til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Eins og áður segir eru lögin og reglugerðin byggð á tilskipun 85/337/EBE og tilskipun 97/11/EB.

Á hvaða stigi framkvæmdar skal slíkt mat fara fram?

Þegar fyrirhuguð er framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum ber framkvæmdaraðila að gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis verði lögð áhersla, hvaða gögn liggja fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Matið hefst því strax á byrjunarstigi framkvæmdar.

Hversu oft er framkvæmdum hafnað eða breytt í kjölfar slíks mats?

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 74/2005 er það Skipulagsstofnun sem veitir álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. 11. gr. þeirra laga. Á grundvelli þessa álits tekur svo leyfisveitandi, sem hér á landi er sveitarstjórn í því sveitarfélagi þar sem framkvæmd er staðsett, afstöðu til álitsins og tekur ákvörðun um hvort veita eigi leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd, sbr. 13. gr. laganna og 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Það eru því leyfisveitendur sem taka ákvörðun um það hvort hafna eigi framkvæmd. Skipulagsstofnun getur sett ákveðin skilyrði fyrir álitinu sem geta leitt til þess að framkvæmd verði breytt af leyfisveitanda, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Skipulagsstofnun tekur jafnframt ákvörðun um hvort framkvæmd sé matsskyld og er heimilt að kæra þá ákvörðun til umhverfisráðherra.

Fyrir breytingu sem gerð var á lögum um mat á umhverfisáhrifum 2005, var hlutverk Skipulagsstofnunar að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og hafði stofnunin

þá heimild til að hafna framkvæmd og var hægt að kæra þann úrskurð til umhverfisráðherra. Jafnframt gat hún sett skilyrði fyrir framkvæmd sem gat falið í sér breytingu á framkvæmd. Hvað varðar þau skilyrði sem stofnunin hefur lagt til í úrskurðum sínum fyrir 2005, þá leiddu þau í einhverjum tilvikum til þess að framkvæmd var breytt. Það var hins vegar ávallt leyfisveitandi sem tók endanlega afstöðu til leyfisveitingar og hvort hafna bæri framkvæmd eða að breyta henni eins nú gildir samkvæmt breyttum lögum.

Fyrir lagabreytingu 2005 beitti Skipulagsstofnun heimild sinni til að hafna framkvæmd í 2 skiptum af þeim 178 úrskurðum sem hún úrskurðaði í og í 4 tilvikum lagðist Skipulagsstofnun gegn framkvæmd að hluta. Ljóst er að af þeim 178 framkvæmdum sem lokið hafa mati á umhverfisáhrifum með úrskurði hafa þær ekki allar komið til framkvæmda, sem í einhverjum tilvikum má rekja til skilyrða sem Skipulagsstofnun hefur sett.

Eftir að Skipulagsstofnun fór að veita álit um mat á umhverfisáhrifum í stað þess að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum árið 2005, hafa nokkrar framkvæmdir fengið neikvætt álit hennar, en síðan er það í höndum viðkomandi leyfisveitanda að taka afstöðu til álitsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig slík neikvæð álit hafi haft áhrif á viðkomandi leyfi sveitarstjórna frá 2005.

Það skal tekið fram að samkvæmt mati helstu aðila sem hafa komið að matsferlinu, hefur mat á umhverfisáhrifum haft þau áhrif hér á landi að framkvæmdaraðilar leitist frekar við að hanna framkvæmdina strax í upphafi þannig að hún valdi sem minnstum áhrifum á umhverfi sitt og svo taki hún jafnvel breytingum, t.d. með nýjum kostum, til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þannig er framkvæmd fyrst kynnt í drögum að tillögu matsáætlunar og tekur oft breytingum þar til henni er lýst í matsskýrslu. Því verða væntanlega mestu breytingar á framkvæmdinni á meðan á matsferlinu sjálfu stendur og þær koma til vegna ábendinga Skipulagsstofnunar, umsagna sérfræðistofnanna og athugsemda annarra aðila.

26. Hefur Ísland fullgilt SEA-bókunina við Espoo samninginn? Ef svo er ekki, hvenær er þá gert ráð fyrir að bókunin verði fullgilt? Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að innleiða umhverfismat á skipulags- og framkvæmdaáætlunum og taka þær einnig til stefnumótunar og löggjafar?

Ísland hefur ekki fullgilt SEA bókunina við Espoo samninginn og ekki hefur verið tekin ákvörðun um að fullgilda bókunina. Af þeim sökum hefur ekki verið sett tímaáætlun um hana.

Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og leiðbeiningum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra er að finna ítarlegar reglur um hvernig mat á umhverfisáhrifum skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda skuli fara fram, bæði hvernig skuli meta áhrif þeirra á umhverfið og hvernig málsmeðferð matsins eigi að vera. Umhverfi er í 4. tölul. 2. gr. laganna skilgreint sem samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. bygginga-sögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta. Eins og áður segir eru löggin byggð á tilskipun 2001/42/EB frá 27. júní 2001.

27. Með hvaða hætti er tekið tillit til áhrifa á búsvæði/tegundir í reglum um umhverfismat?

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum og í lögum um umhverfismat áætlana er kveðið á um að metin skuli áhrif framkvæma og áætlana á umhverfið, en umhverfið í fyrrgreindum lögum

er m.a. skilgreint sem samheiti fyrir, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir og samspil þessara þátta á lífríkið, sbr. 3. gr. laganna.

Búsvæði fugla og önnur búsvæði eru mikilvægur þáttur í ferlinu sem fylgir mati á umhverfisáhrifum – sjá spurningu 27:60. Samkvæmt fyrrgreindum lögum skal umhverfismat fara fram með tilliti til dýra, plantna og annars í lífríkinu, o.s.frv. Framkvæmdaðili skal greina umhverfisáhrif í matsáætlun og Skipulagsstofnun metur síðan áætlunina sem og það hvort matið á umhverfisáhrifum sé fullnægjandi. Matsáætlun felur oft í sér að gerðar eru rannsóknir til að meta umhverfisáhrif. Ef ekki eru gerðar fullnægjandi rannsóknir getur Skipulagsstofnun óskað eftir því að frekari rannsóknir fari fram til að tryggja að nægjanlegar upplýsingar liggi til grundvallar mati á umhverfisáhrifum. Það er á ábyrgð leyfisveitanda (sveitarfélags) að taka ákvörðun um hvort taka eigi mið af álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum við leyfisveitingu. Í flestum tilvikum tekur leyfisveitandi mið af álit Skipulagsstofnunar. Ef svo er ekki skal leyfisveitandi leggja fram rökstutt álit sem hægt er að vísa til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 skal vinna mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana. Með þessum lögum er tilskipun 2001/42 innleidd í landslög.

28. Er fyrir hendi á Íslandi kerfi til að meta áhrif á regluverk eða sjálfbæra þróun sem metur heildstætt efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif almennrar stefnumótunar?

Eins og fram kemur í 7. gr. er fyrir hendi kerfi sem metur áhrif áætlana á umhverfið en ekki er um að ræða kerfi sem metur heildstætt efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif almennrar stefnumótunar.

29. Hvernig eru hugmyndir um sjálfbærni í umhverfismálum, þ.m.t. verndun búsvæða og tegunda, samþættar stefnumótun varðandi greinar atvinnulífsins á borð við landbúnað, námugróft, ferðaþjónustu, sjávarútveg og fiskeldi?

Í kjölfar umhverfis- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1992 stóð umhverfisráðuneytið að útgáfu fyrstu framkvæmdaáætlunarinnar um sjálfbæra þróun („Á leið til sjálfbærrar þróunar“) með aðkomu efnahags- og atvinnuvegaráðuneyta sem og hagsmunaaðila. Markmiðið með því var að samþætta niðurstöður ráðstefnunnar og hugmyndina um sjálfbæra þróun við stefnumál og aðgerðir í hinum ýmsu geirum atvinnulífsins. Þessu samstarfi hefur verið haldið áfram með núverandi stefnumörkun á sviði þróunar, „Velferð til framtíðar“. Hér á eftir fylgja nokkur dæmi um samþættingu sjálfbærrar þróunar við stefnumál í hinum ýmsu geirum atvinnulífsins.

Sjávarútvegur

Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins er efnahagsleg nauðsyn fyrir Ísland og hornsteinn íslenskrar sjávarútvegsstefnu. Þessi stefna er útlustuð í yfirlýsingu um ábyrga nýtingu fiskistofna sem gefin var út af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu og Fiskifélagi Íslands.²⁰ Í stefnunni er lögð áhersla á eftirfarandi: „Á Íslandi hefur verið byggt upp fiskveiðistjórnunarkerfi til að tryggja ábyrgar fiskveiðar sem fela í sér viðhald fiskistofna og góða umgengni um vistkerfi hafsins. Stjórnun fiskveiða á Íslandi byggist í aðalatriðum á víðtækum rannsóknum á fiskistofnum og vistkerfi hafsins, ákvörðunum um veiðar og afla á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og öfluglu eftirliti með veiðum og

²⁰ <http://www.fisheries.is/management/government-policy/responsible-fisheries/nr/62>

heildarafla. Þetta eru þær meginstoðir íslenskrar fiskveiðistjórnunar sem ætlað er að tryggja ábyrgar fiskveiðar og viðhald auðlinda hafsins til framtíðar.“

Ferskvatnsveiðar og búsvæði²¹

Sjálfbærni og verndun umhverfis eru lykilþættir í stjórnun ferskvatns- og sjávarauðlinda Íslands. Íslensk ferskvatnslög hafa verið undirstaða traustrar stjórnunar á laxfiskaveiðum síðustu áratugi og búsvæði þessara fiska er tiltölulega ósnortið.

Almennt eru öll svæði þar sem laxfiskar koma fyrir vernduð með lögum. Ekkert bendir til þess að þörf sé á áætlun um endurreisn eða eflingu. Sumar ár og umhverfi þeirra njóta verndar náttúruverndarlaga.

Mengun hefur ekki haft áhrif á helstu laxveiðiár, jafnvel þó að í nokkrar stórar ár á Suðurlandi hafi skólpi frá þéttbýli verið veitt út í árnar. Þessi mengun virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á lax- og silungsstofna sem hrygna yfirleitt í efri þverám. Mengun frá landbúnaði er hverfandi og getur jafnvel í sumum tilvikum haft jákvæð áhrif á frumtillífun í ferskvatni. Súrt regn hefur ekki haft áhrif á íslenskar ár og stöðuvötn, sennilega vegna loftslagsins og mikillar fjarlægðar til meginlanda þar sem loftmengun frá iðnaði er umtalsverð.

Fiskeldi

Helsta áhyggjuefnið varðandi villtar ferskvatnstegundir á Íslandi hefur verið sú aukning sem orðið hefur í laxeldi á undanförunum árum. Mikil áhersla hefur hins vegar verið lögð á verndun villtra laxastofna. Margir líffræðingar óttast að stöðugar slysasleppingar eldisfisks í ár kunni að hafa neikvæð áhrif á villta stofna sem hafa aðlagast tilteknu umhverfi í þúsundir ára. Eldislax hefur hins vegar aðlagast umhverfinu í eldisstöðinni, að minnsta kosti hluta lífsferils síns, og kann því ekki að vera til þess fallinn að lifa úti í náttúrunni. Endurbóta- og eldisstarfsemi á Íslandi hefur gefið af sér mikið af hagnýtum upplýsingum um flakk á eldislaxi í ár og milli eldisstöðva sem og um flakk á villtum fiski milli eldisstöðva og áa.

Sýnt hefur verið fram á að erfðabreytileiki milli villtra laxastofna innan sama svæðis á Íslandi er minni en á milli stofna á mismunandi svæðum. Af því verður að draga þá ályktun að hindra beri erfðablöndun eldisfisks við villta stofna til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á erfðaeiginleika. Vistfræðileg áhyggjuefni eru nátengd erfðafræðilegum atriðum.

Landbúnaður

Búfjárbreit, einkum sauðfjár og hesta, er einn þeirra þátta sem stuðlað hafa að miklu jarðvegsrofi á Íslandi. Landgræðslan hefur barist gegn jarðvegsrofi og gróðureyðingu í heila öld en á síðustu árum hefur einnig verið lögð aukin áhersla á að reyna að hafa hemil á búfjárbreit og tryggja að hún sé sjálfbær á öllum svæðum. Komið hefur verið á fót hvatakerfi með reglugerð frá sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti sem gerir kleift að auka opinberan stuðning við sauðfjorbændur þar sem nýting beitarlands er sjálfbær og byggist á vísindalegu mati á beitarþoli.

²¹ Lög og reglugerðir um ferskvatnsveiðar og fiskeldi:

Lög

Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, lög nr. 71/2008 um fiskeldi, lög nr. 58/2006 um fiskrækt.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 48/1994 um mengunarvarnir, reglugerð nr. 597/1989 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum, reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna, reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum, auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er óheimilt.

Námugróftur

Á Íslandi er ekki til heildstæð stefna um sjálfbærni í umhverfismálum með sérstöku tilliti til námugraftar. Um námustarfsemi gildir almenn umhverfislöggjöf, s.s. lög um umhverfismat áætlana, lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, skipulags- og byggingarlög sem og náttúruverndarlög. Í öllum þessum lögum er að einhverju leyti tekið tillit til mismunandi hugmynda um sjálfbærni í umhverfismálum. Námugróftur er háður starfsleyfum sem gefin eru út af yfirvöldum á hverjum stað.

Ferðaþjónusta

Stefnumál varðandi ferðaþjónustu á Íslandi eru skilgreind með löggjöf annars vegar og stefnumótandi áætlanagerð hins vegar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála skal „[þ]jóðhagsleg hagkvæmni, menning þjóðarinnar, umhverfisvernd, fagmennska og neytendavernd verði höfð að leiðarljósi“ í ferðaþjónustu. Lögin kveða á um að eitt verkefna Ferðamálastofu skuli vera samræming umhverfis- og fræðslumála.

Í Ferðamálaáætlun 2006–2015 kemur fram að eitt meginmarkmiða áætlunarinnar sé að þróa Ísland sem umhverfisvænan áfangastað auk þess sem álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna. Í Ferðamálaáætlun kemur einnig fram að fylgja skuli eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðamennsku sem samþættir útivist og náttúruvernd. Stofnun stærsta þjóðgarðs í Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarðs, nú nýverið, er í anda þessara síðastnefndu markmiða. Samkvæmt reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð er markmiðið með friðlýsingu svæðisins einnig að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins með sjálfbærum hætti.

30. Eru til staðar ráðstafanir sem byggja á umhverfisábyrgð til að koma í veg fyrir og bæta úr umhverfistjóni? Ef svo er ekki, er þá fyrirhugað að taka upp slíkar ráðstafanir í nánustu framtíð? Hvernig er gert ráð fyrir að tekið verði á „tjóni á vernduðum tegundum og náttúrulegum búsvæðum“ eins og það er skilgreint undir hugtakinu „umhverfistjón“?

Engar almennar reglur gilda um umhverfisábyrgð en unnið er að innleiðingu tilskipunar um umhverfisábyrgð 2004/35/EB frá 21. apríl 2004. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi árið 2009. Í frumvarpinu verður m.a. kveðið á um ábyrgð á umhverfistjóni og að sá sem ábyrgð ber á umhverfistjóni skuli koma í veg fyrir tjón og bæta úr tjóni ef tjón hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það taki m.a. til umhverfistjóns á vernduðum tegundum og náttúrulegum búsvæðum.

B. Loftmengun

31. Eru til viðmiðunarmörk eða markgildi fyrir tiltekin loftmengunarefni? Ef svo, hver eru þau gildi?

Já, viðmiðunarmörk fyrir tiltekin loftmengunarefni eru fyrir hendi á Íslandi. Viðmiðunarmörkin eru byggð á tilskipunum Evrópusambandsins, með nokkrum frávikum þar sem íslensku reglurnar eru strangari. Í töflunni hér fyrir neðan eru íslensku reglurnar taldar upp og samsvarandi tilskipanir ESB. Þessar reglugerðir eru afleidd löggjöf byggðar á lögum þar sem ákvæði eftirfarandi tilskipana eru innleidd sem landslög.

Íslensk reglugerð nr.	Tilskipun ESB
787/1999	96/62/EB
251/2002	1999/30/EB
251/2002	2000/69/EB
745/2003	2002/3/EB
410/2008	2004/107/EB

Eftirfarandi viðmiðunarmörk eru strangari í íslensku reglugerðunum en í tilskipun ESB:

- Í tilskipun ESB 1999/30/EB eru viðmiðunarmörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð (NO_2) á hverja klukkustund $200 \mu\text{g}/\text{m}^3$ og ekki má fara yfir þau oftari en 18 sinnum á almanaksári. Í reglugerð nr. 251/2002/EB eru viðmiðunarmörk sett við $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem ekki má fara yfir oftari en 175 sinnum á almanaksári.
- Í tilskipun ESB 1999/30/EB eru viðmiðunarmörk köfnunarefnisdíoxíðs (NO_2) til verndar heilsu manna á almanaksári $40 \mu\text{g}/\text{m}^3$, en í reglugerð nr. 251/2002 eru þessi viðmiðunarmörk $30 \mu\text{g}/\text{m}^3$.
- Í reglugerð nr. 251/2002 koma fram viðmiðunarmörk til verndar heilsu manna á sólarhring sem eru $75 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Í tilskipun ESB 1999/30/EB koma engin viðmiðunarmörk fram fyrir köfnunarefnisdíoxíð á sólarhring.
- Í tilskipun ESB 1999/30/EB eru meðaltals viðmiðunarmörk fyrir blý á almanaksári $0,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$, en í reglugerð nr. 251/2002 eru þessi viðmiðunarmörk $0,4 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

Önnur viðmiðunarmörk í íslensku reglugerðunum eru þau sömu og í tilskipunum ESB.

32. Hvaða tengsl eru á milli ofangreinds og staðla/leiðbeininga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)?

Viðmiðunarmörk fyrir loftgæði á Íslandi eru þau sömu eða strangari en þau sem koma fram í leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Sjá spurningu 27:31 fyrir ofan.

33. Er í gangi landsáætlun um eftirlit með loftgæðum?

Engin formleg landsáætlun er í gangi eins og er en undirbúningur er í gangi með það að markmiði að koma á landsáætlun veturinn 2009/2010. Hins vegar hefur síðan 1986 verið virkt eftirlit með loftgæðum til að uppfylla löggjöf hverju sinni.

Nú starfa níu eftirlitsstöðvar um allt land og er meirihluti þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Sumar þeirra eru starfræktar af Umhverfisstofnun en aðrar af sveitarfélögum.

Eftirtalin mengunarefni eru mæld: NO_x , SO_2 , H_2S , O_3 , CO , PM_{10} , $\text{PM}_{2.5}$, CH_4 , NMHC, THC, bensen, tólúen og xýlen. Undirbúningur stendur yfir fyrir frekari mælingar, sér í lagi á þungmálum (As, Cd, Hg, Ni, Pb) og fjölarómatískum vetniskolefnum og fyrir fjölgun eftirlitsstöðva í 13 fyrir lok árs 2009.

34. Er til mat á losun helstu mengunarvalda í andrúmslofti?

Fyrir hendi er mat á PAH-4 og díoxíni, samkvæmt aðferðarlýsingu fyrir þrávirk lífræn efni í samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (CLRTAP), og mat fyrir SO₂, NO_x, NMVOC, CO og sex gróðurhúsalofttegundir (CO₂, CH₄, N₂O, HFC, PFC og SF₆) í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC). Þetta mat er unnið og gefið út árlega.

35. Er í gangi landsáætlun eða stefnumörkun um minnkun á losun loftmengunarefna?

Tilskipun 2001/81/EB (tilskipun um innlend efri losunarmörk) hefur enn ekki verið felld inn í EES-samninginn og þess vegna ekki innleidd í lög. Þessa stundina er engum landsáætlunum lokið en Umhverfisstofnun undirbýr landsbundna áætlun um eftirlit með loftgæðum.

36. Eru í gangi landsbundin, svæðisbundin eða staðbundin verkefni eða áætlanir sem varða sérstaklega umbætur á loftgæðum (þ.e. mörk tiltekinna mengunarefna) á hverju svæði?

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um að setja á blað aðgerðaráætlun fyrir nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að loftgæðastöðlum sé fylgt. Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir samræmingu loftgæðaáætlana. Umhverfisstofnun vinnur að landsáætlun um loftgæði. Reykjavík er langstærsta sveitarfélagið og kom árið 2009 á fót metnaðarfullri áætlun til að bæta loftgæði í borginni²².

37. Auk þeirra mælinga sem vísað er til undir fyrirsögninni F „eftirlit með iðnaðarmengun og áhættustýring“, er í gangi landsáætlun til að takmarka útblástur frá hreyfanlegum uppsprettum (bílum, vörubílum, strætisvögnum o.þ.h.)

Í íslensku reglugerðinni nr. 822/2004, með síðari breytingum, eru settar takmarkanir fyrir útblástur frá hreyfanlegum uppsprettum. Reglugerðin byggist á og er í samræmi við viðeigandi löggjöf ESB (sbr. Viðauka II í reglugerð nr. 822/2004, þar sem fram koma samsvaranir á milli greina í reglugerðinni og viðkomandi löggjöf ESB).

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna byggist á tilskipun 70/220/EBE, breyttri með tilskipunum 83/351/EBE, 91/441/EBE, 93/59/EBE, 94/12/EB og 96/69/EB og tilskipun 88/77/EBE, breyttri með tilskipunum 91/542/EBE og 96/1/EB.

38. Hvað ráðstafanir eru gerðar til að fylgjast með gæðum og líftíma gróðurhúsalofttegunda og áhrifum bensíns, dísilólú og annarrar gasólú og svartólú?

Íslenska reglugerðin nr. 560/2007 samræmist nokkrum tilskipunum ESB varðandi tilgreiningu á og eftirlit með bensíni, dísilólú, öðrum gasólum og svartólum. Þessar tilskipanir eru:

- Tilskipun 93/12/EB
- Tilskipun 98/70/EB

²² http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skyrlsur/Framt__in_liggur___loftinu2.pdf

- Tilskipun 99/32/EB
- Tilskipun 2000/71/EB
- Tilskipun 2003/17/EB
- Tilskipun 2005/33/EB

Verið er að fella tilskipun 2009/30/EB inn í EES-samninginn.

39. Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að takmarka útblástur rokkgjarnra lífrænna sambanda frá mismunandi uppsprettum?

Í íslensku reglugerðinni nr. 255/2002, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 1024/2005, eru settar fram reglur um takmörkun rokkgjarnra lífrænna efna. Þessar reglugerðir byggjast á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/541/ESB um viðmiðanir við mat á innlendum áætlunum samkvæmt 6. gr. tilskipunar ráðsins 1999/13/EB. Einnig er notkun sumra lífrænna leysiefna bönnuð samkvæmt reglugerð nr. 750/2008, þar sem tilskipun 1907/2006/ESB er innleidd í lög.

40. Hver er innleiðingarstaða samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir og bókun hans um SO₂, NO_x, NH₃ og rokkgjörn lífræn efnasambönd? Hvaða áætlun er í gangi fyrir innleiðingu tilskipunarinnar um innlend efri losunarmörk (2001/81/EB) samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES)?

Árið 1983 staðfesti Ísland samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir. Ísland hefur staðfest bókunina um þrávirk lífræn efni en ekki bókanirnar varðandi stjórnun á losun SO₂, NO_x, NH₃ og rokkgjarnra lífrænna efnasambanda.

Tilskipunin um innlend efri losunarmörk hefur enn ekki verið felld inn í EES-samninginn. Tilskipunin verður innleidd í lög þegar ákvörðun um að fella hana inn í EES-samninginn verður tekin.

C. Meðhöndlun úrgangs

41. Hverjir eru helstu þættir löggjafarinnar varðandi meðhöndlun úrgangs (þ.m.t. heimilissorps, úrgangs frá neysluvörum, iðnaðarúrgangs að meðtöldum hættulegum úrgangi, eðju frá skolphreinsistöðvum í byggð og annars úrgangs frá tilteknum aðgerðum)?

Íslensk löggjöf varðandi meðhöndlun úrgangs (Waste Management) er í samræmi við ESB löggjöf.

Heildarlög um úrgang eru lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs (Waste Management) og reglugerðir settar samkvæmt þeim innleiða grunntilskipun um úrgang, 75/442/EBE, sbr. tilskipun 91/156/EBE, svo og tilskipun 1999/31/EB, um urðun, tilskipun um brennslu úrgangs 2000/76/EB. Þá hafa ákvæði úrgangstilskipunar 2006/12/EB (codified version) verið innleidd í lög og reglugerðir settum samkvæmt þeim. Þá hafa aðra EB gerðir er varða úrgang og falla undir EES samninginn verið innleiddar á Íslandi; tilskipun um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB, tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sbr.

tilskipun 2003/108/EB, tilskipun 91/689/EBE, amendment 94/31/EB, um spilliefni og tilskipun 86/278/EBE um seyru (sewage sludge).

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn úrgangsmála og setur reglugerðir á því sviði. Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar á sviði úrgangsmála og veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar og meðhöndlun spilliefna og hefur eftirlit með því að starfsleyfishafi hafi farið að ákvæðum þess. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast eftirlit með annarri meðferð á úrgangi.

Sveitarstjórnir ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi. Sveitarstjórnir bera einnig ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Öll meðhöndlun úrgagns er starfsleyfisskyld. Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð og skal úrgangur fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur.

Atvinnulífið ber að koma úrgangi sem myndast hjá þeim í móttökustöð og bera þann kostnað sem hlýst af meðhöndlun úrgangsins. Að öðru leyti er sérstaklega kveðið á um meðhöndlun úrgangs og skyldur rekstraraðila í starfsleyfi.

Meðhöndlun seyru er starfsleyfisskyld og sama á við um förgun seyru frá skólphreinsistöðvum. Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru er innleiðing á tilskipun 86/278/EBE í íslenska löggjöf.

Framleiðendur bera ábyrgð á innsöfnun og að tryggja endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúða, samkvæmt lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Framleiðendaábyrgð er á raf- og rafeindabúnaði í samræmi við tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sbr. tilskipun 2003/108/EB.

Reglugerð nr. 609/1996 um umbúðir og umbúðaúrgang innleiðir tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang og ákvörðun 2001/171/EB um undanþáguskilyrði fyrir glerumbúðir að því er varðar styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Reglugerðin innleiðir einnig að hluta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/12/EB um breytingu á tilskipun 94/62/EB. Töluleg markmið sem koma fram í tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang eru tilgreind í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Úrvinnslusjóður ber ábyrgð að ná þeim markmiðum, sem koma fram í tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang og reglugerð nr. 793/2003, fyrir pappa- og pappírsumbúðir, svo og plastumbúðir aðrar en einnota drykkjarvöruumbúðir. Sveitarfélög bera ábyrgð á því að ná öðrum markmiðum.

Ísland hefur ekki innleitt tilskipun 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til innleiðingar tilskipunarinnar haustið 2009 og að það verði að lögum 2010.

Ísland hefur innleitt að fullu eftirfarandi EB gerðir með stoð í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

- Tilskipun um úrgang – setning í lagabálk: 2006/12/EB Viðauki XX.V,27
- Tilskipun um urðunarstað úrgangs: 1999/31/EB Viðauki XX,32d
- Tilskipun um spilliefni – gerð: 91/689/EB Viðauki XX,32a
- Tilskipun um spilliefni – breyting: 94/31/EB Viðauki XX,32a
- Tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang – gerð: 2002/96/EB Viðauki XX,32fa
- Tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang – breyting: 2003/108/EB Viðauki XX,32fa
- Tilskipun um förgun ökutækja: 2000/53/EB Viðauki XX,32e
- Tilskipun um seyru: 86/278/EB Viðauki XX,32
- Tilskipun ráðsins um förgun olíuúrgangs: 75/439/EB Viðauki XX,26
- Eftirlit með úrgangi frá titandíoxíðiðnaði - Tilskipun: 82/883/EB Viðauki XX,30
- Tilskipun um mengun frá titandíoxíðiðnaði: 92/112/EB Viðauki XX,32b
- Tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang: 94/62/EB Viðauki II.XVII,7
- Tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang: 2004/12/EB Viðauki II.XVII,7
- Tilskipun um brennslu úrgangs: 2000/76/EB Viðauki XX,20,21,21b,26,32f, með tilteknum breytingum.

42. Vinsamlegast veitið grunnupplýsingar um staðreyndir og tölur varðandi myndun úrgangs og takmörkun þar á:

- a) Magn, tegund (t.d. spilliefni) og uppruni (iðnaðarmannvirki, landbúnaður, námugróftur og jarðefnanám, sveitarfélög o.s.frv.) úrgangs sem myndast á hverju ári

Magn á myndun úrgangs eftir geira árið 2007	
	Magn (1000 tonn)
Heildarúrgangur	593
Úrgangur sveitarfélaga	177
Úrgangur sem ekki er heimilissorp	343
Spilliefni	10

Annar úrgangur	63
Heildarúrgangur meðhöndlaður	593
Endurnýting	346
Förgun	247
Mannfjölda þjónað, %	100

b) Sorphreinsistöðvar: Fjöldi og afköst hreinsistöðva, jarðgerðar- og endurvinnslustöðva, brennslustöðva, urðunarstaða

Urðunarstaðir		
Tegund úrgangs	Fjöldi stöðva	Heildar afkastageta (tonn/ári)
Óvirkur	7	10,500
Ekki spilliefni	27	213,530
Spilliefni	0	0
Brennslustöðvar		
Tegund úrgangs	Fjöldi stöðva	Heildar afkastageta (tonn/ári)
Ekki spilliefni	4	11,815
Spilliefni	2	22,900

c) Tölur um útflutning og innflutning á úrgangi (magn, tegund)

Úrgangur er ekki fluttur inn til Íslands. Eini úrgangurinn sem fluttur er frá landinu er spilliefni sem ekki er hægt að meðhöndla með umhverfisvænum hætti á Íslandi. Árið 2008 var magn útfluttra spilliefna 1.321,2 tonn (rafgeymar úr bílum, frystar, kæliskápar og önnur spilliefni). Endurvinnanlegur úrgangur (plast, pappi, pappír o.þ.h) er seldur til endurvinnslustöðva í Evrópu. Árið 2007 voru 2.348 tonn af notuðum drykkjarumbúðum (ál og plast) flutt út, 1.430 tonn af öðru plastefni, 24.323 tonn af pappír og pappa, 50.000 tonn af brotamálmi og 3.365 tonn af notuðum dekkjum. Ísland hefur nýverið tekið í gildi lög nr. 93/2009, sem er grundvöllur þess að hægt sé að innleiða reglugerð EB nr. 1013/2006 um útflutning á úrgangi.

43. Er í gildi almenn stefna (áætlun, stefnumótun o.þ.h.) um meðhöndlun úrgangs?

Stefnumörkun stjórnvalda kemur fram í lögum um meðhöndlun úrgangs, reglugerðum settum samkvæmt þeim og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun gefur út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt (landsáætlun). Áætlunin hefur það markmið að dregið sé markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurvinnslu og minnka hlutfall úrgangs sem fer til förgunar. Landsáætlun er sveitarfélögum til leiðbeiningar varðandi svæðisbundnar áætlanagerð sveitarstjórna. Núverandi landsáætlun um meðhöndlun úrgangs gildir fyrir tímabilið 2004–2016. Unnið er að endurskoðun áætlunarinnar og mun hún vera fyrir tímabilið 2010–2022. Í dag er kveðið á um að endurskoða skuli áætlunina á þriggja ára fresti, en tímamörkum verður breytt á næstunni í samræmi við tilskipun 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana. Sveitarstjórnir semja og staðfesta staðbundna áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Í áætluninni er gerð grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, til að endurnota og endurnýta úrgang, förgunarleiðum o.s.frv. Nú er kveðið á um endurskoðun á þriggja ára fresti, en því verður breytt, sbr. framangreint.

44. Er gildandi regluverk fyrir eftirfarandi efni:

a) Grundvallar rammalöggjöf (skilgreining, forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs (varnir, endurnotkun, endurnýting), heimildareglur; ábyrgð fyrir förgun og endurnýtingu úrgangs hjá sveitarfélögum og annars úrgangs)

Grunnlöggjöf um úrgang eru lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem m.a. er byggð á löggjöf ESB, sbr. svar við C1, og er Ísland búið að innleiða flestar gerðir varðandi úrgang sem komnar eru inn í EES-samninginn. Tilskipun 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana (recast) mun verða hluti af EES-samningnum innan skamms og er í undirbúningi breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs vegna þess. Forgangsröðunin (hierarchy) sem þar er sett fram, þ.e. að draga úr myndun úrgangs, undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnsla önnur en endurnýting (t.d. orkuvinnsla) og síðast förgun, er heldur ákveðnari en í gildandi íslenskri löggjöf. Í gildandi lögum um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um forgangsröðun (hierarchy) sem miðar að því að draga skipulega úr myndun úrgangs eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast skal komið í endurnotkun og endurnýtingu og sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er framkvæmd þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Næsta skref er að samræma úrgangslöggjöfina tilskipun 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana. Flest ákvæði tilskipunarinnar hafa nú þegar verið innleidd í íslenska úrgangslöggjöf, en þörf er á að skerpa á vissum þáttum og setja inn þau ákvæði sem eru í tilskipuninni. Tilskipunin er ekki komin inn í EES samninginn.

Í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að endurskoða skuli lög um meðhöndlun úrgangs á kjörtímabilinu en því lýkur í maí 2013. Endurskoðunin á að hafa þarfir almennings að leiðarljósi, svo að markmið um meiri endurnýtingu og að minna fari til urðunar og brennslu án orkunýtingar.

Í lögnum er úrgangur skilgreindur með tilvísun í skrá yfir spilliefni og annan úrgang, sbr. tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, tilskipun 75/439/EBE, sbr. 87/101/EBE,

tilskipun 91/689/EBE, sbr. 94/31/EB, og ákvörðun 2000/532/EB, sbr. 2001/118/EB, 2001/119/EB og 2001/573/EB.

Meðferð og meðhöndlun úrgangs er skilgreind í samræmi við löggjöf ESB og eru skilgreiningarnar eftirfarandi:

Meðferð úrgangs: meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.

Meðhöndlun úrgangs (sorphirða): söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðvum eftir að þeim hefur verið lokað.

Böggun: þjöppun úrgangs í bagga til að minnka rúmmál hans.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Endurnotkun (reuse): endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.

Endurvinnsla (recycling): endurframleiðsla úr úrgangi til upprunalegra eða annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla.

Förgun: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega s.s. urðun og brennsla úrgangs.

Pökkun: þegar úrgangur er settur í umbúðir til að gera hann flutningshæfan og/eða til að geyma í lengri eða skemmri tíma.

Á haustþingi 2009 er stefnt að því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrgang. Þar eru fyrirhugaðar breytingar til innleiðingar á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma, sbr. tilskipun 2008/103/EB og tilskipun 2008/12/EB.

Ísland hefur ekki innleitt tilskipun 2006/12/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til innleiðingar tilskipunarinnar haustið 2009 og að það verði að lögum 2010.

Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Rekstraraðilar bera ábyrgð á flutningi á þeim úrgangi sem til fellur við þeirra starfsemi.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð. Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur.

Öll meðhöndlun úrgagns er starfsleyfis skyld. Ef um er að ræða móttökustöð fyrir úrgang og fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum má ekki gefa út starfsleyfi fyrir en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

Rekstraraðili förgunarstaðar skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. ákvæði tilskipunar 1999/31/EB um urðun, áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Rekstraraðilar bera ábyrgð á því að koma úrgangi sem til fellur hjá þeim til endurnýtingar eða förgunar. Sérstök ábyrgð hvílir á framleiðendum og innflytjendum á raf- og rafeindatækjaúrgangi en þeir bera ábyrgð á þeim raf- og rafeindatækjum sem framleidd eru eða flutt eru inn og falla undir tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang. Skyldur sveitarfélaga varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang eru þær að söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst. Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot skilakerfa af slíkri aðstöðu. Söfnunarstöðvum sveitarfélaga ber einnig að taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans.

Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald hafa að markmiði að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laganna.

Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs er lagt úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar á Íslandi. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslugjald er lagt á eftirfarandi vöruflokka:

- Ökutæki, þar sem jafnframt er greitt út skilagjald þegar þau eru afskráð og skilað til söfnunarstöðva
- Umbúðir gerðar úr pappa og pappír
- Heyrúlluplast.
- Olíuvörur

- Lífræn leysiefni og klórbundin efnasambönd: lífræn leysiefni, halógeneruð efnasambönd, ísócyánöt og pólyúretön.
- Málningu og litarefni
- Rafhlöður og rafgeyma
- Vörur í ljósmyndaiðnaði
- Kvikasilfursvörur
- Varnarefni
- Kælimiðlar
- Hjólbarðar
- Veiðarfæri úr gerviefnum.

Fyrirtækjum og atvinnugreinum er heimilt að semja við Úrvinnslusjóðum ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og veiðarfæra úr gerviefnum, enda þjóni það markmiðum laganna. Svartolía og veiðarfæri úr gerviefnum eru þá undanþegin gjaldtöku. Gerðir hafa verið frjálsir samningar um þessa vöruflokka.

b) Rammalöggjöf um spilliefni

Íslensk löggjöf varðandi meðhöndlun spilliefna (hazardous waste) er í samræmi við ESB löggjöf.

Öll meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi, sbr. ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Meðhöndlun og förgun spilliefna er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang og úrgangshafa er einnig óheimilt að þynna og blanda úrgang í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs.

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni var sett til innleiðingar á tilskipun 91/689/EBE, sbr. tilskipun 94/31/EB, og ákvörðun 94/904/EB.

Reglugerð nr. 184/2004 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang var sett til innleiðingar á tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, tilskipun 75/439/EBE, sbr. 87/101/EBE, tilskipun 91/689/EBE, sbr. 94/31/EB, og ákvörðun 2000/532/EB, sbr. 2001/118/EB, 2001/119/EB og 2001/573/EB.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang er sett til innleiðingar á tilskipun 75/439/EBE, sbr. 87/101/EBE.

Reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess er sett til innleiðingar á tilskipun 96/59/EB um förgun fjöklóraðra bífenýla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT).

Reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang er sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 87/217/EBE um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu.

c) Löggjöf um tiltekna tegundir meðhöndlunar úrgangs (brennsla, urðun)

Íslensk löggjöf varðandi förgun úrgangs er í samræmi við ESB löggjöf. Ísland hefur að fullu innleitt tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs og tilskipun 2000/76/EB um brennslu úrgangs með stoð í lögum um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs sem sett er og innleiðir tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs og hliðsjón var höfð af tilskipun 75/442/EBE, sbr. 91/156/EBE, tilskipunum 2000/53/EB og 2002/96 og ákvörðunum 94/3/EB, 96/350/EB, 94/741/EB og tilskipun 94/62/EB. Sjá að öðru leyti tölul. 27, 32d, 32db, 32e og 2aa XX og 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka EES-samningsins og meðfylgjandi er samsvörunartafla (Table of Correspondence) fyrir tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs.

Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs innleiðir tilskipun 2000/76/EB um brennslu úrgangs, sjá að öðru leyti tl. 32f, XX. viðauka EES-samningsins. Tilskipun 2000/76/EB var tekin upp í EES-samninginn með specific adaptation, sbr. meðfylgjandi aðlögunartexta.

d) Löggjöf um úrgang eða tegund úrgangs

Varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang (WEEE) er löggjöfin í samræmi við framkvæmdina í ESB. Tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sbr. tilskipun 2003/108/EB, er að fullu innleidd með lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Framkvæmd á Íslandi varðandi umbúðir og umbúðaúrgang er að hluta til í samræmi við framkvæmdina í ESB. Reglugerð nr. 609/1996 um umbúðir og umbúðaúrgang innleiðir tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang og ákvörðun 2001/171/EB um undanþáguskilyrði fyrir glerumbúðir að því er varðar styrk þungmálma sem ákveðinn er í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Reglugerðin innleiðir einnig að hluta tilskipun 2004/12/EB um breytingu á tilskipun 94/62/EB. Sérstakt gjald er lagt á pappa- og pappírsumbúðir og plastumbúðir og ber Úrvinnslusjóður ábyrgð á að ná markmiðum, sem koma fram í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, fyrir pappa- og pappírsumbúðir og plastumbúðir aðrar en einnota drykkjarvöruumbúðir. Sveitarfélög bera ábyrgð á því að ná öðrum markmiðum varðandi umbúðaúrgang.

Á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni er lagt gjald til að tryggja úrvinnslu þessara umbúða og greiða skilagjald til neytenda í samræmi við lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

Úr sér gengin ökutæki bera sérstakt gjald og þegar þeim er skilað og afskráð fær eigandi greitt skilagjald, sbr. ákvæði laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Að öðru leyti er framkvæmdin í samræmi við tilskipun um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB.

Um úrgang sem fellur til við hreinsun, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt gilda ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er sérstök reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru sem innleiðir að fullu tilskipun 86/278/EBE um seyru (sewage sludge).

Ákvæði um sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum (smitandi og sóttmengaður úrgangur) eru í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni innleiðir tilskipun 91/689/EBE, sbr. tilskipun 94/31/EB, og ákvörðun 94/904/EB. Spilliefni bera úrvinnslugjald.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang er sett með hliðsjón af tilskipun 75/439/EBE, sbr. 87/101/EBE. Olía ber úrvinnslugjald.

Þá er í gildi reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang sem innleiðir tilskipun 87/217/EBE um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu.

Reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess innleiðir tilskipun 96/59/EB um förgun fjöklóraðra bifeyla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT).

Um lífrænan heimilisúrgang og annan lífrænan úrgang gilda ákvæði reglugerðar um úrgang nr. 737/2003.

Ákvæði um úrgang frá sérstakri starfsemi (specific activities) er að finna í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Reglugerð nr. 795/1999 um úrgang frá titandíoxíð-iðnaði innleiðir tilskipun 78/176/EBE, sbr. 83/29/EBE, 82/883/EBE og 92/112/EBE.

e) Löggjöf um flutning úrgangs

Íslensk löggjöf varðandi flutning úrgangs á milli landa er í að mestu leyti samræmi við ESB löggjöf.

Lagastoð vegna Regulation (EC) No. 1013/2006 on shipment of waste er í lögum nr. 55/2009 um meðhöndlun úrgangs. Reglugerðin hefur ekki verið innleidd að fullu og er stefnt að því að ljúka því haustið 2009. Að stórum hluta er nú þegar farið að vinna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Flutningur úrgangs frá Íslandi til annarra ríkja EES-svæðisins er háð því að lögð sé fram trygging og notuð séu eyðublöð, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006, við tilkynningu á flutningnum. Þegar reglugerð (EB) nr. 1013/2006 verður innleidd að fullu veður jafnframt að höfð til hliðsjónar reglugerð (EB) nr. 1379/2007 um breytingu á viðaukum IA, IB, VII og VIII í reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs, í þeim tilgangi að taka tillit til tæknilegra framfara og breytinga sem þegar hafa verið samþykktar við Baselsamninginn sem og reglugerðar (EB) nr. 669/2008 um að fullgera viðauka IC í reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs.

Ísland er einnig aðili að Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra og tekur mið af OECD-ákvörðun C(2001)107 Final og flytur því ekki út úrgang sem sú OECD-ákvörðunin nær ekki til.

Reglugerð (EBE) nr. 259/93 og ákvarðanir 95/774/EB og 1999/412/EB, sem felldar voru úr gildi með gildistöku (EB) nr. 1013/2006 voru innleiddar með reglugerð nr. 224/2005 um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.

45. Hvaða stjórnæki eru fyrir hendi önnur en löggjöf (t.d. efnahagsstjórnæki eða áætlanir um meðhöndlun úrgangs)?

Umhverfisstofnun gefur út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt (landsáætlun). Sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og byggist áætlunin á markmiðum landsáætlunar. Í áætluninni er gerð grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, til að endurnota og endurnýta úrgang, förgunarleiðum o.s.frv. Algengast er að sveitarstjórnir sameinist um gerð svæðisáætlunar. Í áætlun sveitarstjórnar eru sett fram ákvæði um stjórn og skipulag um meðhöndlun úrgangs á sveitarstjórnarstigi. Sveitarfélög bera því ábyrgð á því að meðhöndlun úrgangs fari fram samkvæmt settum reglum sem þau setja m.a. fram í svæðisáætlunum. Sveitarfélög geta svo til viðbótar haft áhrif á útfærslu reglna með eigin samþykktum sem ráðherra samþykkir. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur, í samvinnu við sveitarfélög, sett fram áherslu í úrgangsmálum þar sem sjálfbær meðhöndlun úrgangs er höfð að leiðarljósi. Þá hefur sambandið unnið að því að efla samstarf sveitarfélaga á sviði úrgangsmála og jafnframt lagt áherslu á að auka samskipti sveitarfélaga við stofnanir og sveitarfélaga á sviði úrgangsmála í Evrópu.

46. eru innviðir stjórnsýslu fyrir hendi? Ef svo er, á hvaða stigi (landsbundin, svæðisbundin eða staðbundin)?

Fjallað er um meðhöndlun úrgangs á tveimur stjórnsýslustigum; miðlægu stigi og staðbundnu stigi.

Á national level gefur ríkisvaldið út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og setur þar fram stefnu sína um meðhöndlun úrgangs og endurnýtingu hans. Kröfur eru settar í lög og reglugerðir. Eftirlit með meðferð úrgangs í flokkunarmiðstöðvum, urðunarstöðum og sorpbrennslustöðvum, svo og eftirlit með meðhöndlun og förgun spilliefna er á hendi ríkisins og fer Umhverfisstofnun með það eftirlit. Endurvinnslusjóður er í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfisráðherra. Til að tryggja sem besta niðurstöðu af aðgerðum stofnunar er stjórn hennar skipuð fulltrúum þeirra sem mesta hagsmuni hafa af því að meðhöndlun úrgangs sé eins afkastamikil og mögulegt er, þ.e. fulltrúum sveitarfélaga og viðskiptalífsins. Innheimtumaður ríkissjóðs innheimtir sérstakt gjald og Úrvinnslusjóður fer með umsýslu og ráðstöfun þess. Gjaldið er lagt á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar á Íslandi og stendur undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar. Þá stendur gjaldið undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á.

Sveitarfélög fara með stjórn úrgangsmála og sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélögum og sjá um flutning heimilisúrgangs frá heimilum og tæmingu seyru úr rotþróm og úrgangi úr fráveituhreinsivirkjum. Bygðasamlög margra sveitarfélaga reka í flestum tilfellum flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaði, sorpbrennslustöðvar og söfnunarstöðvar. Söfnunarstöðvar sveitarfélaga hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum og veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka og skila raf- og rafeindatækjaúrgangi til söfnunarstöðva sveitarfélaga. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fara með eftirlit með annarri meðhöndlun úrgangs sem fellur ekki undir eftirlit Umhverfisstofnunar. Heilbrigðis-eftirlitssvæðin á landinu eru tíu.

D. Vatnsvernd og stjórnun

47. Getið þið lýst lagastoð fyrir vatnsvernd og stjórnun vatnsforða, sér í lagi:

a) Vatnsgæðum og vatnsmagni

Löggjöf varðandi vatnsgæði eru sambærileg við reglur í ESB, sjá svar við lið 2 hér að aftan. Hvað varðar kröfur um vatnsmagn þá eru engin lagaákvæði í gildi. Unnið er að innleiðingu á vatnatilskipuninni 2000/60/EB (Water Framework Directive).

b) Grunnvatni og yfirborðsvatni (þ.m.t. jarðhitavatn)

Lagastoð fyrir vatnsvernd er lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og vatnalög nr. 15/1923 fyrir yfirborðsvatn, í endurskoðun eins og er, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir yfirborðs- og grunnvatn og lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fyrir yfirborðs- og grunnvatn, þ.m.t. jarðhitavatn og lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Vatnalög nr. 20/2006 taka gildi árið 2010.

Reglugerðir eru afleidd löggjöf með lagastoð í þessum lögum og eru vanalega samþykktar í þeim tilgangi að innleiða löggjöf Evrópusambandsins í lög. Reglugerð nr. 205/1973 um náttúruvernd hefur lagastoð í lögum nr. 44/1999.

Reglugerðir með lagastoð í lögum nr. 7/1998 eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
- Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
- Reglugerð nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera
- Reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.
- Reglugerð nr. 795/1999 um úrgang frá títandíoxíðiðnaði
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang
- Reglugerð nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
- Reglugerð nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn

- Reglugerð nr. 801/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn frá atvinnurekstri sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða
- Reglugerð nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn
- Reglugerð nr. 803/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórskýklóhexani (HCH) í yfirborðsvatn
- Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri
- Reglugerð nr. 946/1999 um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum

Lagastoð fyrir stjórnun vatnsforða hvað varðar yfirborðsvatn er vatnalögin nr. 15/1923. Lagastoðin fyrir grunnvatn, þ.m.t. jarðhitavatn, er lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Lagastoð fyrir nýtingu af hendi orkuvera er raforkulögin nr. 65/2003.

c) Gæði drykkjarvatns

Er í samræmi við löggjöf í ESB. Reglugerð 536/2201 um neysluvatn innleiðir tilskipun 98/83/EB, tilskipun 75/440/EBE um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar og tilskipun 79/869/EBE um mæliaðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni sem nýtt er til drykkjar í aðildarríkjunum.

c) Gæði baðvatns

Á Íslandi gilda ekki sömu reglur og í ESB. Ákvæði um bathing water quality er að finna í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 457/1988 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Þar koma fram gæðakröfur fyrir vatn varðandi öryggi og heilsuvernd. Að hluta er tekið tillit til tilskipunarinnar 76/160/EBE varðandi gæði eiginleika baðvatns.

e) Fiski- og skelfisksvötn

Um öll vötn gildir almenn vatnsvernd, sbr. lið 2 og spurningu 47 b) fyrir ofan. Vinna er enn í gangi við innleiðingu/framkvæmd tilskipunar 2000/60/EB um stefnu í vatnsmálum.

Tilskipun 2006/113/EB hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn. Hins vegar felast í íslensku reglugerðinni nr. 260/1999 skilmálar fyrir skelfisksveiðum. Reglugerð nr. 260/1999 felur í sér reglur tilskipunar 91/492/EBE, fyrirvera reglugerðar nr. 853/2004/EB. Í tilskipuninni er kveðið á um að lögbært yfirvald staðfesti hvort vatn uppfylli skilyrðin, þ.m.t. umhverfisskilyrði, fyrir fiskveiðar. Frekari lýsingu á reglugerð nr. 260/1999 og verklagsreglur um skelfisksveiðar er að finna í spurningu 12:54. Komi til mengunar í skelfisksvötum getur ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarmála, í samræmi við lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, bannað vinnslu og dreifingu á sjávarafurðum úr þeim vötum.

48. Gildir almenn vatnsvernd eða er slík vernd takmörkuð við tiltekin vötn eða vatn til tiltekinnar notkunar (t.d. vinnslu drykkjarvatns), eða eru sérstök verndarsvæði fyrir utan almenn ákvæði?

Öll vötn eru vernduð gegn mengun, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Með þessum

reglugerðum eru innleiddar tilskipun 76/464/EBE og tilskipun 86/280/EBE, sbr. 88/347/EBE og 90/415/EBE, tilskipun 91/692/EBE og ákvörðun 92/446/EBE, sbr. 95/337/EB, svo og tilskipun 80/68/EBE.

Til viðbótar er sérstök reglugerð 536/2001 um neysluvatn þar sem tilgreind eru verndarsvæði í kringum vatnsból. Reglugerð um neysluvatn innleiðir tilskipun 98/83/EB, tilskipun 75/440/EBE um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar, tilskipun 79/869/EBE um mæliaðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni sem nýtt er til drykkjar í aðildarríkjunum.

49. Tekur gildandi löggjöf tillit til þátta eins og verndar gegn mengun við upptök, losunarstýringar og vatnsgæðastaðla?

Eftirfarandi reglugerðir hafa það m.a. að markmiði að tryggja að umhverfi mengist ekki:

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, innleiðir IPPC tilskipun 96/61/EB, tilskipun 84/360/EBE og ákvörðun 96/511/EB. Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit, sem innleiðir 96/61/EB og ...

Reglugerð nr. 798/1999 um varnir gegn mengun vatns sem innleiðir tilskipun 76/464/EBE og tilskipun ráðsins 86/280/EBE, sbr. 88/347/EBE og 90/415/EBE, tilskipun 91/692/EBE og ákvörðun 92/446/EBE, sbr. 95/337/EB.

50. Er fyrir kerfi eldri reglugerða og/eða sérstök heimild fyrir vinnslu vatns úr grunnvatni og/eða yfirborðsvatni?

Ekkert kerfi eldri reglugerða er í lögum. Samkvæmt vatnalögunum nr. 15/1923 heimilar iðnaðarráðherra efnisvinnslu yfirborðsvatns.

Samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum jarðar heimilar Orkustofnun efnisvinnslu á grunnvatni.

51. Gerir gildandi löggjöf ráð fyrir markmiðum sem koma fram í aðalskipulagi auk þess að telja upp leiðir til að ná þeim markmiðum.

Í núverandi löggjöf er ekki að finna slík ákvæði. Í undirbúningi er að innleiða Water Framework Directive 2000/60/EB. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til innleiðingar á tilskipuninni haustið 2009. Fyrirliggjandi gögn á Íslandi eru umfangsmikil og verða notuð til að setja fram Master-plan.

52. Er fyrir kerfi eldri reglugerða og/eða sérstök heimild fyrir geymslu og meðhöndlun efna sem eru hættuleg eða kunna að vera hættuleg vatni?

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er mengandi starfsemi háð starfsleyfi þar sem kveðið er á um hvernig beri að geyma og meðhöndla efni sem geta valdið mengun. Sérstök reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gildir um olíubirgðastöðvar,

bensínstöðvar, olúgeyma og önnur mannvirki þar sem olía er geymd. Þá gildir reglugerðin einnig um geyma þar sem úrgangsolía eða önnur spilliefni eru meðhöndluð eða geymd.

Um geymslu eiturefna og hættulegra efna fer einnig samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1998 um eiturefni og hættuleg efni.

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er kveðið á um að í svæðis- og aðalskipulagi skuli gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Þá skal einnig gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vatnsbóla. Takmarkanir eru á því hvaða starfsemi megi vera á vatnsverndarsvæðum og í nágrenni þeirra.

53. Hvaða yfirvöld eru ábyrg fyrir:

a) áætlanuferli?

Sveitarfélögin eru ábyrg fyrir stað- og svæðisbundnum áætlunum. Iðnaðarráðherra staðfestir áætlun sveitarfélags sem er þróunaráætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar varðandi landnýtingu, flutning og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun á búsetu í sveitarfélaginu á eigi minna en tólf ára tímabili.

b) ferli samkvæmt eldri reglugerðum og/eða meðferð er varðar veitingu sérstakra heimilda?

Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra eru ábyrgir fyrir regluverki. Iðnaðarráðherra, Orkustofnun og Umhverfisstofnun eru ábyrg fyrir veitingu heimilda. Sveitarfélögin gefa út leyfi til að byggja, breyta eða rífa mannvirki eða breyta notkun þeirra, sem og leyfi til að framkvæma þróunarverkefni í samræmi við þróunaráætlun.

54. Hvernig er samhæfing tryggð milli ýmissa yfirvalda sem koma að áætlun og framkvæmd stefnu og löggjafar tengdra vatni?

Þegar eitt yfirvald gefur út leyfi er venja að leita álits annarra yfirvalda, sem og einkaaðila. Yfirleitt er ekki mælt fyrir um slíka samræmingu mismunandi ferla yfirvalda í lögum. Önnur samræming varðandi skipulagningu á stefnu varðandi vatnamál og löggjöf er meira eða minna gerð á vettvangi stjórn mála.

55. Er stjórnunarkerfi fyrir vatnasvæði og eftirlit með sjávarsvæðum í þróun til að tryggja stjórnun á magni og gæðum auk vatnsgæða og áhættustjórnunar vegna flóða? Ef svo er, hvernig? Er samstarf við þau lönd sem Ísland deilir sjávarsvæðum með? Hvernig er stjórnun sjávarútvegs og sjávarauðlinda samþætt slíkri stjórnun?

Slíkt kerfi er ekki fyrir hendi en unnið er að innleiðingu vatnatilskipunarinnar 2000/60/EB, þar sem sett verður upp slíkt stjórnfyrikomulag með lögum. Þá er tilskipun 2007/60/EC on the assessment and management of flood risks í skoðun m.t.t. mögulegrar upptöku.

Ísland og nágrannaríki deila hafsvæði með miðlínu skiptingu. Margvíslegt samstarf er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni hafsins auk samstarfs um varnir gegn mengun hafs á Norðurslóðum innan Norðurskautsráðsins.

E. Friðlýsing náttúru, líffræðileg fjölbreytni, skóglendi og jarðvegur

56. Lýsið lagastoð fyrir friðlýsingu náttúru, sérstaklega að því er varðar tegundir og búsvæði sem eru áhugaverð með tilliti til náttúruverndar.

Sú löggjöf á Íslandi, sem fellur undir umhverfisaráðuneytið á þessum sviðum er náttúruverndarlög nr. 44/1999, lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og dýraverndarlög nr. 15/1994. Lög nr. 26/1949 um hvalveiðar heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, en nýtt frumvarp til laga um hvali var lagt fram á síðasta þingi en var þó ekki afgreitt fyrir þinglok. Þá er að finna í Konungsbréfi frá 23. júní 1779 ákvæði um landshlut af flutningshvölum á Íslandi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fer einnig með yfirstjórn mála er varða selveiðar, en ekki eru til sérstök lög um slíkar veiðar. Til eru þó einstök lagafyrirmæli, þ.e. í Rekabálki Jónsbókar frá 1281, í lögum nr. 29/1937 um útrýmingu sels í Húnaósi, í Landskiptalögum nr. 46/1941 og í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Lög um lax- og silungsveiði kveða þó að meginreglu til á um veiðar á lax og silungi og ákvæði um takmarkanir á slíkum veiðum.

Lög um náttúruvernd taka mið af þeim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að, þ.e. samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar-samþykkt), samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsamningur), samning um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og alþjóðasamþykkt um fuglaverndun (Parísarsáttmáli). Markmið náttúruverndarlaga að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Eiga löggin að tryggja eins og kostur er þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum og verndun þess sem er sérstætt eða sögulegt, sem og að stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Í lögnum er að finna ákvæði um almannarétt, umgengni og útivist, rekstur náttúruverndarsvæða, landslagsvernd, nám jarðefna, friðlýstar náttúruminjar og náttúruverndaráætlun og náttúruminjasrá.

Í samræmi við náttúruverndarlög hafa ýmsar náttúruminjar verið friðlýstar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistgerðir og vistkerfi sem eru á náttúruminjasrá. eru friðlýsingar ýmist framkvæmdar með lagasetningu eða setningu reglugerða eða auglýsinga af hálfu umhverfisaráðherra. Þau lög sem í gildi eru og sett hafa verið í tengslum við friðlýsingar eru lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004, lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007, lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 og lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Í 37. gr. laga um náttúruvernd er einnig kveðið á um sérstaka vernd jarðmyndana og vistkerfa og segir þar að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er. Er þar um að ræða eldvörp, gervigíga, eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, mýrar og flóa, 3 hektara að stærð eða stærri, fossa, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri, sjávarfitjar og leirur. Skal þá leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa, nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laganna þar sem umsögn liggur fyrir. Í samræmi við náttúruverndarlög lætur umhverfisaráðherra vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt sem lagt er fyrir Alþingi. Hefur áætlunin að geyma upplýsingar um náttúruminjar sem ástæða þykir að friðlýsa. Hefur þá aðferðarfræði Emerald network, sem tengist Natura 2000, verið höfð til hliðsjónar við gerð tveggja náttúruverndaráætlana skv. lögnum, sem samræmist skuldbindingum er tengjast samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Tekið skal þá fram að fyrirhuguð er endurskoðun

gildandi laga um náttúruvernd þar sem horft verður til tilskipana ESB, þ.e. Birds Directive (Council Directive 79/409/EEC of 2 April 1979 on the conservation of wild birds) og Habitats directive (Council Directive 92/43/EEC of 21 May 1992 on the conservation of natural habitats and of wild fauna and flora). Meðfylgjandi skjali þessu er ensk þýðing á íslenskum náttúruverndarlögum.

Lögin nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum taka mið af ákvæðum Alþjóðasamþykktar um fuglaverndun (Parísarsáttmálans) og Samnings Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bernarsáttmálans). Markmið laganna er einkum að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna og skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra. Lögin taka þó hvorki til hvala né sela. Samkvæmt lögunum eru öll villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, friðuð nema annað sé tekið fram. Er ráðherra heimilt að aflétta tímabundið eða jafnvel allt árið friðun tiltekinna tegunda, svo sem hreindýra og ýmissa fuglategunda, sbr. rjúpan og lundinn. Hins vegar er heimilt að drepa rottur og mýs allt árið og er sama að segja um mink og ref þótt önnur ákvæði gildi þar um veiðar.

Lögin um dýravernd taka til allra dýra, en þó einkum þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna. Í lögunum er m.a. kveðið á um meðferð dýra, vistarverur og umhirðu, um dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði, dýraveiðar og tilraunir á dýrum. Tekið skal fram að í gangi er vinna við endurskoðun dýraverndarlaga þar sem m.a. er horft til löggjafar ESB á því sviði.

57. Að hvaða marghliða samningum á sviði umhverfismála sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni er Ísland aðili, og hvernig er framkvæmd þeirra háttáð?

Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD), samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, Bernarsamningi um villtar plöntur og dýr og náttúruleg búsvæði í Evrópu, Ramsar-samningi um votlendi og samningnum um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu. Framkvæmd þessara marghliða samninga felur meðal annars í sér þátttöku á fundum með samningsaðilum og reglulega skýrslugerð. Að því er varðar samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni hittist samræmingarnefnd sem samanstendur af lykilráðuneytum á forfundi undir stjórn umhverfiráðuneytisins áður en fundir þátttökuaðila og aðrir lykilfundir eru haldnir. Önnur landsskýrsla Íslands til samningsaðila Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni er aðgengileg á ensku²³.

58. Hver er landsáætlunin varðandi líffræðilega fjölbreytni?

Ríkisstjórnin samþykkti landsáætlun um líffræðilega fjölbreytni í ágúst 2008. Tilgangur landsáætlunar er a) að innleiða ákvæði samningsins um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi og b) að mynda ramma um stefnumótun og aðgerðir á vegum ríkisins varðandi verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi. Með áætluninni er lögð áhersla á tíu lykilatriði og 27 aðgerðaþætti í því skyni að framfylgja stefnunni. Meðal helstu áhersluatriða eru rannsóknir og eftirlit með líffræðilegri fjölbreytni, menntun, verndun lífríkis á þurru landi og í ferskvatni, friðlýst hafsvæði, varnir gegn ágangi framandi tegunda og reglur um erfðabreyttar tegundir.

²³ <http://www.cbd.int/doc/world/is/is-nr-02-en.doc>

59. Hvaða kerfi friðlýstra svæða eru fyrir hendi til verndar náttúrunni, þar með talin sérstaklega friðlýst hafsvæði?

Skipulag fyrir friðlýsingu svæða og tegunda sem eru sérstakar náttúruminjar er sem hér segir:

1. Náttúruverndarlög nr. 44/1999²⁴

Friðlýsing svæða og tegunda sem eru náttúruminjar á landi:

Umhverfissráðherra er heimilt, að fengnum tillögum eða álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friðlýsa ákveðin svæði og/eða tegundir. Flokkun friðlýsinga samkvæmt náttúruverndarlögum er sem hér segir:

- Þjóðgarðar
- Friðlönd
- Náttúruvætti á landi og í hafi
- Friðlýstar lífverur, búsvæði, tegundir búsvæða og vistkerfi, og
- Fólkvangar

Friðlýsing náttúruminja í hafi

Umhverfissráðherra getur lýst því yfir að svæði innan landhelgi og efnahagslögsögu séu friðlýstar náttúruminjar í hafi, þar með taldar eyjar og sker og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna, eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu, sögulegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki verði raskað. Áður en slíkt er gert þarf að afla samþykkis frá ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, sem og tillagna og álita frá Hafrannsóknastofnuninni, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Einnig skal friðlýsa svæði umhverfis náttúruminjar og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Verndun skóga og annarra gróðursamfélaga

Umhverfissráðherra getur í samráði við ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir til verndar skógum og annarra gróðursamfélaga. Umhverfisstofnun skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og fylgjast með ástandi gróðurs. Umhverfisstofnun skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og umsjón með náttúrulegum birkiskógum og trjálendi til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með því að reyta upp mosa, lyng eða hrísrif eða á annan hátt.

Steindir

Umhverfissráðherra getur mælt fyrir í reglugerð um vernd steinda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum. Bannað er að fjarlægja einstakar steindir úr föstum jarðlögum. Umhverfissráðuneytið getur að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar veitt leyfi fyrir undanþágur frá þessu ákvæði þegar um jarðfræðirannsóknir er að ræða.

2. Önnur löggjöf varðandi náttúruverndarsvæði

Á Íslandi eru stór svæði friðlýst í lögum vegna náttúrulegs og/eða menningarlegs mikilvægis. Eftirtalin svæði eru friðlýst á grundvelli sérstakrar löggjafar:

- Þingvallabjörggarður, fyrst friðlýstur árið 1930 með lögum nr. 47/2004
- Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005²⁵

²⁴ Sjá meðfylgjandi óopinbera þýðingu.

²⁵ Sjá meðfylgjandi óopinbera þýðingu

- Lög um Mývatn og Laxá og vatnasvið þeirra sem voru fyrst friðlýst 1974 með lögum nr. 97/2004
- Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995
- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007

3. Þjóðskógar

Þjóðskógur er skilgreindur sem sérhvert svæði sem er í eigu og/eða undir stjórn Skógræktar ríkisins. Þjóðskógarnir eru tákni um fyrstu skrefin í náttúruvernd á Íslandi, en fyrsti slíki skógurinn hefur verið friðlýstur síðan 1905. Flesta þeirra fékk ríkið upphaflega í því skyni að friðlýsa leifar náttúrulegs birkiskógar, sem mestan hluta 20. aldar þýddi í raun varnir gegn búfjárbreit. Fyrstu tilraunir á sviði nýskógræktar eru einnig varðveittar innan þjóðskóganna og voru sumir þeirra upphaflega trjálausir. Þeir lúta stjórn Skógræktar ríkisins á grundvelli umboðs til að „vernda skóga og leifar skóga“ og að „koma á fót nýjum skógi þar sem við á“, sem var að finna í Skógræktarlögum nr. 3/1955.

4. Landgræðslusvæði

Landgræðslusvæði er skilgreint sem hvert það svæði sem er í eigu og/eða stjórnað af Landgræðslu ríkisins, sem er ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Slík svæði eru ekki náttúruverndarsvæði í lagamerkingu samkvæmt Náttúruverndarlögum nr. 44/1999 en slík svæði eru venjulega varin gegn búfjárbreit með girðingum þar sem Landgræðsla ríkisins greiðir fyrir mismunandi uppgræðsluáðgerðir sem byggjast á 7. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Verndun landgræðslusvæða byggist ýmist á samningum við bændur/landeigendur eða sögulegri nýtingu. Landgræðslusvæðin njóta einungis tímabundinnar friðlýsingar þangað til þau verða flokkuð sem endurræktað land og sjálfbært. Þegar svo er komið eru þau afhent fyrri eigendum til landbúnaðarnota, venjulega til búfjárbreitar. Þegar þessum svæðum er skilað til fyrri eigenda skuldbinda þeir sig til að viðhalda landinu þannig að það spillist ekki og til að fylgja reglum Landgræðslunnar um sjálfbæra landnýtingu.

Á hvaða grundvelli hafa svæði verið friðlýst?

Náttúruverndaráætlun

Náttúruverndaráætlun gefur sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, það er náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Í áætluninni er lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Í áætluninni er einnig lýst helstu tegundum búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndunum. Við gerð áætlunarinnar skal taka tillit til eftirfarandi:

- Menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar
- Nauðsynjar á endurheimtu tegunda búsvæða
- Nýtingar mannsins á náttúrunni
- Ósnortinna víðerna.

Þá skal meðal annars miðað við að þau svæði sem áætlunin tekur til:

- Hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu
- Séu óvenjulega tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun
- Séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda
- hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi

- Séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla
- Hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi
- Séu einkennandi fyrir náttúruferjum viðkomandi landshluta.

Þjóðgarðar eru landsvæði þar sem landslag eða lífríki er einstakt eða á því hvílir söguleg helgi þannig að ástæða er til að varðveita þau og leyfa almenningi aðgang að þeim eftir tilteknum reglum. Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda. Viðmiðunarreglur Heimssamtaka um náttúruvernd (IUCN) um þjóðgarða eru þær reglur sem settar hafa verið um stjórnun þjóðgarða á Íslandi.

Friðlönd eru landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis.

Náttúruvætti eru náttúrumyndanir, svo sem fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal einnig svæði kringum náttúrumyndanir.

Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eru vernduð þegar nauðsynlegt er talið frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði. Þeim má ekki raska, svo að þeim fækki ekki eða verði útrýmt.

Fólkvangar eru svæði sem komið er á fót að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags þar sem skilgreint er tiltekið landsvæði sem ætlað er til útivistar og almenningsnota.

Það er á ábyrgð Umhverfisstofnunar að ganga frá undirbúningi að friðlýsingu svæðis. Leita þarf samstarfs við Hafrannsóknastofnunina við undirbúning friðlýsingar hafsvæðis. Umhverfisstofnun gerir uppkast að ákvæðum friðlýsingar og kynnir þau fyrir landeigendum, sveitarstjórnnum sem málið varðar og öðrum hagsmunaaðilum. Friðlýsing svæðis byggist á reglunni um frjálst val.

Við friðlýsingu skal meðal annars kveðið á um:

- Meginsjónarmiðin um friðlýsingu náttúruminja
- Umfang friðlýsingar
- Að hvaða marki byggingarframkvæmdir eða annars konar starfsemi er takmörkuð
- Umferð og aðgengi almennings
- Nýtingu og veiðiréttindi

Friðlýsing má enn fremur fela í sér leiðbeiningar um nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið útivistar á friðlýstu svæði, eins og gerð göngustíga og girðinga og svipaðar ráðstafanir.

Verði samkomulag á grundvelli reglunnar um frjálst val um friðlýsingu skal málið borið undir umhverfisráðherra til samþykkis.

Hver er núverandi þekja?

Friðlýsing í lögum eða með stjórnvaldsgerð

Núverandi þekja friðlýstra svæða er 14.879,1 km², auk þekju hafverndarsvæðis á Breiðafirði.²⁶

²⁶ Um frekari upplýsingar varðandi þekju friðlýstra svæða sjá töflu og landabréf.

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 eru eyjar, sker og strandlengja Breiðafjarðar friðlýst. Erfitt er að meta flatarmál eyja og strandlengjunnar vegna lögunar þeirra og fjölda. Áætlað hefur verið að þekja eyja á verndarsvæðinu sé 65 km² og heildarlengd strandlengjunnar sé 2.703 km.

Núverandi þekja friðlýstra vatnasviða á Íslandi er 3.495,8 km²

Þjóðskógar

Þjóðskógar eru 58 að tölu og mismunandi að stærð, frá minna en einum hektara til yfir 12.000 hektara. Heildarflatarmál þeirra er yfir 30.000 hektarar en nákvæm tala er óþekkt vegna þess að ekki er búið að leysa ágreining vegna eignarréttinda á landi og umráðaréttar á nokkrum stöðum. Af þessu svæði hafa kringum 10.000 hektarar verið friðlýstir gagnvart búfjárbætur og einungis um 8.000 hektarar eru skógar og skóglendi.

Landgræðslusvæði

Nú eru landgræðslusvæði 106 að tölu og heildarflatarmál þeirra er 3.240 km².

Alþjóðlegir samningar

Þrjú friðlýst svæði á Íslandi hafa verið skilgreind sem Ramsar-svæði samkvæmt samningi um votlendi sem hafa alþjóðlegt mikilvægi, sérstaklega sem búsvæði vatna og sjófugla. Þetta eru Mývatn og Laxá og verndarsvæði vatnasviðs þeirra sem eru 200 km², verndarsvæði Þjórsárvera sem er 375 km² og verndarsvæði Grunnafjarðar sem er 14,7 km².

Á Íslandi eru tvö friðlýst svæði sem skráð eru á heimsminjaskrá UNESCO; þjóðgarðurinn á Þingvöllum sem er 237 km², skráður árið 2004, og verndarsvæði Surtseyjar sem er 65,5 km², skráð árið 2008.

60. Hver eru helstu (lögfræðilegu og hagnýtu) heimildargögn um náttúruvernd (til dæmis leyfisveitingakerfi, mat á áhrifum, samningar um stjórnun og eftirlit, verndaráætlanir, bótakerfi og svo framvegis), eftirlit með skipulagi landnýtingar og núverandi úrræði til að framfylgja:

a) vegna friðlýstra svæða;

Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Mannvirkjagerð, röskun á jarðlögum með vélbúnaði, bann við röskun á villtum plöntum og dýrum á tilteknum svæðum og á öðrum byggt á mati og leyfi frá Umhverfisstofnun.

Leyfisveitingar: Samkvæmt friðlýsingu viðkomandi svæðis þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta getur verið á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leiti framkvæmdaraðili ekki leyfis er Umhverfisstofnun heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða að þær verði stöðvaðar. Verði framkvæmdaraðili ekki við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita *dagsektum* í þessu skyni og leita atbeina lögreglu ef með þarf.

Samningar um stjórnun og eftirlit: Nokkrir samningar um stjórnun og eftirlit hafa verið gerðir um friðlýst svæði. Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur hvers kyns náttúruverndarsvæða, að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna, sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveðið á um réttindi og skyldur sammingsaðila, mannvirkjagerð á svæðunum og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna og móttöku og fræðslu ferðamanna, svo og gjaldtöku. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningskuldbindingar.

Áætlun um stjórnun og eftirlit/verndaráætlun: Umhverfisstofnun hefur umsjón með gerð áætlana um stjórnun og eftirlit/verndaráætlana vegna náttúruverndarsvæða.

Skadabætur: Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á vegum friðlýstra svæða eða lífvera á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði, nema öðruvísi sé kveðið á um. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms.

Þjóðskógar

Í gildi eru tvö megin heimildargögn um náttúruvernd þjóðskóga. Það fyrra varðar girðingar sem vernda slíka skóga gegn búfjárbætur samkvæmt reglum 3. kafla laga um skógrækt nr. 3/1955 og ákvæði í girðingalögum nr. 135/2001. Það er á ábyrgð Skógræktar ríkisins að koma á fót og viðhalda girðingum í samstarfi við eigendur aðliggjandi landa samkvæmt ákvæðum girðingalaga nr. 135/2001. Síðara megin heimildargagnið er áætlun um stjórnun og eftirlit fyrir hvern einstakan þjóðarskóg. Þessi megin heimildargögn eru með ákvæði um landslagsvernd, tilteknar landslagsmyndir og gróðurtegundir (eins og votlendi), tegundir í útrýmingarhættu (skráð á válista), bæði plöntur og dýr og svæði með fornminjum. Ekki er skipað fyrir um áætlanir um stjórnun og eftirlit fyrir þjóðskóga í lögum.

Landgræðslusvæði

Helsta verndartækið sem beitt er varðandi landgræðslusvæði er girðingar til að koma í veg fyrir búfjárbætur og byggist það á ákvæðum landgræðslulaga nr. 17/1965. Landgræðsla ríkisins er sú stofnun sem fer með framkvæmdavald á landgræðslusvæði. Hið venjulega ferli er að meta hversu mikil inngríp séu nauðsynleg til að ná markmiðum og velja síðan uppgræðsluáferðir í samræmi við það. Notkun áburðar og/eða sáning grasfræja í völdum hólum, eða á öllu landgræðslusvæðinu ef slíkt á við, er algengasta uppgræðsluáferðin. Einnig er trjám plantað til viðbótar á völdum svæðum. Síðan er fylgst með framvindunni til að meta þörfina á frekari uppgræðslu.

Alþjóðlegir samningar

Ísland gerðist aðili að Ramsar-samningnum þann 2. desember 1977 með tilgreiningu tveggja Ramsar-svæða. Frá þeim tíma hefur eitt Ramsar-svæði verið friðað, árið 1996.

Þetta eru Mývatn og Laxá og verndarsvæði vatnasviðs þeirra sem eru 200 km², verndarsvæði Þjórsárvera sem er 375 km² og verndarsvæði Grunnafjarðar sem er 14,7 km²

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Umhverfismat er framkvæmt samkvæmt tilskipunum nr. 97/11/EB og 85/337/EBE um mannvirkjagerð. Staða verndar fyrir viðkomandi svæði er mikilvægur þáttur í ferlinu sem fylgir mati á umhverfisáhrifum.

Nýskógrækt innan friðlýstra svæða (skilgreind sem þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar, svæði sem eru friðlýst á grundvelli sérstakrar löggjafar eða á grundvelli alþjóðlegra samninga, vatnsverndarsvæði neysluvatns, votlendi sem er yfir þrjú hektarar að stærð, eldfjallamyndanir, svæði með fornminjum og svæði sem hafa verið friðlýst af hálfu sveitarstjórna) gerir ráð fyrir frumumhverfismati og kann að vera með skilyrði um fullt mat samkvæmt lögum um umhverfismat nr. 106/2000.

b) varðandi náttúruvernd utan friðlýstra svæða

Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Náttúruminjakrá: Í náttúruminjakrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- Friðlýsta staði með náttúruminjum

- Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun
- Aðra staði með náttúruminum, það er landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Umhverfissráðherra getur í reglugerð með stoð í lögum um náttúruvernd sett nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja.

Ef framkvæmdir við mannvirkjagerð valda hættu á röskun eða eyðileggingu svæða sem skráð eru í náttúruminjaskrá verður framkvæmdaraðili að tilkynna Umhverfisstofnun um áhættuna í því skyni að geta leitað eftir álitum stofnunarinnar.

Sérstök friðlýsing: Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar friðlýsingar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² eða meira að flatarmáli
- Votlendi, mýrar og flóar, þrjú hektarar eða meira að flatarmáli
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² eða meira að flatarmáli,
- Sjávarfitjar og leirur.

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

Samkvæmt Skipulagsreglugerð nr. 400/1998, með stoð í skipulags- og byggingarlögum, geta sveitarstjórnir friðað sérstök svæði sem menningar- eða náttúruminjar í landshluta, innan sveitarfélags eða staðbundið án formlegrar friðlýsingar. Samkvæmt sömu lögum er bannað að reisa mannvirki innan 50 metra frá strandlengju stöðuvatna, árbakka og frá sjó þannig að almenningur hafi aðgang (umferðarréttur almennings).

Skógrækt og nýskógrækt

Þrjú ákvæði Skógræktarlaga nr. 3/1955 miða sérstaklega að verndun skóga og skóglendis utan friðlýstra svæða. Þetta eru 1) bann við tínslu trékenndra plantna og annars gróðurs með því að slíta hann upp, 2) bann við ruðningi skógs og skóglendis nema bætt verði fyrir með endurplöntun eða nýskógrækt, og 3) bann við vetrarþeipi í skógi og í skóglendi.

Þessi ákvæði eiga að óverulegu leyti við nú til dags, úr því að ruðningur skóglendis, notkun á gróðri fyrir eldsneyti og vetrarþeipi eiga ekki við nú til dags. Banni við ruðningi skóga er framfylgt, til dæmis þar sem lagning nýrra vega eða nýbyggingar gera ráð fyrir slíkum ruðningi.

Í slíkum tilvikum er unnið að samningu ákvæða sem eiga að gilda um nýja skóga á áætlanastigi tilskilinnar opinberrar áætlunar. Skógræktin starfar með Skipulagsstofnun við eftirlit með tilvikum þegar fyrir liggja tillögur um ruðning skóga. Skógrækt ríkisins starfar einnig við að lágmarka umfang þess svæðis sem þarf að ryðja og við að ákveða viðeigandi úrræði til að bæta fyrir röskun, í samráði við skipulagsyfirling og framkvæmdaraðila.

Ferli nýskógræktar felur einnig í sér að vernda landsvæðið gegn búfjárbætur með girðingum. Öll nýskógræktarsvæði sem njóta ríkisstyrkja sem byggjast á lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006 njóta þeirra á grundvelli skógræktaráætlunar. Þessar skógræktaráætlanir eru með ákvæði, ef við á, um landslagsvernd, tiltekna landslagsmyndir og gróðurtegundir (eins og votlendi), 'plöntur og dýr og svæði með fornminjum skráð á valista. Ekki er skipað fyrir um skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir í lögum.

Búið er að þróa safn viðmiðunarreglna sem byggjast á besta verklagi varðandi nýskógrækt og sem fylgt er af fjölbreyttum hópi hagsmunaaðila á vegum ríkisins og frjálsra félagasamtaka. Þar á meðal eru Skógræktarfélag Íslands, Skógrækt ríkisins, landshlutaverkefni um skógrækt, Félag skógræktarbænda, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun, Fuglaverndarfélag Íslands og Landvernd (frjáls félagasamtök). Viðmiðunarreglurnar byggjast á frjálsu vali.

Landgræðsla

Landgræðsla ríkisins vaktar stöðu gróðurs og er heimilt samkvæmt ákvæðum í Landgræðslulögum nr. 17/1965 að grípa inn ef talið er að landnotkun muni hafa neikvæð áhrif á gróður. Landgræðsla ríkisins getur ákveðið takmarkanir við búfjárbreit. Landgræðsla ríkisins er einnig í samstarfi við landeigendur og hefur yfir að ráða ráðstöfunum eins og Bændur græða landið og Landbótasjóði í því skyni að veita bændum og jarðeigendum fjárhagslegan stuðning og ráðgjöf við landgræðsluverkefni. Skilyrði er að búfjárbreit sé stjórnað samkvæmt báðum þessum áætlunum.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Staðsetning framkvæmda er mikilvægur þáttur í matsferli umhverfisáhrifa. Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til núverandi landnota, magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda á svæðinu og álagspóls náttúrunnar.

c) varðandi friðlýstar tegundir, þar á meðal þær sem skráðar eru í viðaukum við tilskipun ESB um búsvæði og þær tegundir sem tilskipun ESB um fugla tekur til?

Tilskipun ráðsins 92/43/EBE um verndun náttúrulegra heimkynna og tilskipun ráðsins 79/409/EBE um vernd villtra fugla eru ekki hluti EES-samningsins.

Megin lögfræðilegu heimildargögn um friðlýsingar tegunda eru:

Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Tillögur að náttúruverndaráætlun 2009-2013 þar sem lögð er áhersla á friðlýsingu tegunda æðplantna, fjallagrasa og mosategunda sem talið er að séu í útrýmingarhættu og í því skyni að efna alþjóðlegar skuldbindingar eins og samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamning um verndun villtra plantna og dýra og búsvæða, og netkerfi um þróun sérstakra svæða um verndun tegunda og búsvæða.

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum eða álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, að friðlýsa lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi þegar slíkt er talið nauðsynlegt frá sjónarmiðum vísinda eða náttúrufræða eða vegna annarra menningarlegra sjónarmiða. Ekki má raska þeim til að þeim fækki ekki eða þeim verði útrýmt. Samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978 er 31 plöntutegund friðlýst.

Skógrækt og nýskógrækt

Hvar sem friðlýstar plöntutegundir finnast í þjóðarskógum eða á ríkisstyrktum skógræktarsvæðum eru þær kortlagðar og kveðið er á um friðlýsingu þeirra í áætlunum um stjórnun og eftirlit/nýskógrækt. Sjaldgæft hefur verið að hagsmunir vegna skógræktar/nýskógræktar stangist á við friðlýstar fuglategundir vegna þess hve íslensk skógrækt er lítil að vöxtum. Í viðmiðunarreglum um besta verklag er fjallað um það hvernig koma eigi í veg fyrir slíka hugsanlega árekstra.

Landgræðsla

Þegar um er að ræða sjaldgæfar eða friðlýstar plöntutegundir sem finnast á uppgræðslusvæðum er tilvist slíkra plantna höfð til hliðsjónar þannig að þeim stafi ekki ógn

af. Vegna eðlislægrar náttúru slíkra svæða eru svæði Landgræðslu ríkisins hins vegar með takmarkaða eða enga gróðurþekju og mjög sjaldan með neinar friðlýstar tegundir.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Friðlýsing í lögum

Villtir fuglar og villt spendýr eru friðlýst nema kveðið sé öðru vísi á um í lögnum að undanteknum músum í og kringum dvalarstaði, rottum og minkum. Lög nr. 64/1994 eiga ekki við um sjávarspendýr. Fjallað er um sjávarspendýr ásamt annars konar sjávarfangi í löggjöf um fiskveiðar, samanber svar við spurningu 61 að neðan.

Haförninn og búsvæði hans er friðlýst í lögum.

Friðlýsing með reglugerð eða með annarri stjórnvaldsgerð

Umhverfisráðherra er ekki heimilt að auglýsa aukna friðlýsingu fyrir einstakar tegundir. Tegundir sem eru friðlýstar á grundvelli aukinnar friðlýsingar eru fálki, haförn, snæugla, haftyrdill, keldusvín og þórshani. Hin aukna friðlýsing nær yfir ljósmyndun, hljóðupptöku eða aðrar athafnir sem valdið gætu röskun.

Æðarfugl er friðlýstur þar sem tínsla æðardúns fer fram. Æðardúnn er tíndur úr hreiðrum æðarfuglsins þannig að ekki sé valdið skaða á bæli. Sýslumenn mega, að fenginni umsókn frá viðkomandi ábúanda, framfylgja friðlýsingu á svæðum um tíu ára tímabil í senn.

Veiðar

Kveðið er á í lögum um að umhverfisráðherra geti leyft takmarkaðar veiðar sem stýrt er af Umhverfisstofnun á sumum tegundum sem skráðar eru í lögum nr. 64/1994. Ástæður þess að leyfa skuli veiðar á vernduðum tegundum má byggja á fjölda einstaklinga innan tegundar og tímgunarhraða sem skilyrtur er, notkun kjöts og annarra afurða. Veiðar má einnig leyfa til að takmarka skaða.

Tegundir sem leyft er að veiða

Svarbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn, grágæs, heiðagæs, helsingi, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hettumáfur, rita, skarfur, toppskarfur, fýll, álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi, steinn, rjúpa, kjói, súla (ungfugl), refur, minkur, hreindýr.

Notkun búnaðar, fyrirkomulags eða aðferða við magnveiðar eða veiðar þar sem ekki er greint á milli tegunda við að fanga eða drepa fugla, eða sem geta valdið því að tegund hverfi alfarið af ákveðnu svæði, er bönnuð. Aðferðir við dráp skulu vera snöggar og mannúðlegar. Sérstök ákvæði eru til staðar varðandi dýravernd og farartæki til nota við veiðar.

Bann við markaðssölu villtra fugla

Umhverfisráðherra getur bannað markaðssölu afurða af villtum fuglum og veiðibráð, sé það talið nauðsynlegt til verndar viðkomandi dýrastofni. Innflutt villibráð fellur utan gildissviðs bannsins.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Búsvæði fugla og önnur búsvæði er mikilvægur þáttur í ferlinu sem fylgir mati á umhverfisáhrifum.

Önnur heimildargögn um verndun

Válisti yfir tegundir sem eru í útrýmingarhættu: Listinn er mikilvægt tæki til að efna skuldbindingar sem stjórnvöld takast á hendur, á vettvangi mismunandi alþjóðlegra og

svæðisbundinna ráðstefna um verndun tegunda í útrýmingarhættu og búsvæða þeirra. *Válisti 1, Plöntur*, var gefinn út árið 1996 og *Válisti 2, Fuglar*, var gefinn út árið 2000.

Válistarnir ráða úrslitum um að hægt sé að hafa eftirlit með skilvirkum hætti með viðkvæmstu plöntu- og dýrategundunum og mynda grundvöll fyrir sjálfbæra nýtingu og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Eftirlit með skipulagi landnýtingar

Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda við gerð svæðisskipulags- og aðalskipulagsáætlana eða við verulegar breytingar á þeim. Álita þeirra skal einnig leita áður en umhverfismat er framkvæmt. Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Skal þá leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa, nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laganna þar sem umsögn liggur fyrir.

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

Tilgangur laganna er m.a. að stuðla að skynsamlegri og skilvirkri nýtingu lands og náttúruauðlinda, að tryggja varðveislu náttúrulegra og menningarlegra verðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, sem byggist á meginsjónarmiðum varðandi sjálfbæra þróun.

Úrræði til að framfylgja lögum

Náttúruverndarlög nr. 44/1999

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum eða til þess að láta af atferli sem er ólöglegt. Ákveða skal hámark dagsekta með reglugerð.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og sviptingu veiðileyfis. Brot gegn ákvæðum um sjaldgæfar fuglategundir varða aukinni refsingu. Ólöglega fengna villibráð, egg og veiðibúnað má gera upptæka.

61. Hver er helsti munur á gildandi náttúruverndarlöggjöf og lögum EB um náttúruvernd (tilskipanir ESB um búsvæði og fugla) og hverjir eru helstu erfiðleikar sem þið sjáið fyrir varðandi samræmingarferlið? Greinið frá löggjöf og leggið fram tölfræðigögn, sér í lagi varðandi hvalveiðar og selveiðar og markaðssölu hvalaafurða.

Hugmyndafræði og markmið ESB löggjafar og íslenskra laga á sviði almennrar náttúruverndar eru þau sömu. Meginmunurinn er sá að ekki er kveðið á um skyldu í íslenskum náttúruverndarlögum til gerðar vistgerðarkorta og kerfisbundinnar uppbyggingar á neti verndarsvæða, eins og kveðið er á um í Birds directive og Habitats directive.

Töluverð vinna er fyrirséð í tengslum við gerð vistgerðarkorta og uppbyggingu á neti verndarsvæða þar sem ljóst er að talsverðar rannsóknir þurfa að fara fram í tengslum við þá vinnu í samráði við vísindanefnd ESB. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þó frá árinu 1999 unnið að vistgerðarflokkun og hefur um 40% landsins verið skilgreint og flokkað, en um er að ræða flokkun vistgerða á miðhálandi Íslands.

Friðun villtra dýra er með öðrum hætti í ESB löggjöf heldur en á Íslandi þar sem í löggjöf ESB er stuðst við lista í viðaukum (Annex) eftir því hvernig bregðast þarf við með hliðsjón af ástandi einstakra tegunda, bæði svæðisbundið og á alþjóðavísu og eru tegundir listaðar upp í samræmi við stöðu tegundarinnar. Á Íslandi eru hins vegar allir villtir fuglar og villt spendýr, að undanskildum hvölum og selum, friðuð skv. lögum nr. 64/1994, nema annað sé tekið fram, en ráðherra er hins vegar heimilt að aflétta tímabundið eða allt árið friðun tiltekinna tegunda. Ekki er því í íslenskri löggjöf lögbundin flokkun dýrategunda á listum eftir alvarleika og ástandi stofna.

Hvalveiðar og selveiðar

Reglur um sjávarafurðir, þ.m.t. seli og hvali, tilheyra lögsögu sjávar- og landbúnaðarráðuneytis. Samkvæmt íslenskri löggjöf falla sjávarspendýr, þegar þau eru nýtt í viðskiptaskyni, ekki undir löggjöf um náttúruvernd. Sjá núverandi hvalveiðilög nr. 26/1949 á ensku í viðauka 27:61. Ekki eru til nein einstök íslensk lög um selveiðar, en ýmis einstök ákvæði eru til. Elstu ákvæði um nýtingu hvala og sela eru í *Rekabálki* sem er kafli lögbókarinnar *Jónsbók*, og eru frá árinu 1281. Til eru ákvæði um hvali í Konungstilskipun frá 23. júní 1779, varðandi hlutdeild hvalmetis sem flutt er út frá Íslandi. Einnig eru í gildi lög nr. 29/1937 um útrýmingu sels í Húnaósi. Að lokum eru ákvæði um selveiðar í landskiptalögum nr. 46/1941 þar sem fjallað er um selveiðar í umfjöllun um hlunnindi einstakra jarða sem verður að meta áður en þeim er skipt. Fyrirmæli um selveiðar eru í lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiðar, þar sem í 11. gr. er veitt heimild til að fæla burt eða skjóta sel sem gengur í veiðiár eða í ósa þeirra.

Lagaákvæði, sem ná allt frá landnámi Íslands á miðöldum, sýna fram á mjög langa hefð nýtingar sjávarspendýra á Íslandi, og eru elstu lögín frá 1281.

Tölfræðigögn eru birt á hverju ári um nýtingu hvala og sela í ritinu *Hafrannsóknir* sem er gefið út af Hafrannsóknarstofnun og fjallar um stöðu sjávarspendýra sem nýtt eru í viðskiptaskyni (síðasta hefti kom út árið 2009). Ráðgjöf sem Hafrannsóknarstofnunin leggur fram byggist á mati af hálfu vísindanefndar NAMMCO og Alþjóða hvalveiðiráðsins, sem byggja ráðgjöf sína á varúðarreglunni og langtíma sjálfbærni. Í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar fyrir árið í ár (2009) eru árlegar veiðar 200 langreyða og hrefna taldar vera innan sjálfbærnimarkna. Hafrannsóknarstofnunin ráðleggur að hvalveiðum verði dreift umhverfis landið í samræmi við dreifingu þessara tegunda í hafinu kringum Ísland. Í viðauka við reglugerð sjávar- og landbúnaðarráðuneytisins nr. 58/2009 frá 27. janúar í ár (2009) kemur fram að leyfður heildarafli langreyða og hrefna árið 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013 skuli vera sami og fjöldi dýra sem tiltekinn er í veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar. Þann 15. september 2009 var búið að veiða 79 hrefnur og 111 langreyðar á árinu.

Dregið hefur úr selveiðum á Íslandi undanfarin ár. Í ritinu *Hafrannsóknir*, kemur fram að núverandi veiðar á útsel séu í samræmi við veiðimarkmið þau sem stjórnvöld hafa sett fram varðandi þennan stofn. Unnið er að því að setja veiðistjórnunarmarkmið varðandi landsel; þegar því er lokið mun Hafrannsóknarstofnunin láta í té veiðiráðgjöf varðandi þessa tegund. Í fyrra voru veiddir 342 selir í hafinu kringum landið.

Markaðssala afurða er í höndum einkaaðila en ekki ríkisins.

62. Hver er helsti munur á milli gildandi löggjafar um verslun með villt dýr og lögum og reglugerðum EB um það mál og hverjir eru helstu erfiðleikar sem þið sjáið fyrir varðandi samræmingarferlið?

Löggjöf um villtar plöntur og dýr og verslun með slíkt innan ESB og á Íslandi er í báðum tilvikum byggð á Bernarsamningnum og er ekki frábrugðin í verulegum atriðum. Þar að auki eiga þessir aðilar báðir aðild að CITES-samningnum um milliríkjaverslun með plöntu- og dýrategundir í útrýmingarhættu.

Undirstöðuregla laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er alfriðun allra tegunda. Samtímis heimila lögin umhverfisráðherra að leyfa takmarkaðan veiðitíma varðandi tiltekna fuglategundir, að því gefnu að stofnar þeirra þoli veiðiálag. Varðandi tegundir sem eru löglega veiddar og aðfengnar innanlands gilda engin takmörk um sölu fugla og afurða frá þeim nema að því er varðar rjúpu (*Lagopus mutus*). Viðskiptabann á öllum afurðum rjúpunnar var komið á fót sem ráðstöfun til verndar og friðunar árið 2007, þegar rjúpustofninn hafði minnkað verulega frá fyrri árum. Lögin um villtar plöntur og villt dýr innihalda ákvæði um frekari takmarkanir á verslun með villtar plöntutegundir og dýrategundir.

Þegar CITES-samningurinn var fullgiltur voru sett lög nr. 85/2000 um framkvæmd samningsins. Reglugerð nr. 993/2004 fjallar frekar um framkvæmdina. Eini megin munurinn milli CITES löggjafarinnar á Íslandi og EB löggjafar er að Ísland setur skilyrði um innflutningsleyfi fyrir allar tegundir samkvæmt CITES viðauka II að undanskildum nýttum sjávartegundum.

Helstu vandamál varðandi samræmingarferlið eru minni háttar vandamál varðandi mismunandi verndarstig og kröfur fyrir mismunandi tegundir frekar en einhver meiriháttar hindrun í löggjöfinni.

63. Hver er helsti munur á gildandi löggjöf og EB-löggjöf með tilliti til markaðssölu selaafurða?

Engin löggjöf er sambærileg við bann við innflutningi selaafurða inn í aðildarríki ESB eins og tekið var upp hjá ráðherraráði ESB þann 27. júlí 2009. Á Íslandi eru afurðir sjávarspendýra meðhöndlaðar á sama hátt og allar aðrar sjávarafurðir þegar kemur að milliríkjaviðskiptum og þess vegna eru ekki fyrir hendi neinar hindranir að því er snertir verslun með selaafurðir.

64. Hver er helsti munur á gildandi löggjöf ykkar um dýravernd varðandi villt dýr og reglugerðum EB um það mál og hverjir eru helstu erfiðleikar sem þið sjáið fyrir varðandi samræmingarferlið?

Um dýravelferð almennt er fjallað í dýraverndarlögum nr. 15/1994 og hafa lögin m.a. að geyma sérstök ákvæði er fjalla um tilraunir á dýrum, sem og dýrahald í atvinnuskyni. Einnig eru ákvæði er varða dýravelferð villtra dýra í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, þá einkum hvað varðar aðferðir við veiðar. Þá ber einnig að nefna lög nr. 85/2000 sem sett voru í því skyni að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) sem gerður var í Washington 3. mars 1973, ásamt breytingu á honum sem gerð var í Bonn 22. júní 1979 og viðaukum við hann. Samkvæmt lögunum ber að sækja um leyfi eða vottorð til hlutaðeigandi stjórnvalds vegna verslunar með dýr eða plöntur

sem undir lögin heyra. Samkvæmt ákvæðum íslenskra dýraverndarlaga um tilraunir með dýr er óheimilt að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið, en óheimilt er að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum. Þá má einungis nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Skal gæta þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er. Hlutverk tilraunadýranefndar auk leyfisveitinga er að sinna sértæku eftirliti með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Er nefndinni heimilt að binda leyfi nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja velferð tilraunadýra. Þurfa þeir sem nota dýr í tilraunaskyni að uppfylla skilyrði um fullnægjandi þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra. Í reglugerð nr. 279/2002 um dýratilraunir er kveðið nánar á um hlutverk og störf tilraunadýranefndar, menntun og þjálfun þeirra sem nota eða halda dýr í tilraunaskyni, meðferð tilraunadýra og eftirlit með dýratilraunum. Við setningu reglugerðarinnar var höfð hliðsjón af tilskipun 86/609/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni.

Eins og að framan er getið þá er tilskipun ESB um tilraunir með dýr (Council Directive of 24 November 1986 on the approximation of laws, regulations and administrative provisions of the Member States regarding the protection of animals used for experimental and other scientific purposes (86/609/EEC)) sambærileg íslenskri löggjöf um sama efni, sbr. dýraverndarlög nr. 15/1994 og reglugerð nr. 279/2002 um dýratilraunir. Þá verður að telja að íslensk löggjöf hvað varðar dýrahald í atvinnuskyni sé sambærileg tilskipun ESB hvað varðar dýrahald í dýragörðum (Council Directive 1999/22/EC of 29 March 1999 relating to the keeping of wild animals in zoos) en skv. dýraverndarlögum og lögum nr. 64/1994 þarf leyfi umhverfisráðherra til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra og þá þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að setja á stofn dýragarða og til annars dýrahalds í atvinnuskyni. Setur umhverfisráðherra í reglugerð nánari fyrirmæli um leyfisveitingar, þar á meðal að leyfi megi binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að tryggja góða meðferð dýranna, svo sem aðbúnað þeirra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfsemi. Þessu til viðbótar eru almenn ákvæði um dýravelferð í dýraverndarlögum sem eiga almennt við um öll dýr, þar með talin villt dýr.

65. Lýsið lagastoð er varðar dýrahald í dýragörðum. Er í gildi eftirlitskerfi og leyfisveitingakerfi um þess háttar stofnanir?

Í lögum um dýravernd nr. 15/1994 er fjallað um dýrahald í atvinnuskyni, sem tekur til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Samkvæmt þeim lögum er til staðar kerfi sem tekur á eftirliti og leyfisveitingum vegna slíkrar starfsemi þar sem slík starfsemi er háð leyfi frá Umhverfisstofnun og eftirliti hennar. Þá þarf eins og áður sagði leyfi umhverfisráðherra til að handsama villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra. Í reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni er að finna nánari fyrirmæli um leyfisveitingar eins og áður sagði, m.a. um aðbúnað dýra, umhirðu, viðhlítandi vistarverur og eftirlit með starfsemi. Er markmið reglugerðarinnar að tryggja velferð gæludýra og dýra sem haldin eru í atvinnuskyni. Þessu tengdu eru einnig lög nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), eins og áður hefur komið fram.

66. Er á landinu landsáætlun um skógrækt og bókhaldskerfi fyrir skógrækt í landinu?

Ísland er ekki með landsáætlun um skógrækt. Ákvæði eru um stefnumörkun um skógrækt og framkvæmd hennar í nokkrum lögum, reglugerðum, samningum og yfirlýsingum. Ísland er með bókhaldskerfi fyrir skógrækt sem rannsóknardeild Skógræktar ríkisins hefur umsjón með.

67. Er búið að setja upp kerfi fyrir kerfisbundið eftirlit með ástandi skóga (sérstaklega í tengslum við áhrif nýrra úrlausnarefna sem loftslagsbreytingar valda/valda líklega)?

Haft er eftirlit með ástandi skóga en ekki með kerfisbundnum hætti. Rannsóknardeild Skógræktar ríkisins safnar saman margs konar upplýsingum sem snerta skógrækt, sjá spurningu 27:68 að neðan, og þörf á slíku kerfi hefur ekki verið viðurkennd.

68. Er búið að koma upp miðlægu kerfi til söfnunar upplýsinga sem tengjast skógum/skógrækt?

Ekkert miðlægt kerfi til söfnunar upplýsinga sem tengjast skógum/skógrækt er til staðar. Skógræktarbókhaldið sem rannsóknardeild Skógræktar ríkisins færir safnar saman upplýsingum um skógræktarsvæði og vöxt, fyrst og fremst til að afla upplýsinga vegna samningsferlis Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Skógræktarfélag Íslands (sem er frjáls félagasamtök) safnar af fúsum vilja upplýsingum um framleiðslu trjágræðlinga, niðursetningu trjáa og framleiðslu á jólatrjám. Þjóðskógar (deild innan Skógræktar ríkisins) safna saman upplýsingum um eigin viðurframleiðslu og sölu, sem og um notkun tjaldstæða. Engar þessara upplýsinga eru lögskipaðar.

69. Gjörið svo vel að lýsa hinni almennu stefnu og lagastoð varðandi verndun jarðvegs, þ.m.t. ákvæðum um auðkenningu og stjórnun mengaðra svæða.

Verndun jarðvegs eins og hún er framkvæmd á Íslandi breytir gróðureyddu landi eða landi sem er orðið að eyðimörk í svæði sem eru með umfangsmeiri gróðurþekju og heilbrigðari og sjálfbærari vistkerfi. Þetta fæst með því að koma upp gróðri á gróðureyddu landi eða landi sem er orðið að eyðimörk, eða að styrkja þann gróður sem fyrir er með dreifingu áburðar, sáningu eða gróðursetningu á plöntum. Mest það landsvæði sem hingað til hefur verið grætt upp hefur fylgt því að koma upp gróðri á landi sem var með minna en 20% gróðurþekju með æðplöntum. Svæðin þar sem endurgræðsla hefur farið fram eru umtalsvert frábrugðin að gerð varðandi jarðveg, veðurfar og aðferðir sem notaðar eru. Árangurinn varðandi slíkar aðgerðir er einnig mjög breytilegur.

Starf við landgræðslu og verndun jarðvegs á Íslandi er á ábyrgð og undir umsjón Landgræðslu ríkisins sem stofnuð var samkvæmt lögum um skógrækt og landgræðslu frá 1907 sem síðar voru leyst af hólmi með núverandi lögum um landgræðslu nr. 17/1965.

Landgræðsla ríkisins er ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Landgræðslu ríkisins er falið að berjast gegn myndun eyðimarka, sandfoki og annarri jarðvegseyðingu, að efla sjálfbæra landnýtingu og uppgræðslu og að endurheimta landgæði. Starfið er á mismunandi stigum, frá mótunar stefnu og rannsóknum til starfa er snerta umhirðu trjáa og skóglendis og stjórnunar stórtækrar og smærri endurgræðslu og uppgræðslu á landi.

Að auki ber Landgræðsla ríkisins einnig ábyrgð, samkvæmt lögum um landbrot nr. 91/2002, á því að koma í veg fyrir tjón sem stafar af landbroti.

70. Er til sérstakt jarðvegsvöktunarkerfi í landinu? Sé svo, veitið þá nánari upplýsingar (t.d. kennistærðir sem voru skoðaðar, tíðni vöktunar o.s.frv).

Ísland er aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna loftslagsbreytingar og hefur gerst aðili að Kýótó-bókuninni. Samkvæmt Kyoto-bókuninni verður hægt að nota móttaka fyrir kolefni í lífríki og uppsprettur í tilraunum til að standa við markmið um samdrátt í losun á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Ísland hefur valið kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri með endurgræðslu sem eina af fjórum heimiluðum athöfnum samkvæmt grein 3.4 í Kyoto-bókuninni. Kolefnisviðtaka (og forða) í jarðvegi má þess vegna telja með í þessari starfsemi. Ísland skilgreinir endurgræðslu sem aðgerðir af hálfu manna til þess að auka kolefnisbirgðir á stöðum þar sem er gróðureyðing/myndun eyðimerkur með því að koma upp gróðri eða með eflingu núverandi gróðurs. Til þess að geta lagt fram votthæfan samdrátt í losun samkvæmt Kyoto-bókuninni er verið að setja á fót kerfisbundna sýnatökunálgun til að mæla breytingar á kolefnisforða á endurræktuðum landsvæðum eins og skipað er fyrir um í leiðbeiningum um Góð vinnubrögð við bindingarbókhald samkvæmt Kyoto-bókuninni. Lega endurgræðslusvæða á Íslandi er kortlögð og stærð og staðsetning hvers svæðis er tilgreind með GPS-korti. Öll svæði sem Landgræðsla ríkisins hefur komið upp síðan árið 1990 og öll svæði sem taka þátt í verkefninu *Bændur græða landið* hafa verið kortlögð með þessum hætti. Upplýsingum um staðsetningu, lýsingu á svæði og starfsemi, samstarfsaðila, dagsetningu/tíma sem tekur fyrir tré að festa rætur og taka við sér, flatarmál í hekturum, tegund og magn áburðar, frætegundir/plöntutegundir og magn þeirra er safnað saman í sértækan gagnagrunn hjá Landgræðslu ríkisins.

Landgræðsla ríkisins vinnur að því að taka upp nálgun á grundvelli úrtaka og sameina GIS-kortlagningu til að auðkenna land sem verið er að græða upp og til að bæta útblástursþætti og gæðastýringu við mismunandi verk. Kerfisbundna nálgunin byggist á landfræðilegu reitakerfi sem nær til alls Íslands, reitastærð er 1x1 km. Kerfisbundin nálgun á grundvelli úrtaka er framkvæmd í minni undirreitum. Varanlegir úrtaksstaðir fyrir kolefnisforða eru skilgreindir innan svæða sem þarf að græða upp og mældir með fimm ára millibili sem skarast við fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar. Trjátegundir á svæðum sem voru með uppgræðsluþekju voru metin sjónrænt á litlum úrtaks undirreitum. Ofanjarðarlífmassi sömu undirreita var uppskorinn með því að skera við yfirborðið á jarðveginum. Jarðvegssýni voru síðan tekin úr sömu undirreitum og jarðvegisdýpt mæld. Sýni voru greind með tilliti til lífræns kolefnisinnihalds og niðurstöðurnar eru notaðar til að reikna út heildarkolefnisforða uppgræðslusvæða og breytingahraða vegna kolefnisbindingar. Breytingarnar sem mældar hafa verið á kolefnisforða gefa nákvæmara mat á landnýtingu og breytingar á forða og gefa færi á að magnákvarða óvissu varðandi þessi mót. Þessi kerfisbundna nálgun á grundvelli úrtaka byggist á sama reitakerfi sem notað er hjá rannsóknardeild Skógræktar ríkisins í sams konar tilgangi og fyrir bókhald vegna Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

F. Eftirlit með iðnaðarmengun og áhættustjórnun

71. Hver eru meginatriði lagasetningar um leyfi fyrir iðnaðarmannvirkjum með tilliti til mengandi útblásturs í loft, vatn og jörð? Er til staðar leyfiskerfi sem byggir á bestu fáanlegu tækni fyrir IPPC, samþættar mengunarvarnir og mengunarstjórnun?

Reglugerð nr. 785/1999, afleidd löggjöf með lagastoð í lögum nr. 7/1998 um heilbrigði og mengunareftirlit, tilgreinir hvernig starfsleyfi fyrir mögulega mengandi starfsemi er veitt. IPPC-tilskipunin 96/61/EB er innleidd í lög bæði með áður nefndri reglugerð nr. 785/1999 og reglugerð nr. 786/1999 um eftirlit með mengun. Með þessum reglugerðum eru ákvæði IPPC-tilskipunarinnar að fullu innleidd í íslensk lög. Greinar 13-14 í reglugerð nr. 785/1999 fjalla um bestu fáanlegu tækni.

Reglugerð nr. 785/1999 lýsir umsóknarferli umsækjenda um starfsleyfi.

- Sækja skal um hjá viðeigandi yfirvöldum, annað hvort hjá Umhverfisstofnun eða heilbrigðiseftirliti viðeigandi sveitarfélags.
- Viðkomandi yfirvöld birta tillögu að leyfi sem aðgengileg er almenningi í fjórar til átta vikur.
- Tekið er við skriflegum athugasemdum eða andmælum vegna tilboðs um leyfi á þessu fjögurra til átta vikna tímabili. Allir hafa rétt til að koma á framfæri athugasemdum vegna leyfisins.
- Þegar fjögurra til átta vikna tímabilinu er lokið hafa viðkomandi yfirvöld fjögurra vikna frest til að bregðast við athugasemdum og andmælum, búa texta í endanlegan búning og gefa út leyfið formlega.
- Innan tveggja vikna eftir að tilkynnt hefur verið um leyfisveitinguna er hægt að áfrýja til umhverfisráðuneytis.

72. Hver eru meginatriði lagasetningar varðandi losun frá stórum brennsluverksmiðjum (varmaaðstreymi yfir 50 MW), sorpbrennslustöðvum og mannvirkjum sem nota lífræn leysiefni?

Stór brennsluver á Íslandi eru aðeins notuð til varaforða í neyðartilvikum og aðeins einstöku sinnum, með margra ára millibili. Starfsleyfi frá Umhverfisstofnun þarf fyrir slíkum mannvirkjum og þau þurfa að fylgja viðeigandi skilyrðum um mengunarvarnir í samræmi við IPPC-tilskipunina 96/61/EB. Enn fremur falla slík mannvirki undir ákvæði tilskipunarinnar 2003/87/EB. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 um að fella tilskipunina inn í EES-samninginn er Ísland undanþegið mörgum liðum tilskipunarinnar þar sem mannvirki á Íslandi, sem að meginreglu fellur undir viðauka I í tilskipuninni, gefa öll frá sér minni útblástur á ári en 25 kt af CO₂ (koltvísýringi) og ígildi þess. Tryggt hefur verið að tilskipunin hafi verið framkvæmd að hluta með lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Þess skal getið að breytingar á tilskipuninni (tilskipun 2008/101/EB og 2009/29/EB) hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn.

Reglugerð nr. 739/2003 um sorpbrennslu innleiðir tilskipun 2000/76/EB í landslög hvað snertir núverandi litlar sorpbrennslustöðvar og sambrennslustöðvar. Markmiðið er að koma í veg fyrir eða takmarka hugsanleg skaðleg áhrif á umhverfið, mengun frá sorpbrennslu og sambrennslu úrgangs út í loft, í jarðveg og yfirborðsvatn og grunnvatn, og hættu á skaðlegum áhrifum á heilsu fólks. Allar sorpbrennslustöðvar og sambrennslustöðvar verða að hafa

starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun fylgist reglulega með því að hver aðili framfylgi ákvæðum.

Samkvæmt reglugerð nr. 255/2002, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 1024/2005, þurfa tiltekin mannvirki sem notast við lífræn leysiefni að fá starfsleyfi frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags með takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda. Tilskipun 1999/13/EB, sbr. tilskipun 2004/42/EB, er að fullu innleidd í landslög með reglugerðinni.

73. Er til staðar kerfi fyrir mengandi losun og flutningsskrá varðandi iðnaðarstöðvar?

E-PRTR reglugerðin nr. 106/2006/EB tók gildi í október 2008 með samþykkt reglugerðar nr. 990/2008. Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir söfnun gagna frá viðeigandi iðnaðarstöðvum.

74. Eru ákvæði um þátttöku opinberra aðila eða einkaaðila í umhverfisstjórnun og úttektaráætlunum?

Reglugerð nr. 761/2001/EB tók gildi í nóvember árið 2005 með samþykkt reglugerðar nr. 990/2005, sem veitir leyfi fyrir þátttöku fyrirtækja í umhverfisstjórnunarkerfi samfélagsins (EMAS). Fyrir öll mannvirki sem þurfa starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 ber að leggja fram umhverfisstjórnunaráætlun. Valkvætt er eftir hvaða áætlun hvert mannvirki starfar, ISO 14001, EMAS eða öðrum áætlunum.

75. Hafa verið gerðar ráðstafanir fyrir umhverfismerkingarkerfi?

Ísland tekur þátt í norrænu umhverfismerkjaáætluninni *Norræna svaninum* og umhverfismerkjaáætlun Evrópusambandsins, *Blóminu*. Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir þátttöku Íslands í báðum áætlunum. Málafni umhverfismerkja eru einnig rædd í umhverfismerkjanefnd landsins en í henni sitja fulltrúar opinbera geirans og atvinnulífsins, sem og fulltrúar frjálsra félagasamtaka. Sem stendur eru þrjú leyfi frá *Svaninum* virk á Íslandi og um það bil 150 innfluttar *Svan*-merktar vörur á markaðnum.

Reglugerð nr. 1980/2000/EB tók gildi í júní árið 2006 með samþykkt reglugerðar nr. 525/2006 um umhverfismerki. Sem stendur eru engin umhverfismerki ESB-*blómsins* í notkun á Íslandi.

76. Eru allir liðir lagasetningar ESB um iðnaðarslys og áhættu (Seveso-tilskipunin með áorðnum breytingum) felldir inn í íslensku reglugerðina nr. 160/2007 um meiriháttar slysaáættu í tengslum við hættuleg efni?

Seveso-tilskipunin á sér lagastoð í grein 51 í lögum nr. 46/1980.

Reglugerð nr. 160/2007 innleiðir að fullu að efni til alla liði Seveso II tilskipunarinnar 96/082/EBE og tilskipunarinnar 2003/105/EB.

Reglugerð nr. 33/2009 innleiðir að fullu að efni til alla liði tilskipunarinnar 98/433/EB um samræmdar viðmiðanir fyrir undanþágur samkvæmt grein 9 í tilskipun 96/82/EB.

Sveitarstjórnir gera kröfu um að starfsaðili mannvirkis semji ytri neyðaráætlun í samvinnu við yfirvöld, en hins vegar felur tilskipun 96/082/EBE í sér kröfu um að tilgreind yfirvöld semji ytri neyðaráætlun (grein 11 í 96/082/EBE). Þess er einnig krafist að til þess bært yfirvald,

Vinnueftirlitið, hafi umsjón með innleiðingu Seveso-reglugerða í gegnum umsjónarnefnd sem félagsmálaráðuneyti og Almannatryggingar tilnefna meðlimi í auk meðlima frá öðrum viðeigandi yfirvöldum: Umhverfisstofnun, Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Brunamálastofnun (grein 16 í tilskipun 96/082/EBE).

G. Íðefni

77. Hvaða reynslu hefur Ísland af innleiðingu REACH-reglugerðarinnar frá sjónarhóli til þess bærra yfirvalda og atvinnulífsins?

Íslenska reglugerðin nr. 750/2008 um skráningu, mat, heimilun og skráningu íðefna („REACH“) var samþykkt með gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, heimilun og skráningu íðefna („REACH“). Síðan þá hefur verið byggð upp þekking á REACH innan stjórnarsýslunnar. Þjónustuborð er starfrækt í Umhverfisstofnun þar sem sérfræðingar svara spurningum í síma og miðla víðtækum upplýsingum um REACH (nánari upplýsingar eru á heimasíðu stofnunarinnar²⁷). Haustið 2008 hélt Umhverfisstofnun ráðstefnu um REACH þar sem skyldur og skuldbindingar atvinnulífsins voru skýrðar. Umhverfisstofnun upplýsir Samtök iðnaðarins reglulega um REACH og starfsemi sem tengist REACH.

Haustið 2009 hélt Umhverfisstofnun aðra ráðstefnu um REACH fyrir þau yfirvöld sem eru ábyrg fyrir innleiðingu reglugerðarinnar.

78. Hver eru sjónarmið Íslands og mögulegar framfarir hvað snertir skýrsluskilaskyldu undir grein 117 í REACH-reglugerðinni?

Ísland mun skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd REACH-reglugerðarinnar fyrir 1. júní 2010. Ísland tekur þátt í REACH-EN-FORCE 1, málþingi um forskráningu/skráningu efnis sem er í bið og SDS árið 2009. Verkefnið var sett í framkvæmd haustið 2009 og niðurstöður birtar í áðurnefndri skýrslu.

79. Eiga flokkunar-, þökkunar- og merkingarreglur þínar um íðefni jafnt við um plöntuvarnarefni og sæfiefnisvörur? Hefur þú þegar innleitt eða nothæft GHS-kerfið?

Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og efnasamsetninga á við um öll efni og efnasamsetningar sem eru flokkuð. Þessi flokkun er byggð á ESB-löggjöf um flokkun og merkingu (tilskipanir 67/548/EBE og 1999/45/EB). Plöntuvarnarefni eru einnig flokkuð í fjóra áhættuhópa, X, A, B og C. Eiturefni falla í flokkana X og A og hættuleg efni eru í B- og C-flokki. Aðeins vottaðir aðilar hafa heimild til að kaupa og nota vörur sem falla í X- og A-flokk.

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP-reglugerðinni) verður hrint í framkvæmd um leið og ákvörðun um að fella hana inn í EES-samninginn hefur verið tekin og hefur tekið gildi.

80. Eru til staðar verklagsreglur um skráningu/leyfisveitingu varnarefna, þ.e. plöntuvarnarefni og/eða sæfiefna (varnarefni sem ekki er notað við

²⁷ www.umhverfisstofnun.is

landbúnað)? Lagafyrirmæli varðandi sæfiefni eru þegar í framkvæmd samkvæmt EES-samningnum: Gætuð þið greint frá því hvort lagafyrirmæli um markaðseftirlit með öðrum vörutegundum en 14, 16 og 18 hafa verið sett? Eru til staðar tilmæli um gjöld til að mæta mismunandi verklagsreglum samkvæmt tilskipun 98/8/EB?

Plöntuvarnarefni má hvorki framleiða, flytja inn, selja eða nota á Íslandi án leyfis (skráningar) af hálfu umhverfisráðuneytis. Áður en leyfisveiting og markaðssala geta átt sér stað þurfa öll plöntuvarnarefni að fara í mat sem byggt er á úttekt á virku efni og stuðningsefni, sérstaklega hvað snertir: áhrif á heilsu manna og umhverfisins, notkunarsvæði, skammta og notkunaraðferðir og stærð umbúða og merkinga á íslensku.

Tilskipun 98/8/EB um sæfiefni hefur verið innleidd í lög, sjá reglugerð nr. 1101/2004 um markaðssölu sæfiefna. Flestar vörutegundir í aðalflokki fyrir meindýraeyðingu þurfa að fá leyfi í samræmi við lagasetningu í tengslum við plöntuvarnarefni þar til virk efni hafa verið metin í samræmi við 98/8/EB. Leyfisveitingar fyrir vörur á grundvelli hættumats á virkum efnun munu hefjast árið 2010.

Almenn markaðseftirlitsákvæði sem eiga við um aðrar vörutegundir en 14, 16 og 18 eru til staðar. Engin lagafyrirmæli eru til um gjöld til að mæta mismunandi verklagsreglum tilskipunarinnar. Vinna við þetta stendur yfir.

81. Eru einhverjar ráðstafanir til að draga úr áhættu í tengslum við notkun varnarefna, þ.e. plöntuvarnarefni (varnarefni fyrir landbúnað) og/eða sæfiefni (varnarefni sem ekki eru notuð við landbúnað)?

Plöntuvarnarefni eru flokkuð í hættuflokkana Tx, T, Xn, N o.s.frv. og áhættuflokkana X, A, B og C. Áhættuflokkarnir eru notaðir til að stjórna innflutningi, sölu og notkun efnanna. Fyrirtæki sem flytja inn og selja plöntuvarnarefni í flokkunum X, A og B þurfa að hafa leyfi frá umhverfisráðuneytinu fyrir innflutningi þeirra og sölu. Auk þess hafa aðeins vottaðir aðilar heimild til að kaupa og nota vörur sem falla í X- og A-flokk. Fyrir plöntuvarnarefni í flokki B (hættulegt) þarf væntanlegur kaupandi að kvitta fyrir kaupum. Engar hömlur eru í gildi um innflutning og sölu á plöntuvarnarefnum í flokki C.

82. Eru til staðar verklagsreglur um gagnasöfnun og áhættumat fyrir íðefni, sérstaklega varnarefni?

Plöntuvarnarefni eru metin af Umhverfisstofnun áður en þau eru skráð af umhverfisráðuneyti. Matið er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum um virk efni og stuðningsefni, sérstaklega um áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfisins.

Gögnum er safnað um sölumagn plöntuvarnarefna, þar á meðal efna til meindýraeyðingar sem ekki eru notuð í landbúnað.

83. Eru til einhver lagafyrirmæli og stjórnvaldsaðgerðir til að banna og stýra útflutningi á tilteknum hættulegum íðefnum? Er til tilkynningakerfi vegna útflutnings á bönnuðum íðefnum eða íðefnum sem sæta ströngum takmörkunum?

Engin sérstök lagafyrirmæli eru til um útflutning hættulegra íðefna og ekki er skylt að tilkynna um útflutning bannaðra íðefna eða íðefna sem sæta ströngum takmörkunum. Hins vegar er rétt að taka fram að á Íslandi á sér ekki stað nein framleiðsla á hættulegum íðefnum.

84. Hvenær mun Ísland samþykkja Rotterdam-samninginn um fyrirfram upplýst samþykki vegna tiltekinna hættulegra íðefna og varnarefna í alþjóðaviðskiptum (PIC)? Hver er innleiðingarstaða Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni og UN ECE samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir?

Rotterdam Convention on Prior Informed Consent Procedure for Certain Hazardous Chemicals and Pesticides in International Trade (PIC) hefur ekki verið undirritaður en stefnt er að því að það verði gert.

Ísland fullgilti Stokkhólmssamninginn 29. maí 2002. Framkvæmd samningsins er í samræmi við íslenska lögjöf, sbr. 4. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og 13. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá hafa verið innleiddar hér á landi eftirfarandi EB gerðir með reglugerð nr. 103/2009 um þrávirk lífræn efni. Um er að ræða eftirfarandi tilskipanir:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV . viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 172/2007 frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 323/2007 frá 26. mars 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE.

Árið 1983 staðfesti Ísland samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir. Ísland hefur staðfest bókunina um þrávirk lífræn efni en ekki bókanirnar varðandi stjórnun á losun SO₂, NO_x, NH₃ og rokgjarnra lífrænna sambanda.

85. Hver er innleiðingarstaða Montreal-bókunarinnar um verndun ósonlagsins?

Ísland fullgilti árið 1989 Vínarsamninginn um verndun ósonlagsins og Montreal-bókunina um efni sem eyða ósonlaginu.

Ísland hefur fullgilt eftirfarandi breytingar á Montreal-bókuninni:

- Aðlaganir og breytingar gerðar í London 29. júní 1990, fullgiltar árið 1993.
- Aðlaganir gerðar í Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992, fullgiltar árið 1994.
- Aðlaganir gerðar í Montreal 17. september 1997, fullgiltar árið 2000.

Ísland hefur ekki staðfest aðlögunarbreytingar sem gerðar voru í Peking 3. desember 1999.

Reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu tekur mið af reglugerð (EB) nr. 2037/2000 eins og henni var breytt með reglugerðum (EB) nr. 2038/2000 og nr. 2039/2000.

86. Er til staðar áætlun af hálfu lögbærs íslensks yfirvalds um verndun dýra sem notuð eru í tilraunum eða öðrum vísindalegum tilgangi? Hefur samningur Evrópuráðsins ETS 123 um verndun tilraunadýra verið fullgiltur og honum hrint í framkvæmd?

Í lögum um dýravernd, nr. 15/1994 er fjallað um tilraunir á dýrum. Í 16. gr. laganna segir að óheimilt sé að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið. Þá er óheimilt er að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum. Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri. Sérstök nefnd sem skipuð er af ráðherra, tilraunadýranefnd, hefur það hlutverk að taka til afgreiðslu umsóknir um leyfi til dýratilrauna, leyfi til að halda og annast tilraunadýr og leyfi til að rækta tilraunadýr, svo og að sinna sértæku eftirliti með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Heimilt er tilraunadýranefnd að binda leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg má telja til að tryggja velferð tilraunadýra. Ef háttsemi leyfishafa brýtur gegn lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim er tilraunadýranefnd heimilt að afturkalla leyfi. Tilraunadýranefnd skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

Í reglugerð um dýratilraunir nr. 279/2002 er kveðið nánar á um hlutverk og störf tilraunadýranefndar, menntun og þjálfun þeirra sem nota eða halda dýr í tilraunaskyni, meðferð tilraunadýra og eftirlit með dýratilraunum. Reglugerðin var sett með hliðsjón af Directive 86/609/EEC.

Council of Europe Convention ETS 123 on the protection of laboratory animals hefur ekki verið fullgiltur hér á landi. Sá samningur er byggður að miklu leyti á Council Directive 86/609/EEC. Eins og að framan er greint þá var reglugerð um dýratilraunir nr. 279/2002 sett með hliðsjón af þeirri tilskipun.

87. Eru til staðar einhver lagafyrirmæli varðandi útflutning og örugga hýsingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda og -blandna?

Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“) var sett til innleiðingar á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 793/93 og reglugerð (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.

Útflutningur spilliefna, þ.m.t. kvikasilfur, fer samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006/EB um flutning úrgangs, sem er innleidd með stoð í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Í 10. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er kveðið á um geymslu efna.

Í starfsleyfi fyrirtækja sem nota kvikasilfur eru nánari ákvæði um meðhöndlun og geymslu kvikasilfurs til varnar mengun umhverfis. Starfsleyfi eru sett samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Eftirlit

með starfsleyfis skyldri starfsemi eru samkvæmt reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

88. Innleiddi Ísland takmarkanirnar sem tilgreindar eru í viðauka XVII í REACH? Eru til reglur á Íslandi sem ná yfir efni sem tilgreind eru í viðauka XVII sem eru strangari en takmarkanirnar í viðauka XVII í REACH?

Takmörkunum sem tilgreindar eru í viðauka XVII í REACH er hrint í framkvæmd í samræmi við reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir á íðefnum (REACH). Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er í viðauka þar við. Sem stendur eru engar takmarkanir varðandi efni sem tilgreind eru í viðauka XVII sem eru strangari. Síðustu takmarkanirnar af slíku tagi voru numdar úr gildi þann 1. júní 2009.

H. Loftslagsbreytingar


89. Hefur eitthvert landskerfi verið sett á um eftirlit með gróðurhúsalofttegundum og skýrslugerð? Ef svo, hvernig er það skipulagt?

Ísland hefur tekið í notkun landskerfi fyrir eftirlit með gróðurhúsalofttegundum og skýrslugerð í samræmi við kröfur UNFCCC, rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Grunnurinn að kerfinu er lagður með lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Tilgreindur tilgangur laganna er að skapa aðstæður fyrir íslensk yfirvöld til að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum um takmörkun losunar gróðurhúsalofttegunda. Lögin ná yfir landskerfi um mat á losun gróðurhúsalofttegunda, bindingu í viðtökum, skráningarkerfi, losunarheimildir og skyldu fyrirtækja til að gefa yfirvöldum viðeigandi upplýsingar.

Ákvæðin sem fjalla um skipulag kerfisins eru eftirfarandi (grein 5): „Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði. Landbúnaðarháskóli Íslands skal taka saman upplýsingar um landnýtingu, breytta landnýtingu og skógrækt sem krafist er vegna bókhaldsins, sbr. 1. mgr., sem og upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði, og skila þeim til Umhverfisstofnunar. Orkustofnun skal taka saman og skila upplýsingum um orkumál, sem krafist er vegna bókhaldsins, til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun skal útbúa leiðbeiningar um skil á gögnum sem óskað er eftir í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og Orkustofnun. Umhverfisráðherra staðfestir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.“ Lögin í heild sinni má finna á ensku á vefsvæði umhverfisráðuneytisins.²⁸

Umhverfisstofnun ber almenna ábyrgð á bókhaldinu. Umhverfisstofnun tekur saman og heldur við bókhaldi um útblástur gróðurhúsalofttegunda, að undanteknu LULUCF, um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt, sem Landbúnaðarháskóli Íslands tekur saman. Umhverfisstofnun gefur skýrslu til umhverfisráðuneytis, sem aftur gefur skýrslu til samningsins. Skýringarmyndin að neðan sýnir upplýsingastreymi og úthlutun ábyrgðar.

²⁸ http://eng.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Act_on_greenhouse_gas_emissions.pdf



Umhverfisstofnun safnar megninu af þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að keyra almennt útblásturslíkan, þ.e. upplýsingum um umfang og losunarstuðla. Upplýsingum um umfang er safnað saman frá hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum, sem og af Umhverfisstofnun með beinum hætti. Orkuspárnefnd heldur til haga árlegum upplýsingum um eldsneytissölu frá olúfélögnum. Upplýsingarnar eru veittar á óformlegum grundvelli. Þar sem olúfélögin gáfu ekki öll upp sölutölur fyrir árin 2003–2005 hefur Orkuspárnefnd áætlað olúnotkun í atvinnugeiranum. Bændasamtök Íslands eru, fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, ábyrg fyrir mati á árlegum fjölda húsdýra. Að beiðni Umhverfisstofnunar bókfæra Bændasamtökin einnig fjölda ungra dýra sem vanalega eru ekki inni í tölfræði um húsdýr. Hagstofa Íslands lætur í té upplýsingar um innflutning leysiefna, notkun áburðar í landbúnaði og innflutning og útflutning á eldsneyti. Umhverfisstofnun safnar síðan ýmsum viðbótargögnum beint. Árlega er sendur spurningalisti út í atvinnugreinina um innflutning, notkun hráefna og afmarkaðar upplýsingar um framleiðslu og aðferðir. Innflytjendur vetnisflúorkolefna skila skýrslu um árlegan innflutning sinn af mismunandi tegundum slíkra efna til Umhverfisstofnunar og hún metur upplýsingar um umfang með tilliti til úrgangs. Losunarstuðlar eru að mestu teknir úr endurskoðuðum IPCC-leiðbeiningum frá

1996 vegna bókhalds um losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem takmarkaðar upplýsingar er að hafa úr mælingum á losun á Íslandi.

90. Er til staðar fullgerð landsúttekt á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 1990 og einhver ár eftir það?

Ísland hefur lokið við bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda frá 1990 til 2007 í samræmi við kröfur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina. Ísland skilar árlega skýrslu um bókhaldið til skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vefsvæði rammasamnings SP um loftslagsbreytingar.²⁹

91. Hver er áætluð losun gróðurhúsalofttegunda fram til 2020 samanborið við 1990?

Áætlun á magni losunar gróðurhúsalofttegunda til 2020 er undirorpin mörgum óvissuþáttum. Þetta tengist umfram allt óvissu um verkefni í orkufrekum iðnaði, sérstaklega í áliðnaði. Heildarlosun Íslands á gróðurhúsalofttegundum árið 1990 var 3.4 milljónir tonna af CO₂-ígildum. Umhverfisstofnun hefur gefið út tvær „fastir liðir eins og venjulega“ sviðsmyndir um mögulegt magn losunar til 2020, með mismunandi undirliggjandi áhrifaþáttum, þar sem meginþátturinn er möguleg bygging og starfræksla nýrra álverksmiðja. Í sviðsmynd 1 er áætlað að magn losunar árið 2020 verði u.þ.b. 4,6 milljónir tonna CO₂-ígilda og í sviðsmynd 2 er áætlað að magnið verði 6 milljónir tonna CO₂-ígilda. Þar sem þetta eru „fastir liðir eins og venjulega“ sviðsmynd fela þau ekki í sér mögulegar mótvægisáðgerðir.

92. Hefur land þitt lagt fram einhverja landsskýrslu undir rammasamningi SP um loftslagsbreytingar? Ef svo, hvenær var hún lögð fram?

Ísland hefur lagt fram fjórar landsskýrslur til skrifstofu rammasamnings SP um loftslagsbreytingar í samræmi við fyrirmæli samningsins. Allar skýrslurnar fjórar ættu að vera aðgengilegar á vefsvæði rammasamnings SP um loftslagsmál. Fjórða landsskýrslan og skýrsla Íslands um sýnilegan árangur skv. Kyoto-bókuninni, báðar gefnar út snemma árs 2006, eru aðgengilegar á vefsvæði umhverfisráðuneytisins.³⁰

93. Hver er staða innleiðingar Kyoto-bókunarinnar?

Ísland framfylgir Kyoto-bókuninni og væntir þess að framfylgja að fullu fyrirmælum markmiða um magnbundna takmörkun og minnkun losunar á fyrsta skuldbindingartímabilinu, 2008-2012. Ísland hefur sett upp fullbúið bókhald fyrir útstreymi af mannavöldum, frá uppsprettum og í bindingu í viðtökum, á gróðurhúsalofttegundum sem ekki lúta Montreal-bókuninni. Bókhaldskerfi hefur verið sett upp í samræmi við grein nr. 5.1 og samþykkt 19/CMP.1, sem útlistar lagalegar, stofnanalegar og verklagslegar útfærslur sem gerðar hafa verið fyrir bókhald Íslands um gróðurhúsalofttegundir. Ísland hefur einnig sett upp skráningarkerfi í samræmi við grein 7 og samþykkt 15/CMP.1. Kerfið er hluti af GRETA-

²⁹ http://unfccc.int/national_reports/annex_i_ghg_inventories/national_inventories_submissions/items/4771.php

³⁰ http://eng.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Stefnumorkun_i_loftslagsmalum_enlokagerd.pdf

http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Icelands_Fourth_National_Communication_and_Report_on_Demonstrable_Progress.pdf

kerfinu sem þróað var af DEFRA (Department for Environment, Food and Rural Affairs) í Bretlandi og mörg Evrópulönd taka þátt í. Þar með er Ísland vel í stakk búíð, ekki aðeins til að mæta kröfum rammisamnings SP um loftslagsbreytingar, heldur einnig framtíðarkröfum viðskiptakerfis ESB.

Ísland lagði fram upphafsskýrslu sína um Kyoto-bókunina í janúar 2007 og var hún endurskoðuð af teymi rammisamnings SP um loftslagsbreytingar í júní 2007. Ísland hefur tilkynnt til UNFCU ákvörðun um að bókfæra ákveðinn hluta losunar frá iðnaðarferlum sérstaklega, í samræmi við ákvörðun UNFCU, 14 CP/7, og að þessi losun verði ekki talin með í heildarlosun frá Íslandi að því marki að losun verði umfram úthlutaðar heimildir Íslands. Heildartalan sem bókfæra má sérstaklega undir þessari ákvörðun er 1,6 milljónir tonna koldíoxíðs á ári að meðaltali. Ísland valdi landgræðslu sem aðgerð samkvæmt 3. gr., 4. mgr. í Kyoto-bókuninni á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

Losun Íslands árið 2007 var 4.482 þúsund tonn, sem er aukning um 32% frá 1990. Aukningin er að mestu leyti tilkomin vegna stórra verkefna í áliðnaði og kísiljárniðnaði sem bókfærðar eru sérstaklegar sbr. ákvörðun 14/CP.7. Útstreymisspár Umhverfisstofnunar sýna að almenn losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum (þ.e. það sem ekki fellur undir ákvörðun 14/CP.7) ætti að öllum líkindum að vera innan 10% Kyoto-markmiðsins á fyrsta skuldbindingartímabilinu, og að útblástur koltvísýrings vegna nýrra iðnaðarverkefna sem falla undir ákvörðun 14/CP.7 ætti að vera innan við 1,6 milljónir tonna að meðaltali á fyrsta skuldbindingartímabili.

94. Er til staðar stefna varðandi loftslagsbreytingar og hafa ráðstafanir verið samþykktar? Eru einhverjar viðbótarstefnur og ráðstafanir sem tengjast loftslagsbreytingum nú sem stendur á þróunarstigi, og ef svo er, hvenær er áætlað að þær verði kynntar?

Ísland setti árið 2007 saman nýja áætlun í málefnum loftslagsbreytinga og er hún aðgengileg á ensku.³¹ Þar eru útlistaðar margvíslegar aðgerðir sem grípa á til í sjö lykilgeirum, með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu með nýskógrækt, landgræðslu og öðrum skyldum aðgerðum. Megináhersla stefnumarkmiðanna er að draga úr loftslagsbreytingum en þau taka einnig á öðrum þáttum loftslagsstefnu. Sett eru fram fimm meginmarkmið með tilliti til loftslagsbreytinga:

- Íslensk stjórnvöld munu standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókunarinnar.
- Dregið verður úr losun gróðurhúsalofttegunda með sérstakri áherslu á samdrátt í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti.
- Stuðlað verður að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með nýskógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnýtingu.
- Rannsóknir og nýsköpun á sviði loftslagsmála verða eflað og stutt við útflutning á íslensku hugviti á sviði endurnýjanlegrar orku og loftslagsvænnar tækni.
- Stjórnvöld munu undirbúa aðlögun að loftslagsbreytingum.

Hópur sérfræðinga skipaður af umhverfissráðuneytinu birti árið 2009 skýrslu um möguleika og kostnað af mismunandi aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á grundvelli

³¹ <http://eng.umhverfissraduneyti.is/publications/nr/1053>

Þessarar rannsóknar var starfshópur settur á fót til að koma fram með aðgerðaráætlun til að auka mótvægisáðgerðir eftir-2012 loftslagsfyrirkomulaginu, sem ætlað er að koma fram með forniðurstöður fyrir COP-15 í Kaupmannahöfn. Ein áþreifanleg áðgerð sem nú þegar er í bígerð er uppkast að lögum um skatta- og gjaldkerfi fyrir ökutæki og eldsneyti, þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er miðpunkturinn, þannig að breytt kerfi gæti ýtt undir framleiðslu loftslagsvæns eldsneytis og ökutækja.

95. Hvaða ráðuneyti og/eða ríkisstofnanir eru ábyrg fyrir þróun, innleiðingu og stjórnun stefnu og áðgerða í loftslagsmálum? Hafa þær skýrt umboð til að vinna þessi verkefni? Hafa þær nægan mannauð og efnisaðföng? Hafa þessi aðföng styrkst á seinni árum og hvaða áætlanir eru uppi um frekari styrkingu þeirra?

Umhverfisráðuneytið er æðsta yfirvald í loftslagsmálum á Íslandi. Ráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd rammasamnings SP um loftslagsbreytingar og samhæfðri íslenska stefnumótun vegna loftslagsbreytinga, í nánú samstarfi við landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og forsætisráðuneyti. Margar opinberar stofnanir og opinber fyrirtæki sem starfa í umboði þessara ráðuneyta taka einnig beinan þátt í að undirbúa innleiðingarstefnuna. Utanríkisráðuneytið tilnefndi sérstakan sendiherra loftslagsbreytinga árið 2008 og hefur hann leitt yfirstandandi samningaviðræður um loftslagsmál af Íslands hálfu. Ráðuneytin hafa skýrt umboð og Umhverfisstofnun og aðrar stofnanir hafa vel skilgreint umboð varðandi þeirra verkefni í loftslagsmálum í lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisráðuneytið hefur aukið framlög um 30 milljónir íslenskra króna á ári, í tveimur skrefum, til að fjármagna skráningu og styrkja sérfræðilega greiningarvinnu í Umhverfisstofnun og meðal óháðra sérfræðinganefnda sem starfa að loftslagstengdum rannsóknum.

96. Fjármagna einhver lönd, stofnanir SP eða aðrir styrktaraðilar færnisaukandi starfsemi fyrir rammasamning SP um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina í þínu landi?

Engin fjárstyrkt færnisaukandi starfsemi í loftslagsmálum á sér stað á Íslandi.

97. Hvernig hagar þitt land undirbúningi fyrir eftir-2012 loftslagsfyrirkomulagið? Hver eru framtíðarmarkmið Íslands um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Í stefnumörkun um loftslagsbreytingar frá 2007 setur íslenska ríkisstjórnin fram langtímasýn um að minnka nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50-75% fram til 2050, miðað við árið 1990. Þetta langtíamarkmið er sett fram sem takmark sem beri að stefna að og muni krefjast kerfislægra áðgerða á næstu áratugum til að draga úr nettólosun á gróðurhúsalofttegundum. Markmiðið er ekki sett fram út frá spá um mögulega þróun á orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda eða líklega tæknipróun, heldur út frá þörfinni fyrir að draga verulega úr losun á heimsvísu á næstu áratugum. Þetta framtíðarmarkmið fyrir 2050 verður endurmetið eftir nokkurn tíma, út frá mati milliríkjanefnda SP um loftslagsbreytingar um nauðsyn takmarkana á losun, sérfræðilegu mati á tæknilegum og hagrænum möguleikum til að ná markmiðinu og samanburði við langtíamarkmið annarra ríkja á sambærilegum forsendum.

Í júní árið 2009 tilkynnti ríkisstjórn Íslands að hún stefndi að nettólækkun á losun gróðurhúsalofttegunda um 15% fram til 2020, miðað við 1990. Þetta þýðir að markmiðið fyrir 2020 er 25% lægra en +10% markmið Íslands fyrir fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar, 2008-2012. Þessi ákvörðun var tilkynnt í júní 2009 á fundi vinnuhópa rammisamnings SP um loftslagsbreytingar í Bonn, sem sinna samningaviðræðum um loftslagsmál. Þetta markmið er byggt á þeirri forsendu að sömu reglur muni eiga við til 2020 og um fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar og því megi líta á að markmiðið sé fyllilega sambærilegt við +10% markmiðið í viðauka B við Kyoto-bókunina. Nákvæmar sagt ganga þessi markmið út frá áframhaldi ákvarðana sem innifaldar eru í Marrakech-samningunum, sérstaklega þeirra sem tengjast landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt, sem og samþykktar 14/CP.7, sem er COP-samþykkt en ekki CMP-samþykkt, en tengist engu að síður Kyoto-bókuninni og framkvæmd hennar beint.

Ísland byggir undirbúning sinn fyrir loftslagsfyrirkomulagið eftir 2012 á þessum markmiðum og á nýlegri skýrslu sem sérfræðinganevnd gerði um möguleika Íslands á að draga úr losun og framkvæmanleika og hagkvæmni einstakra aðgerða í þessum efnunum. Stýrihópur leiddur af umhverfisráðuneytinu vinnur nú að aðgerðaáætlun um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Þess er vænst að hópurinn ljúki forathugun rétt fyrir COP-15 og nákvæmari athugun vorið 2010. Ísland er ekki bara að kanna möguleikana á að uppfylla eigin markmið og væntanlegar skuldbindingar eftir 2012 undir rammisamningi SP um loftslagsbreytingar, heldur einnig ESB-lög sem falla undir viðskiptakerfi ESB (ETS) og jafnframt hugsanlega byrðadreifingu.

98. Hefur Ísland áætlanir um að halda áfram með samþykkt 14/CP.7 (eins verkefnis undanþága)?

Núverandi ríkisstjórn myndi kjósa að hætta með ákvörðun 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna í litlum hagkerfum, þar sem hún skapar tvíþætt kerfi um bókfærslu útblásturs og er flókin í framkvæmd. Hins vegar þarf að taka með í reikninginn að einfalt rof á ákvörðuninni árið 2012 myndi skilja þau verkefni eftir sem nú þegar falla undir hana án fullnægjandi stoðar hvað varðar losun – bæði með tilliti til rammisamnings SP um loftslagsbreytingar og landslaga – ef ekki er tekið neitt tillit til þessarar losunar í loftslagsfyrirkomulaginu eftir 2012. Ísland heldur því opnum möguleikum á framlengingu samþykktar 14/CP.7 og fyrirmælum hennar á næsta skuldbindingartímabili og hefur sent frá sér tillögu þess efnis við loftslagsviðræðurnar. Þessi tillaga verður dregin til baka ef aðrar lausnir finnast um þá losun sem nú þegar fellur undir ákvörðun 14/CP.7.

Þau verkefni sem núna falla undir ákvörðun 14/CP.7 – álver og ein kísiljárnverksmiðja – verða hluti af viðskiptakerfi ESB (EU-ETS) árið 2013. Ísland telur að viðskiptakerfið (ETS) verði sanngjarn og fullnægjandi rammi fyrir orkufrekan iðnað með tilliti til stýringar á losun gróðurhúsalofttegunda, og óttast flókna stjórnun og hugsanlega ósamrýmanlegar reglur ef verksmiðjur þurfa bæði að framfylgja ESB-reglugerðum og sérstökum fyrirmælum sem falla undir rammisamning SP um loftslagsbreytingar, þar sem ákvörðun 14/CP.7 inniheldur mörg sértæk ákvæði. Einfalt rof á ákvörðuninni myndi líklega hafa í för með sér að verksmiðjurnar yrðu að kaupa mengunarkvóta fyrir allan sinn útblástur og yrðu þar með að starfa undir miklu strangari kröfum en aðrar verksmiðjur á Evrópska efnahagssvæðinu. Einfaldasta lausnin á vandanum sem skapast af tvívirkanði skuldbindingum og mögulega ósamrýmanlegum reglum er að gangast undir sameiginlega skuldbindingu með ESB með tilliti til nýrra hnattrænna samninga um loftslagsbreytingar. Ísland hefur því látið í ljósi áhuga á þeim möguleika að fara að fullu eftir orku- og loftslagspakka ESB, þar á meðal ákvörðun um byrðadreifingu.

Umhverfisráðherra Íslands skrifaði bréf til formennsku ESB í júní 2009, með afriti til framkvæmdastjóra umhverfismála sambandsins, þar sem farið var fram á formlegar viðræður um möguleikann á sameiginlegum framkvæmdasamningi milli Íslands og ESB undir samkomulaginu sem vænst er að náist í Kaupmannahöfn. Þetta kemur í kjölfar tveggja óformlegra funda sem haldnir hafa verið í Brussel með sérfræðingum frá ESB og Íslandi, þar sem farið hefur verið yfir tæknilegar og lagalegar spurningar varðandi möguleika á að Ísland taki þátt í ESB-„blöðrunni“ í loftslagsfyrirkomulaginu eftir 2012.

99. Hvernig hyggst Ísland innleiða loftslags- og orkupakkann sem samþykktur var í desember 2008? Hyggst Ísland líka innleiða ákvörðun um byrðadreifingu? Hvers konar gögn mun Ísland afhenda framkvæmdastjórninni? Eru einhverjir hlutar pakkans sem Ísland hyggst ekki fella inn í EES-samninginn og þá hvers vegna?

Eins og útskýrt hefur verið hér að framan hefur Ísland áhuga á að innleiða allan loftslags- og orkupakkann, ekki aðeins þá hluta hans sem felldir verða inn í EES-samninginn heldur einnig ákvörðun um byrðadreifingu. Sérfræðingar hjá umhverfisráðuneytinu og Umhverfisstofnun eru sem stendur að greina loftslags- og orkupakkann og kröfur hans til Íslands, þ.m.t. innsendingu gagna. Ísland vonast eftir svari fljótlega við beiðni sinni um viðræður um þessi málefni við ESB, eins og fram kemur í nýlegu bréfi umhverfisráðherra til formennsku ESB. Þegar formlegar viðræður hefjast verður auðveldara fyrir Ísland að gera áhrifaríkar áætlanir um innleiðingu loftslags- og orkupakkans og viðeigandi fyrirmæli hans.

100. Hvers konar ný mannvirki sem falla undir gildissvið núverandi og/eða endurskoðaðs viðskiptakerfis ESB (EU ETS) er ráðgert að tekin verði í notkun á Íslandi?

Í augnablikinu eru þrjú álver, í Straumsvík, á Grundartanga og Reyðarfirði, sem myndu falla undir endurskoðað viðskiptakerfi ESB, auk járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Sementsverksmiðjan á Akranesi fellur einnig undir viðskiptakerfið.

Eitt álver til viðbótar, í Helguvík, á suðvesturhluta Íslands, hefur fengið starfsleyfi og er nú í byggingu. Önnur verkefni eru í bígerð sem myndu falla undir endurskoðað viðskiptakerfi ESB en þar er bygging ekki hafin og starfsleyfi hefur ekki verið veitt. Í þennan flokk fellur fyrirhugað álver á Húsavík.

101. Hvernig hyggst Ísland framkvæma innleiðingu flugrekstrargeirans í viðskiptakerfi ESB? Hvers konar gögn mun Ísland afhenda framkvæmdastjórninni?

Á þeim tíma þegar samþykkt sameiginlegrar EES-nefndar var gerð árið 2007, um að fella tilskipun 2003/87/EB inn í EES-samninginn, féllu aðeins örfá mannvirki á Íslandi undir tilskipunina, sjá staðalblað og eyðublað 1 varðandi tilskipun 2003/87 í viðauka 27:101. Þetta eru tíu fiskimjölverksmiðjur og tvær neyðarráfstöðvar, sem allar voru með takmarkaða starfsemi.

Með t-lið fyrrnefndrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, sbr. viðauka við hana, eru þessi tilteknu fyrirtæki sérstaklega undanskilin gildissviði tilskipunarinnar. Í sama lið kemur fram að svo lengi sem engin önnur starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunar

2003/87/EB hefst á Íslandi þurfi íslensk stjórnvöld ekki að gera landsbundna úthlutunaráætlun.

Af framangreindum sökum hefur viðskiptakerfi ESB ekki komið að fullu til framkvæmda á Íslandi, enda hefur engin ný starfsemi hafist sem ekki er undanskilin gildissviði tilskipunar 2003/87/EB skv. framangreindri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Tilskipun 2003/87/EB var engu að síður innleidd að hluta til með lögum nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, sem samþykkt voru á Alþingi í mars 2007.

Eftir nýlegar breytingar á tilskipun 2003/87/EB er ljóst að gildissvið viðskiptakerfis ESB mun á næstu árum ná yfir ýmsa starfsemi hér á landi sem ekki var undanskilin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007. Flugstarfsemi verður felld undir kerfið frá 1. janúar 2012, sbr. tilskipun 2008/101/EB, og nýjum tegundum staðbundins iðnaðar, m.a. álframleiðslu og járnblendi, verður bætt við kerfið frá 1. janúar 2013, sbr. tilskipun 2009/29/EB.

Vinna við að innleiða tilskipun 2003/87/EB að fullu, auk tilskipunar 2008/101/EB og tilskipunar 2009/29/EB, mun hefjast á næstu mánuðum. Gert er ráð fyrir að lagt verði fram lagafrumvarp á Alþingi til innleiðingar þessara tilskipana árið 2010.

Gert er ráð fyrir því að nú í haust muni liggja fyrir upplýsingar um sögulega losun (losun árána 2004–2006) og upplýsingar um hvaða flugrekendur munu falla undir ábyrgðarsvið Íslands eftir að tilskipun 2008/101/EB verður tekin upp í EES-samninginn. Óskað hefur verið eftir aðstoð Eurocontrol við að afla þessara upplýsinga.

Nú stendur auk þess yfir undirbúningur þess að afla upplýsinga um tonn-km fyrir flugstarfsemina árið 2010 og losun frá og með árinu 2010 í starfsemi flugrekenda sem munu falla undir ábyrgðarsvið Íslands eftir upptöku tilskipunar 2008/101/EB í EES-samninginn.

Íslenskir flugrekendur sem starfa á ESB-svæðinu eru nú þegar þátttakendur í viðskiptakerfinu og falla undir ábyrgðarsvið Írlands, Bretlands og Danmerkur skv. reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar nr. 748/2009. Íslensk stjórnvöld hyggjast óska eftir því við þessa flugrekendur að til viðbótar við eftirlitsáætlanir og upplýsingar um flug innan ESB og milli ESB og þriðju ríkja, sem ætla má að þeir skili til núverandi ábyrgðarríkja sinna, geri þeir eftirlitsáætlanir og safni upplýsingum í tengslum við flug milli Íslands og þriðju ríkja.

Þar sem tilskipun 2008/101/EB hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn standa flugrekendur sem stunda innanlandsflug á Íslandi og flug milli Íslands og ríkja utan ESB enn utan viðskiptakerfisins og hafa engar lagalegar kröfur verið gerðar til þeirra um upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Íslensk stjórnvöld munu engu að síður fara þess á leit við flugrekendur sem skráðir eru á Íslandi og fljúga innanlands og/eða milli Íslands og þriðju ríkja að þeir geri eftirlitsáætlanir og hefji upplýsingasöfnun árið 2010 í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Þá er stefnt að því að afla upplýsinga, með aðstoð Eurocontrol, um flugrekendur sem skráðir eru utan Íslands og fljúga milli Íslands og ríkja utan ESB og óska eftir því að þeir geri eftirlitsáætlanir og safni upplýsingum vegna þessara flugferða.

Framangreindar óskir íslenskra stjórnvalda um eftirlitsáætlanir og upplýsingasöfnun flugrekenda hafa það að markmiði að undirbúa innleiðingu tilskipunar 2008/101/EB hér á landi og tryggja hagsmuni flugrekenda sem munu falla undir ábyrgðarsvið Íslands. Eins og fram hefur komið byggjast óskir stjórnvalda þó ekki á lagalegri skyldu og verður því ekki framfylgt með þvingunarúrræðum.

I. Erfðabreyttar lífverur

102. Lýsið stefnu ykkar varðandi erfðabreyttar lífverur. Hvaða kerfi er til staðar til að hrinda þessari stefnu í framkvæmd? Hver eru meginatriði löggjafarinnar með tilliti til líftækni?

Stefnumörkun á sviði erfðabreyttra lífvera má finna í löggjöf um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996 og reglugerð nr. 493/1997 um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera, reglugerð nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera og reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Markmið laga um erfðabreyttar lífverur er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilegan og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögnum. Stofnunin getur beitt ýmsum ráðstöfunum til að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem hún hefur tekið, sbr. 28. gr. laganna. Sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga sem umhverfisráðherra skipar, sbr. 6. gr. laganna, hefur það hlutverk að veita Umhverfisstofnun umsagnir vegna umsókna sem henni berast um leyfi á grundvelli laganna. Þá veitir hún eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna. Reglugerð nr. 68/1998 mælir fyrir um störf og hlutverk ráðgjafanefndarinnar. Ekki er að finna sérstök efnisákvæði í lögum og reglugerðum um erfðatækni.

Ísland hefur innleitt eftirfarandi tilskipanir: 90/219/EBE, 90/220/EBE, 90/679, 98/81/EB og 94/15/EB og eftirfarandi ákvarðanir ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 91/596/EBE, 92/146/EBE, 93/584/EBE, 94/211/EB, 204/2001/EB með eftirfarandi lögum og reglugerðum, sbr. meðfylgjandi samsvörunartöflu fyrir tilskipanirnar 90/219/EEC and 90/220/EEC.

- Lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996
- Reglugerð nr. 493/1997 um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera,
- Reglugerð nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.

Í mars sl. var lagt fram á Alþingi frumvarp til innleiðingar á tilskipun 2001/18/EB frá 12. mars 2001 en tilskipunin var hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 127/2007 hinn 28. september 2007. Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur og felur m.a. í sér að bætt verði við lögum nýjum kafla um upplýsingagjöf til almennings og um rétt almennings til að gera athugasemdir. Frumvarpið náði ekki fram að ganga á liðnu þingi en verður lagt fram að nýju þegar þing kemur saman á þessu hausti. Þegar frumvarpið er orðið að lögum mun ný reglugerð um erfðabreyttar lífverur verða sett og jafnframt verður þá reglugerð nr. 493/1997 felld úr gildi. Drög að nýrri reglugerð liggur nú fyrir og hefur hún farið í víðtækt umsagnarferli.

103. Hver eru lagafyrirmæli ykkar og stefna varðandi:

Áhættumat

Í 5. gr., 6. gr. og 20. gr. reglugerðar nr. 493/1997 er að finna reglur um áhættumat vegna sleppingar erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í rannsóknarskyni og áhættumat vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera. Í 4. gr. reglugerðar nr. 275/2002 er fjallað um áhættumat vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera og í 9. gr. reglugerðar nr. 276/2002 afmarkað notkun lífvera annarra en örvera.

Áhættustjórnun

Eins og fram kom í svari við spurningu 1. hefur Umhverfisstofnun eftirlit með starfsemi skv. lögum um erfðabreyttar lífverur og getur gripið til ráðsfana til að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem hún hefur tekið. Þá getur stofnunin ákveðið að sérstakar prófanir og rannsóknir fari fram eða aðrar ráðstafanir gerðar varðandi eftirlit, áður en leyfi er veitt, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 493/1997. Í e) liðar 2. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar eru ákvæði um innra eftirlit sem koma þurfa fram í áhættumati viðkomandi fyrirtækja.

Áhættukynningu

Áður en veitt eru leyfi er skv. lögum um erfðabreyttar lífverur, sem getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni margra aðila, er Umhverfisstofnun heimilt að boða til opins kynningarfundar áður en endanleg ákvörðun er tekin og skal auglýsa slíkan fund sérstaklega, sbr. 27. gr. laganna. Umhverfisstofnun er heimilt að mæla fyrir um að samráð skuli haft við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu sleppingar eða markaðssetningar erfðabreyttra lífvera, sbr. nánar í 31. gr. reglugerðar nr. 493/1997. Umhverfisstofnun skal vinna þessi mál gagnsætt að teknu tilliti til reglna um meðferð trúnaðargagna sem kveðið er á um í 29. gr. reglugerðarinnar. Eins og fram hefur komið er ætlunin að leggja fram frumvarp næsta vetur sem gerir ráð fyrir breytingu á lögum um erfðabreyttar lífverur og felur það m.a. í sér að bætt verði við lögum nýjum kafla um upplýsingagjöf til almennings og um rétt almennings til að gera athugasemdir til innleiðingar á tilskipun 2001/18/EB. Er með þessu frumvarpi verið að auka upplýsingagjöf til almennings.

Merkingu og rekjanleika erfðabreyttra lífvera

Umhverfisstofnun ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörur sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum séu því aðeins settar á markað að umbúðir og merkingar uppfylli þau skilyrði sem sett voru í leyfi til markaðssetningar, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 493/1997.

Skoðun og eftirlit

Eins og fram kemur í svari við spurningu 102 hefur Umhverfisstofnun yfirumsjón með innleiðingu löggjafarinnar, gefur út leyfi og stýrir eftirliti með starfsemi í samræmi við lögum. Stofnunin getur gripið til ýmissa ráðstafana til að framfylgja þeim ákvörðunum sem hún hefur tekið, sjá grein 28 í lögum nr. 18/1996. Stofnunin getur veitt áminningu og frest til að gera úrbætur og hún getur stöðvað starfsemi eða notkun búnaðar þegar um alvarlegri tilvik eða ítrekuð brot er að ræða eða ef aðilar sinna ekki kröfum um úrbætur innan tilskilins tíma. Umhverfisstofnun getur ákveðið að sérstakar prófanir eða rannsóknir séu framkvæmdar eða gripið sé til annarra aðgerða hvað varðar eftirlit, áður en leyfi er veitt, sjá grein 4 í reglugerð nr. 493/1997.

Notkun erfðabreyttra lífvera í öðrum tilgangi en að setja á markað (þ.e. prófanir á vettvangi)

Í V. kafla laga um erfðabreyttar lífverur og í III. kafla reglugerða nr. 493/1997 er að finna þær reglur sem gilda um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið sem sett var m.a. til innleiðingar á tilskipun 90/220/EB. Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og sækja skal um leyfi til stofnunarinnar fyrir

hverja einstöku sleppingu eða dreifingu, sbr. 13. gr. laganna. Umhverfisstofnun leggur mat á hverja umsókn á grunvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt.

Afmörkuð notkun á erfðabreyttum örverum

Um þetta er fjallað í reglugerð nr. 275/2002 en hún er sett til innleiðingar á tilskipunum 90/219/EBE, 98/81/EB og ákvörðun 204/2001/EB.

Afmörkunarráðstafanir (til aðgreiningar frá afmarkaðri notkun) t.d. í landbúnaði

Hægt er að grípa til ákveðinna aðgerða vegna meðhöndlunar erfðabreyttra lífvera, aðra en afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, eins og vegna sleppinga. Fá tilvik eru um sleppingar erfðabreyttra lífvera á Íslandi. Þegar leyfi eru veitt fyrir sleppingu og eða dreifingu erfðabreyttra lífvera eru sett skilyrði um þekkingu starfsfólks sem starfar við meðhöndlunina, ráðstafanir um afmörkun ræktunarsvæðis til að fæla frá fugla og önnur dýr, viðbrögð við frávikum, innra eftirlit og opinbert eftirlit sem og ef við á, bann við notkun reitsins í tiltekinn tíma eftir notkun reitsins við ræktun erfðabreyttrar plöntu.

Flakk erfðabreyttra lífvera milli landa utan ESB

Viðskipti við ríki utan EU er ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og því hafa reglur ESB ekki verið teknar upp hvað þetta varðar hér á landi. Lög um erfðabreyttar lífverur tilgreina ekki sérstaklega til hvaða landa flutningur erfðabreyttra lífvera skuli vera. Í 2. gr. segir að lögini taki til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera. Ennfremur að lögini taki til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær, á landi, sjó og í lofti.

J. Hávaði

104. Eru til staðar almenn lög eða stefna um hávaðamildun? Hver eru meginatriði hávaðaeftirlitsstefnu (útblastursstaðlar, skipulagsstaðlar)?

Ákvæði um eftirlit með hávaða er að finna í ýmsum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Stefna stjórnvalda varðandi hávaða kemur fram í þeirri löggjöf. Stefna stjórnvalda varðandi hávaða er að hafa löggjöfina sem mest samræmda ESB löggjöf á þessu sviði til að vernda heilsu fólks og að hávaði valdi sem minnstu ónæði. Stefna er að í íbúðarhverfum og á útivistarsvæðum sé hávaði í lágmarki.

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða tekur til hávaða af mannavöldum og reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlun kveður á um kortlagningu og mat á hávaða. Um atvinnustarfsemi sem hefur í för með sér hávaða gildir ennfremur reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Framangreindar reglugerðir eru settar með stoð í 4. og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir hefur Ísland tryggt fulla innleiðingu tilskipunar 2002/49/EB, um stjórn og mat á hávaða.

Um hávaða á vinnustöðum gilda lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. (Lög sem ná yfir aðstæður, heilbrigði, hollustuhættu og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980)

105. Yfir hvaða uppsprettur hávaða nær þessi löggjöf/stefna og hvernig er ástandið hvað snertir vegumferð, lestaumferð, flugumferð og atvinnusvæði?

Umhverfismörk eru skilgreind í reglugerðum og þar eru settar fram aðferðir við mælingar og mat á hávaða, aðferðir við mat á skaðlegum áhrifum, lágmarkskröfur fyrir hávaðakort og lágmarkskröfur fyrir aðgerðaráætlanir. Varnir gegn hávaða eru m.a. tryggðar í skipulagi.

Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlun innleiðir tilskipun 2002/49/EB um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu. Markmið reglugerðarinnar er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Reglugerðin tekur til hávaða sem fólk verður fyrir á byggðum svæðum, á útivistarsvæðum, og kyrrlátum svæðum í þéttbýli og dreifbýli, við skóla, sjúkrastofnanir og aðrar byggingar þar sem fólk er viðkvæmt fyrir hávaða.

Kortleggja skal, í samræmi við tilteknar aðferðir, hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við tilteknar aðstæður og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Kveðið er á um að nota skuli hávaðavísa Lden og Lnight til að útbúa og endurskoða hávaðakort. Viðbótar hávaðavísa skal nota þar sem umhverfismörk fyrir þá hafa verið skilgreind sérstaklega.

Veghaldari og rekstraraðili flugvallar skulu gera hávaðakort fyrir vegi og flugvelli. Sveitarstjórn skal útbúa hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði. Á þéttbýlissvæðum skal vera samvinna milli þeirra aðila sem ábyrgð bera á kortlagningu hávaða á svæðinu og skal niðurstaðan sýnd sem heildstætt hávaðakort sem sveitarstjórn gefur út. Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum skal vinna aðgerðaáætlun með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun sé gerð. Í aðgerðaáætlun skal gerð grein fyrir einstökum aðgerðum, áætluðum áhrifum þeirra og forgangsröðun. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar.

Í reglugerð nr. 724/2008 eru viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð og hvers konar atvinnustarfsemi. Við skipulagsgerð skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum um leyfilegan hávaða sem tilgreindur er í reglugerðinni. Sama á við um hönnun samgöngumannvirkja. Rekstraraðilar flugvalla og annarrar atvinnustarfsemi skulu miða rekstur sinn við að hljóðstig sem orsakast af starfseminni verði undir tilteknum mörkum.

Umhverfisstofnun skal í samstarfi við Skipulagsstofnun og önnur stjórnvöld eftir því sem við á gefa út leiðbeiningar um: meðhöndlun hljóðvistarkrafna í skipulagi og viðmiðanir um hljóðvistarkröfur í leik- og grunnskólum og annars staðar sem börn dvelja og hætta er talin á að hávaði geti valdið þeim ónæði eða verið heilsuspillandi. Þá eiga mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits að vera í leiðbeiningunum. Leiðbeiningar þessar vísa til EN og ISO staðla um hljóðvist eftir því sem við á.

Hvað umferð á vegum varðar umfram það sem frá er greint hér að framan er fjallað um hávaða frá faratækjum í 18. kafla reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja (Regulation on vehicle design and equipment).

Á Íslandi eru engar járnbrautir.

Samgönguráðuneytið, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, vinnur að reglugerð um rekstrartakmarkanir á flugvöllum til innleiðinga á tilskipun 2002/30/EB um að koma á fót reglum og málsmeðferð að því er varðar rekstrartakmarkanir vegna hávaða á flugvöllum bandalagsins. Tilskipunin mun þá gilda á Íslandi auk þeirra almennu ákvæða sem hér að framan greinir.

Um iðnaðarsvæði gildir reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun.

Í samræmi við fyrirmæli íslensku loftferðalaganna nr. 60/1998 (grein 20) er loftfar ekki lofthæft nema það uppfylli kröfur eftirlitsaðila um mengunarvarnir, þar með talið hávaða og útblástur.

Samgönguráðherra hefur meðal annars gefið út nákvæmar reglur um lofthæfi, s.s.:

- Reglugerð nr. 205/2007 um lofthæfi og umhverfisvottun loftfara og skyldra vara, íhluta og tækja. Vottun um hönnun og framleiðslu fellir eftirfarandi reglugerðir (EB) inn í lög:
 - Reglugerð nr. 1702/2003/EB
 - Reglugerð nr. 381/2005/EB
 - Reglugerð nr. 706/2006/EB
- Reglugerð nr. 266/2008 sem breytir reglugerð nr. 205/2007, tekur inn reglugerð nr. 335/2007/EB sem breytir reglugerð nr. 1702/2003/EB.
- Reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði (tekur inn reglugerð nr. 2042/2003/EB um samfelld lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á því sviði) og reglugerð nr. 1047/2007 sem breytir fyrri reglugerð (tekur inn reglugerðir nr. 707/2006/EB og 376/2007/EB).

Reglugerð nr. 1000/2005, um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir, tekur inn tilskipun 2002/49/EB um stjórn og mat á hávaða. Reglugerðin gerir ráð fyrir kortlagningu á hávaða, í samræmi við ákveðnar verklagsreglur fyrir stóra flugvelli við tiltekna aðstæður, og í henni er úttekt á því hvað þetta muni hafa áhrif á margar manneskjur. Rekstraraðilar flugvalla verða að gera hávaðakort fyrir stóra flugvelli. Í þéttbýli ætti að vera samvinna milli þeirra aðila sem bera ábyrgð á kortlagningu hávaða á svæðinu. Gerð samfellds hávaðakorts er ófrávíkjanleg skylda.

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða tilgreinir leyfilegan hámarkshávaða frá flugumferð. Reglugerðin var sett með tilvísun í tilskipun 2002/49/EB, um stjórn og mat á hávaða. Reglugerðin setur viðmið um hávaða sem stuðlar að heilsutjóni og fyrirtæki og stofnanir

verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir hávaða sem veldur truflun og/eða getur verið skaðlegur heilsu.

Reglugerð nr. 751/2007, um takmarkanir á hávaða frá þotum sem fljúga undir hljóðhraða í almenningsflugi, tekur inn tilskipun 2006/93/EB um reglur um starfrækslu flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 3. kafla 16. viðauka við Chicago-samninginn, 2. útgáfa (1988). Tilgangur reglugerðarinnar er að setja takmörk um hávaða frá þotum sem fljúga undir hljóðhraða í almenningsflugi.

Reglugerðin nær yfir loftför með hámarksþyngd við flugtak 34.000 kg eða meira, eða ef samþykkt samsetning innra byrðis loftfarsins gerir yfir 19 farþegasæti möguleg fyrir utan sæti fyrir áhöfn. Allar þotur í almenningsflugi sem fljúga á lægri hljóðhraða en tilgreindur er hér að framan, sem starfræktar eru frá flugvöllum á Íslandi, skulu fullnægja kröfum fyrsta bindis, 3. kafla, greinar II í viðauka 16 í annarri útgáfu Chicago-samningsins frá 1988.

Flugmálastjórn Íslands má veita undanþágur frá framangreindu í tilvikum loftfara með sögulegt gildi. Í einstökum tilvikum getur Flugmálastjórn Íslands veitt leyfi fyrir notkun loftfara sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar ef um tímabundna starfsemi er að ræða.

Reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, innleiðir tilskipun 96/61/EB, tilskipun 84/360/EBE og ákvörðun 96/511/EB. Reglugerðin inniheldur tilmæli um heimildir heilbrigðisstofnana til að gefa út starfsleyfi fyrir alþjóðaflugvelli og flugvelli með eða án eldsneytisþjónustu. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr hávaða frá flugumferð sem valdið getur mengun, og að innleiða samþættar mengunarvarnir og samhæfa kröfur og skilyrði í vottorðum. Enn fremur miðar hún að því að tryggja að skilyrði leyfisins sem sett eru í því skyni að draga úr tiltekinni umhverfismengun valdi ekki auknum útblæstri annars staðar í umhverfinu.

Fyrir allri starfsemi sem getur valdið mengun, þar á meðal hávaðamengun, skal vera gilt starfsleyfi. Ekki er leyfilegt að hefja starfrækslu flugvallar af þessu tagi án þess að starfsleyfi hafi verið gefið út.

Reglugerð nr. 680/1999 um ráðstafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja (grein 25, viðvíkjandi hávaðaefirliti og eftirliti með heyrn starfsmanna). Reglugerðin var samþykkt með tilliti til eftirfarandi tilskipana ráðherraráðsins sem samþykktar voru með tilvísun í framangreinda tilskipun 89/391/EBE: 89/654/EBE, 89/655/EBE, 89/656/EBE, 90/269/EBE, 90/394/EBE, 90/679/EBE, 92/58/EBE, 92/85/EBE, 91/383/EBE, 80/1107/EBE, 86/188/EBE, 83/477/EBE og 91/382/EBE.

Reglugerð nr. 678/2004 sem breytir reglugerð nr. 680/1999; innleiðir tilskipun 2000/79/EB. Reglugerð um mannvirki nr. 400/1998

Aðalskipulag ætti að vera unnið með þetta í huga: Umferð á meðan skipulagstíma stendur, byggt á úttekt á hávaða og loftmengun frá stærri samgöngumannvirkjum, t.d. flugvöllum og flugbrautum; og fjarlægð frá næsta svæði og skipulag þess.

Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur lagastoð í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, eins og þeim hefur verið breytt, sem innleiða tilskipanir 97/11/EC og 85/337/EBE í landslög. Flugvellir með 2.100 metra langa eða lengri flugbraut eru dæmi um framkvæmdir sem ávallt falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Flugvellir með styttri flugbraut en sem nemur 2.100 metrum eru dæmi um framkvæmdir sem geta haft umtalsverð umhverfisáhrif. Mat á sér stað í hverju tilviki, með tilliti til náttúrunnar, umfangs og staðsetningar, á því hvort framkvæmdin eigi að falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Hávaði frá flugvöllum fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt reglugerðinni.

Reglugerð nr. 488/1997 um almenningflug. Loftfari skal beita í samræmi við reglur um hávaðamörk viðkomandi flugvallar, nema flugmálayfirvöld hafi veitt sérstakt leyfi til að víkja frá reglum. Um borð í flugvél sem mætir ofanefndum skilyrðum, í viðauka 16, fyrsta bindi stofnskrár ICAO, staðlar um hávaðavottun, skal vera vottorð sem staðfestir framansagt.

Reglugerð nr. 491/2002 breytir reglugerð um almenningflug nr. 488/1997.

Reglugerð nr. 704/2002 breytir reglugerð um almenningflug nr. 488/1997, eins og henni hefur verið breytt.

Reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli

Staðsetning og stefna flugbrauta á flugvöllum ætti, þar sem því verður við komið, að vera með þeim hætti að lega aðkomu- og brottfararbrauta sé með þeim hætti að það lágmarki fjölda flugferða yfir svæðinu, á stöðum þar sem íbúðarbyggð og önnur svæði viðkvæm fyrir hávaða hafa verið skipulögð, til að forðast framtíðarvanda vegna hávaða.

Athugið: Leiðbeiningar um hvernig skuli takast á við vandamál sem stafa af hávaða er að finna í handbók um skipulagningu flugvalla (Airport Planning Manual), 2. hluta, og Guidance on the Balanced Approach to Aircraft Noise Management (Doc 9829), Article 3.1.2.

Aðflugsljós ættu að vera til taks þar sem þeirra er óskað svo að sjónflug sé tækt á sérstökum flugleiðum, t.d. til að forðast hættulegt landslag eða draga úr hávaða (grein 5.3.7.1).

Athugið: Leiðbeiningar um uppsetningu aðflugsljósa er að finna í Hönnunarhandbók fyrir flugvelli, 4. hluta.

Tilvísun í gerðir	Íslensk lög	Afleidd íslensk löggjöf
-	Íslensku loftferðalögin nr. 60/1998, grein 20.	
Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 Reglugerð (EB) nr. 381/2005 Reglugerð (EB) nr. 706/2006	Reglugerð nr. 205/2007	
Reglugerð (EB) nr. 335/2007	Reglugerð nr. 266/2008, sem breytir reglugerð nr. 205/2007	
Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 Reglugerð (EB) nr. 707/2006 Reglugerð (EB) nr. 376/2007	Reglugerð nr. 206/2007, breytt af reglugerð nr. 1047/2007	
Tilskipun nr. 2002/49/EB	Reglugerð nr. 1000/2005 og Reglugerð nr. 724/2008	

Tilskipun nr. 2006/93/EB	Reglugerð nr. 751/2007	
Tilskipun nr. 96/61/EB	Reglugerð nr. 785/1999	
Tilskipun nr. 84/360/EBE		
Samþykkt nr. 96/511/EB		
-	Íslensku lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1989	
	Reglugerð nr. 786/1999	
Tilskipun nr. 96/61/EB	Reglugerð nr. 680/1999, grein 25	
Tilskipun nr. 92/85/EBE		
Tilskipun nr. 80/1107/EBE og svo framvegis	Reglugerð nr. 678/2004, sem breytir reglugerð nr. 680/1999	
Tilskipun nr. 2000/79/EB	Reglugerð nr. 400/1998	
-	Reglugerð nr. 1123/2005	
	Grein 20 í lögum nr. 106/2000	
Tilskipun nr. 97/11/EB		
Tilskipun nr. 85/337/EBE	Reglugerð nr. 488/1997, breytt af reglugerðum nr. 491/2002 og nr. 704/2002	
Chicago-samningurinn ICAO-staðlar/skjöl	Reglugerð nr. 464/2007	
Chicago-samningurinn ICAO-staðlar/skjöl	-	
-		Sum fyrirmælin hafa ekki að fullu verið innleidd, s.s. tilskipun nr. 2002/30/EB, en áætlað er að þau verði innleidd

		fyrir lok nóvember 2009.
--	--	--------------------------

Fyrir iðnaðarsvæði gildir reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnustarfsemi sem getur valdið mengun.

Hávaði frá umferð er fyrst og fremst í þéttbýli (höfuðborgarsvæðið). Margvísleg starfsemi getur einnig valdið hávaða sem getur valdið óþægindum eða verið skaðlegur heilsu. Kröfur varðandi starfsleyfi fyrir atvinnustarfsemi og skipulagningu skulu koma í veg fyrir og draga úr slíkum hávaða. Ástandið á Íslandi er með þeim hætti að hávaði í þéttbýli, á meginvegum og í kringum aðalflugvelli veldur engum meiriháttar vanda. Hins vegar hefur hávaði aukist við stækkun þéttbýlissvæða.

Í eldri hverfum Reykjavíkurborgar beinist athygli heilbrigðiseftirlits borgarinnar að stöðum þar sem umferðarhávaði fer yfir 65 dB (A), með það að markmiði að bæta ástandið og draga úr hávaða. Kort sýnir dreifingu hljóðstigs í Reykjavík.³² Engar nýjar úttektir á hávaða á Íslandi eru til.

K. Almannaþarnir

106. Lýstu því hvernig þið hafið innleitt í gegnum EES-samninginn samþykkt ráðsins, 2007/779/EBE, KBE, um stofnun almannaþarnakerfis.

Ísland hefur ákvarðað tengiliði sem vinna innan almannaþarnakerfisins. Þeir vinna með meðlimaríkjunum og taka þátt í almannaþarnanefnd og öðrum tengdum verkefnum.

Ákvörðun ráðsins nr. 2007/162/EB, KBE frá 5. mars 2007 um að koma á fót sjóði á sviði almannaþarna (2007-2013) hefur verið kynnt starfsfólki og rannsóknarfólki almannaþarna. Ísland vinnur með eftirlits- og upplýsingamiðstöð ESB og CECIS neyðarboðskipta- og samskiptakerfinu og hefur tilnefnt tengiliði sína.

107. Nefnið verkefni sem þið hafið hrint í framkvæmd með fjármögnun í gegnum almannaþarnir sem stofnaðar eru með samþykkt ráðsins 2007/162/EC, KBE.

Ísland tók þátt í áætlun um sérfræðingaskipti og hópur sérfræðinga hefur þegar heimsótt THW (Almannaþarna- og hamfarastofnunina) í Þýskalandi. Ísland hefur einnig tekið á mótí sérfræðingum frá meðlimaríkjum í gegnum áætlunina.

Ísland hefur einnig tekið þátt í EVA-málstofu um þjálfun og upplýsingagjöf til almennings, sem ESB fjármagnar, til að byggja upp framsækið og sveigjanlegt kerfi til að styrkja tengslamyndun og samhæfingu á meðal almannaþarnamiðstöðva og deila reynslu, þekkingu og bestu vinnubrögðum á meðal starfsmanna og fagaðila í evrópskum almannaþörnum. Sérstök áhersla var lögð á þjálfunaráætlun vegna bandalagskerfisins.

108. Lýsið stefnu ykkar og skipulagi tengdu almannaþörnum, þar á meðal ráðstöfunum vegna alþjóðlegs samstarfs.

Ráðherra dómsmála og mannréttinda er æðsta vald á sviði almannaþarnamála á Íslandi.

Stefna ríkisstjórnar í almannaþarna- og öryggismálum er gerð af Almannaþörnum og Almannaþarnaráði fyrir þriggja ára tímabil í einu. Forsætisráðherra er formaður ráðsins og

³² (http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0000123.JPG)

meðlimir ráðsins eru ráðherra dómsmála og mannréttinda, samgönguráðherra, umhverfisráðherra, heilbrigðisráðherra, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra, auk ráðuneytisstjóra þeirra og mikilvægra stofnana innan þessara ráðuneyta, fulltrúa sveitarfélaga og sjálfboðaliðasamtaka. Ráðið getur einnig tilnefnt tvo ráðherra til viðbótar til setu í ráðinu hvenær sem er, í tengslum við sérstök málefni.

Ríkislögreglustjóri tryggir að gripið sé til ráðstafana í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í almannavarna- og öryggismálum og hefur yfirumsjón með skipulagi aðgerða í almannavörnum innanlands og aðgerða í almannavörnum sem sveitarstjórnir grípa til. Ríkislögreglustjóri hefur einnig með höndum skipulag forvarna og fræðslu og eflingu meðvitundar um almannavarnir.

Almannavarnadeild undirbýr, skipuleggur og hrindir í framkvæmd á landsvísu aðgerðum til að koma í veg fyrir og lágmarka líkams- og heilsuskaða á meðal almennings, sem og skemmdir á eignum og umhverfi, hvort sem slíkt kann að vera vegna náttúruhamfara eða af mannavöldum; faröldrum, hernaðaraðgerðum eða af öðrum orsökum, og veitir neyðarhjálp og aðstoð vegna áverka eða skemmda sem geta átt sér stað eða hafa átt sér stað. Almannavarnanefndir eru tilnefndar af sveitarstjórnnum í hverju sveitarfélagi. Nefndirnar móta stefnu og skipuleggja aðgerðir í almannavörnum á viðkomandi stað, og vinna að undirbúningi áhættumats og viðbragðsáætlana á sínum stjórnunarsvæðum, í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Neyðaraðgerðir og samhæfing á landsvísu eru á hendi Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna í Reykjavík og Umdæmismiðstöðva almannavarna, sem eru staðsettar í 15 lögregluumdæmum.

Alþjóðleg samvinna á sviði almannavarna á sér stað með Norðurlandapjóðunum, ESB, NATO og SP.

109. Hafa almannavarnayfirvöld á Íslandi umboð til alþjóðlegs samstarfs og alþjóðlegra verkefna í almannavörnum? Ef svo er, getið þið gert nákvæma grein fyrir umboðinu?

Lög um almannavarnir nr. 82/2008 kveða á um að Ríkislögreglustjóri skuli taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði almannavarna.

Almannavarnadeild hefur samskipti við aðildarríki ESB við neyðaraðstæður í gegnum CECIS neyðarboðskipta- og samskiptakerfið. Ísland hefur boðið fram sérfræðiaðstoð í almannavörnum í gegnum kerfið, aðstoð leitar- og björgunarsveita í byggð, og mun halda áfram að bjóða aðstoð í gegnum þessa boðleið. Íslandi var boðin almannavarnaadstoð í gegnum CECIS eftir jarðskjálfta í maí 2008.

Ísland er að leggja drög að því að fyrsti hluti framlags leitar- og björgunarsveita í byggð verði til reiðu á alþjóðavísu.

Meðlimir íslenskra leitar- og björgunarsveita eru hæfir sem milligöngulið samkvæmt stöðlum Hamfaramatsmiðstöðvar SP og hafa æft með Hamfaramatsmiðstöð Sameinuðu þjóðanna.

110. Eru til staðar sérstakar aðferðir og aðgerðaáætlanir til að vernda almenning við hamfarir?

Almannavarnir á Íslandi fela bæði í sér almennar og afmarkaðar áætlanir. Þessar áætlanir innihalda leiðbeiningar sem miðast að því að vernda almenning við hamfarir. Almannavarnadeild vinnur samkvæmt áhættustjórnunaráætlunum sem innihalda bæði

mótvægisúrræði og viðbúnaðaráætlanir. Meginmarkmiðin eru að draga úr eða útrýma líkamlegum áverkum og heilsuskaða meðal almennings og umhverfisskaða og eignaskaða vegna náttúruhamfara eins og flóða, eldgosa, jarðskjálfta, snjóflóða eða hamfara af mannavöldum, faraldra, hernaðaraðgerða eða annarra orsaka. Veðurstofa Íslands og Almannavarnadeild hafa afmarkaðar áætlanir um verndun almennings í 16 bæjum og þorpum á Íslandi vegna snjóflóða og skriða.